



**Réttindi og skyldur blaðamanna til tjáningar  
og miðlunar upplýsinga samkvæmt 10. gr.  
Mannréttindasáttmála Evrópu**

Karítas Þráinsdóttir

2013

ML í lögfræði

Höfundur/höfundar: Karítas Þráinsdóttir

Kennitala: 2312734929

Leiðbeinandi: Davíð Þór Björgvinsson

Lagadeild

School of Law

## Útdráttur

Mannréttindadómstóll Evrópu<sup>1</sup> felldi tvo dóma í málum íslenskra blaðamanna sumarið 2012. Kærendur til MDE töldu á tjáningarfrelsi sínu brotið samkvæmt 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu<sup>2</sup> með niðurstöðum í málum þeirra fyrir íslenskum dómstólum. Kærendur höfðu skrifað blaðgreinar á Íslandi um málefni sem hafði verið í þjóðfélagsumræðunni um nokkurt skeið. Málefnið vörðudu eigendur og starfsemi nektardansstaða og í greinunum komu fram staðhæfingar um vændi, kynlífsþjónustu, mansal og skipulagða glæpastarfsemi. Í umræðunni voru ásakanir um lögbrot og refsiverða háttsemi. Íslendingar fullgiltu MSE á árinu 1953. Árið 1994 var sáttmálanum veitt lagagildi hér á landi en það var talið nauðsynlegt á þessum tíma þar sem íslensk lagaákvæði gengu þvert á Mannréttindasáttmála Evrópu. Í ritgerð þessari er fjallað um fyrrgreinda dóma MDE ásamt því að rannsakaðir eru nokkrir dómur sama dómstóls þar sem reynt hefur á 10. gr. MSE. Mismunandi aðferðir íslenskra dómstóla og MDE eru rannsakaðar, en niðurstöður í málum íslensku blaðamanna fyrir þessum dómstólum voru ólíkar. Reynt verður að svara þeirri spurningu hverjar séu skyldur og réttindi blaðamanna til tjáningar og miðlunar upplýsinga samkvæmt 10. gr. MSE með hliðsjón af sáttmálanum. Einnig verða bornar saman dómsniðurstöður, bæði hjá héraðsdómi Reykjavíkur og Hæstarétti Íslands og hjá MDE og leitað skýringa á því af hverju þessir dómstólar komast að ólíkum niðurstöðum í málum sem varða mikilvæga þætti tjáningarfrelsis blaðamanna.

---

<sup>1</sup> Hér eftir skammstafað MDE

<sup>2</sup> Hér eftir skammstafað MSE

## **Abstract**

The European Court of Human rights passed in the summer of 2012 two judgments in cases of two Icelandic journalists. Applicants to the European Court of Human rights, the journalists Björk Eiðsdóttir and Erla Hlynsdóttir, alleged a violation of Article 10 of the Convention of Human rights on account of the judgment of the Icelandic Supreme Court. The applicants had written articles in a national newspaper and a weekly paper in Iceland on subjects that had been a part of public debate and information for some time at the time of publication. The cases both concerned the owners and activities of strip clubs and there were allegations of prostitution, sexual services, human trafficking and organized crime. In the public discussion there were allegations of law breaking and illegal activities. The European Convention on Human Rights became a part of Icelandic law in 1994 but Iceland became a member of the Convention as early as 1953. In 1994, the Treaty was given the force of law in this country, but it was considered necessary at this time where the Icelandic legal provisions were contrary to the ECHR. The incorporation of the Convention in 1994 into Icelandic law was necessary as various laws in Iceland were contrary to the European Convention. In this thesis the main issue is an analysis of the two judgments passed by the European Court of Human rights in the cases from the summer 2012 as well as examining some related cases of the Court with the purpose of studying the main principles concerning the freedom of expression according to Article 10 of The Convention. This thesis will also try to examine the different methods and results in the cases of the Icelandic journalists in the court cases in Reykjavík and Strasbourg.

The thesis also tries to answer basic questions of rights and obligations of journalists as regards freedom of expression and distribution of information according to the interpretation of Article 10 of the Convention. It is also the purpose of the thesis to compare the judgments of the Icelandic courts with those of the European Court of Human rights to try to shed some light on and explain why these courts come to different conclusions in cases that are so important for the freedom of expression of journalists. By also studying the responses of experts in European human rights law it is the purpose to try to answer why these different judgments were passed in the courts in Reykjavík and Strasbourg.

## Formáli

Lokaverkefni þetta, til meistaraþráðu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík, var unnið vorið 2013. Viðfangsefnið var að skoða tvo dóma MDE sem féllu sumarið 2012 á sviði mannréttinda. Ástæðan fyrir valinu voru tveir íslenskir dómar sem féllu í Hæstarétti annars vegar Hrd. 328/2008 og hins vegar Hrd. 104/2009, en þeir urðu tilefni kæru til MDE sem komst að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið á tjáningarfrelsi blaðamanna. Einnig verður fjallað um nokkra aðra dóma MDE sem fjalla um tjáningarfrelsið og skyldur og réttindi blaðamanna.

Með því að skoða nokkra dóma sem fjalla um framkvæmd tjáningarfrelsis blaðamanna, annars vegar í ríkjum Evrópu og hins vegar hjá MDE, verður reynt að álykta um þær meginreglur sem MDE hefur miðað við í dómum sínum. Af rannsókn þessari má sjá hvernig MDE hefur skilgreint stöðu blaðamanna, skyldur þeirra og réttindi, er viðkemur því að flytja almenningi upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir umræðu um þjóðfélagsmál, stjórnsmál eða önnur mál sem snerta mikilvæga hagsmuni almennings.

Leiðbeinandi ritgerðarinnar, Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, fær mínar hjartans þakkir fyrir góða leiðsögn. Bróðir minn, Jón Elías Þráinsson, fær bestu þakkir fyrir aðstoð við yfirlestur. Ragna S. Ragnarsdóttir lögfræðingur fyrir yfirlestur og góðar ábendingar og Elsa Grímsdóttir fyrir góðar ábendingar. Foreldrar mínir, sem eru mínar fyrirmyndir og hvöttu mig áfram í námi, þau Þráinn Hallgrímsson og Þórunn Karítas Þorsteinsdóttir, fá einnig mínar bestu þakkir fyrir yfirlestur, ábendingar, endalause þolinmæði og tíma sem þau eru alltaf tilbúin að gefa mér og er meira virði en orð fá lýst. Ég ein ber þó ábyrgð á efni ritgerðarinnar, uppbyggingu og framsetningu, sem og þeim misfellum sem á henni kunna að vera.

---

Karítas Þráinsdóttir  
Reykjavík 12. desember 2013

## Efnisyfirlit

Útdráttur .....	I
Abstract .....	II
Formáli .....	III
Dómaskrá .....	3
Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu .....	3
Dómar Hæstaréttar Íslands .....	4
Dómar Héraðsdóms Reykjavíkur .....	4
Lagaskrá .....	4
Alþingistíðindaskrá .....	4
Skrá yfir þjóðréttarsamninga .....	5
Inngangur .....	6
1. Tjáningarfrelsiákvæði 10. gr. MSE .....	8
1.1. <i>Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi og Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi</i> .....	11
1.2. <i>Mál Bjarkar Eiðsdóttur</i> .....	11
1.3. <i>Mál Erlu Hlynsdóttur</i> .....	14
1.4. <i>Mál Þorgeirs Þorgeirssonar</i> .....	16
2. Lög nr. 57/1956 um prentrétt .....	18
3. Nýju fjölmiðlalögin .....	19
3.1. <i>Markmið ábyrgðarreglna</i> .....	19
3.2. <i>Ábyrgðarreglur nýjar og gamlar</i> .....	20
3.3. <i>Eldri lög og lagaákvæði sem fallið hafa úr gildi</i> .....	21
3.4. <i>51. gr. fjölmiðlalaganna nr. 38/2011</i> .....	22
3.5. <i>Ábyrgð á fyrirsögnum í blaðagreinum</i> .....	22
4. Aðferðafræði Mannréttindadómstólsins er varðar 2. mgr. 10. gr. MSE .....	23
4.1. <i>Skilyrði MDE uppfyllt eða ekki</i> .....	24
4.2. <i>Mál Pedersen og Baadsgard gegn Danmörku og mál íslensku blaðamannanna</i> .....	25
4.3. <i>Mál Bjarkar Eiðsdóttur og „nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi“ MDE</i> .....	26
4.4. <i>Mál Erlu Hlynsdóttur og „nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi“ MDE</i> .....	27
4.5. <i>Athugasemdir við dóminn</i> .....	28
5. Siðareglur Blaðamannafélags Íslands .....	29
6. Meðalhófsregla .....	30
7. MDE og 10. gr. MSE .....	33
8. Ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar .....	34
9. Dómar MDE .....	40

9.1. „Thalidomide“ málið .....	41
9.2. <i>Lingens</i> málið .....	43
9.3. <i>Castells</i> málið .....	45
9.4. <i>Jersild</i> málið .....	47
9.5. <i>Goodwin</i> málið .....	49
9.6. <i>Bladet Tromso and Stensaas</i> málið .....	51
9.7. <i>Thoma</i> málið .....	52
9.8. <i>Perna</i> málið .....	53
9.9. <i>Selistö</i> málið .....	54
10. Tölfræði MDE .....	54
11. Ólík sjónarmið um túlkun MSE .....	56
12. Skoðanir fræðimanna .....	59
13. Samantekt og niðurstaða .....	61
Heimildaskrá .....	68
Netheimildir .....	69
Fylgiskjöl .....	70

## **Dómaskrá**

### **Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu**

- ECHR, Barford gegn Danmörku mál nr. 15890/89 (1989).
- ECHR, Baskaya og Okcuoglu g. Tyrklandi mál nr. 24408/94 (1999).
- ECHR, Björk Eiðsdóttir g. Íslandi mál nr. 46443/09 (2012).
- ECHR, Bladet Tromso and Stensaas g. Noregi mál nr. 21980/93 (1999).
- ECHR, Castell g. Spáni mál nr. 11798/85 (1992).
- ECHR, Erla Hlynisdóttir g. Íslandi mál nr. 43380/10 (2012).
- ECHR, Feldek g. Slóvakíu mál nr. 29032/95 (2001).
- ECHR, Fressoz og Roire g. Frakklandi nr. 29183/95 (1999).
- ECHR, Goodwin g. Bretlandi mál nr. 17488/90 (1996).
- ECHR, Handyside g. Bretlandi mál nr. 5493/72 (1976).
- ECHR, Hannover g. Þýskalandi mál nr. 59320/00 (2004).
- ECHR, Jersild g. Danmörku mál nr. 15890/89 (1994).
- ECHR, Lingens g. Austurríki mál nr. 9815/82 (1986).
- ECHR, Observer og Guardian g. Bretlandi mál nr. 13585/88 (1991).
- ECHR, Pedesen og Baadsgaard g. Danmörku mál nr. 49017/99 (2004).
- ECHR, Perna g. Ítalíu mál nr. 48898/99 (2003).
- ECHR, Piermont g. Frakklandi mál nr. 15773/89 (1995).
- ECHR, Plon g. Frakklandi mál nr. 58148/00 (2004).
- ECHR, Selistö g. Finnlandi mál nr. 567667/00 (2004).
- ECHR, Sunday Times (No. 1) g. Bretlandi mál nr. 6538/74 (1979).
- ECHR, Soering g. Bretlandi, mál nr. 14038/88 (1989).
- ECHR, Thoma g. Luxemborg mál nr. 38432/97 (2001).
- ECHR, Þorgeir Þorgeirsson g. Íslandi mál nr. 13778/88 (1992).

### **Ákvörðanir:**

De Geillustreerde Press gegn Hollandi. Ákvörðun MNE frá 6. júlí 1976 í máli nr. 5178/71, D&R 8, 5.

## **Dómar Hæstaréttar Íslands**

Hrd., 16. febrúar 1995 Kristján Þorvaldsson, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir og Blað hf gegn Gallerí Borg hf og Úlfari Þormóðssyni og gagnsök Hrd., 24. Apríl 2002 , nr. 461/2001, Ákærvaldið gegn Hlyni Frey Vigfússyni.

Hrd., 25. febrúar 1999, nr. 252/1998, Ákærvaldið gegn Íngólfi Erni Margeirssyni.

Hrd., 1. mars 2007, nr. 278/2006, Garðar Örn Úlfarsson gegn Ásbirni K. Morthens og Ásbjörn K Morthens gegn Garðari Erni Úlfarssyni og 365 Prentmiðlum ehf.

Hrd., 5. mars 2009, nr. 328/2008, Ásgeir Þór Davíðsson gegn Björk Eiðsdóttur og Guðrúnu Elínu Arnardóttur.

Hrd., 30. apríl 2009, nr. 475/2008, Jón Trausti Reynisson og Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir gegn Ásgeiri Þór Davíðssyni.

Hrd., 18. febrúar 2010, nr. 104/2009, Helga Haraldsdóttir gegn Ólöfu Ósk Erlendsdóttir, Magnúsi Einarssyni og Erlu Hlynsdóttur og Erla Hlynsdóttur gegn Helgu Haraldsdóttur.

Hrd., 11. mars 2010, nr. 454/2009 Rúnar Þór Róbertsson gegn Sigurjóni Magnúsi Egilssyni og Erlu Hlynsdóttur.

## **Dómar Héraðsdóms Reykjavíkur**

Héraðsdómur Reykjavíkur, 21. desember 2009, Viðar Már Friðfinnsson gegn Erlu Hlynsdóttur.

## **Lagaskrá**

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

Lög um fjölmiðla nr. 38/2011.

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994.

Lög um prentrétt nr. 57/1956.

Útvarpslög nr. 53/2000.

Skaðabótalög nr. 50/1993.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993.

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

## **Alþingistíðindaskrá**

Alþt. 2010-11, A-deild, 215-198. mál.



Alþt. 1995, A-deild, 119-1. mál.

Alþt. 1867, A-deild, 11 þing, síðari partur 48.

Alþt. 1992-1993 A-deild bls. 3204-3205, 3294.

Alþt. 1994-95, A-deild, 2103, 2104, 2883, 3885

Alþt. 1867, A- deild, síðari partur 48

Alþt. 1951, D-deild, 239-241

Alþt. 1994, A-deild, þskj. 2079- 2080

### **Skrá yfir Þjóðréttarsamninga**

Mannréttindasáttmáli Evrópu<sup>3</sup>

Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnómálaleg réttindi, sem gerður var á vegum Sameinuðu þjóðanna og birtur með auglýsingu nr. 10/1979.

---

<sup>3</sup> [http://www.echr.coe.int/Documents/Convention\\_ENG.pdf](http://www.echr.coe.int/Documents/Convention_ENG.pdf) sótt 10.11.2013.

## Inngangur

Sumarið 2012 tók MDE fyrir tvær kærur frá íslenskum blaðamönnum, þeim Erlu Hlynsdóttur og Björk Eiðsdóttur, en niðurstöður í meiðyrðamálum gegn þeim fyrir íslenskum dómstólum urðu þeim óhagstæðar. Þær töldu að tjáningarfrelsi þeirra væri takmarkað án þess þó að það væri „*naudsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi*“ sem er eitt af þeim skilyrðum sem fram koma í 2. mgr. 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu<sup>4</sup> til að takmarkanir á tjáningarfrelsi verði réttlættar. Í niðurstöðu MDE í máli Bjarkar Eiðsdóttur sagði meðal annars: „... *rökstuðningurinn sem ríkið byggir á nægir ekki, þótt hann væri talinn viðeigandi, til þess að sýna fram á að hin kærðu afskipti hafi verið „naudsynleg í lýðræðislegu samfélagi*“. Að mati dómsins var ekki gætt edlilegs meðalhófs milli þeirra hafta sem leiddu af ákvörðun Hæstaréttar varðandi rétt kæranda til tjáningarfrelsis og þess lögmeta markmiðs sem stefnt var að. Af því leiðir að brotið hefur verið gegn 10. gr. Mannréttindasáttmálans“.<sup>5</sup> &<sup>6</sup> Niðurstaðan í máli Erlu Hlynsdóttur var samhljóða niðurstöðunni í máli Bjarkar Eiðsdóttur.

Tjáningarfrelsi telst til grundvallarmannréttinda, sbr. meginreglu 10. gr. MSE þar sem segir í 1. mgr.: „*Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis*“. Frá þessari meginreglu eru svo undantekningar sem eru háðar skilyrðum sem koma fram í 2. mgr. 10. gr. MSE en þar segir varðandi takmarkanir; „... *formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og naudsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla*“. Aðildarríki MSE geta takmarkað tjáningarfrelsi á fyrrgreindum forsendum en hér á landi ber að líta til 73. gr. íslensku stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.<sup>7</sup>

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er tjáningarfrelsi blaðamanna. Hver séu réttindi og skyldur blaðamanna til tjáningar og miðlunar upplýsinga samkvæmt 10. gr. MSE og hvar mörk tjáningarfrelsis blaðamanna liggja. Tilefni ritgerðarinnar eru fyrrgreindir dómar frá íslenskum dómstólum en þeir tengjast umræðu sem fór fram á Íslandi um vændi, kynlífsþjónustu, mansal og skipulagða glæpastarfsemi. Í umræðunni voru hafðar uppi áskanir um lögbrot og

<sup>4</sup> Hér eftir MSE – MSE var birtur með auglýsingu nr. 11/1954 stjórnartíðindi A deild.

<sup>5</sup> Björk Eiðsdóttir g. Íslandi kæra nr. 46443/09 mgr. 83.

<sup>6</sup> Erla Hlynsdóttir g. Íslandi kæra nr. 43380/10 mgr. 74.

<sup>7</sup> Hér eftir nefnd stjórnarskrá

refsiverða háttsemi. Umræðan snerti brýn þjóðfélagsmálefni sem náðu alla leið inn í sali Alþingis.

Markmið rannsóknarinnar er að skoða meginreglur varðandi tjáningarfrelsi blaðamanna og niðurstöður úr dómum MDE í málum blaðamannanna Erlu Hlynsdóttur og Bjarkar Eiðsdóttur. Niðurstöður MDE eru bornar saman við niðurstöður úr dómum Hæstaréttar Íslands og Héraðsdómi Reykjavíkur. Niðurstöður í málunum fyrir mismunandi dómstólum voru gjörólíkar. Skoðaðir verða aðrir dómar MDE, í málum þar sem meginreglurnar um tjáningarfrelsi blaðamanna eru skýrðar og gerð grein fyrir þeim.

Það er áleitin spurning hvers vegna niðurstaða íslenskra dómstóla var á þá leið sem rakin verður hér í þessari ritgerð. Þegar niðurstöður eru bornar saman í málum annars vegar fyrir MDE, og hins vegar fyrir íslenskum dómstólum má velta fyrir sér af hverju íslenskir dómstólar fara ekki eftir dómafordæmum MDE og líti ekki enn meira en þeir gera til MSE, þegar Ísland hefur skuldbundið sig að landsrétti til að fara eftir sáttmálanum. Dómafordæmi MDE, sérstaklega niðurstaða í Jersild málinu, sem verður gerð frekari skil síðar í ritgerðinni, er keimlíkt málum íslensku blaðamannanna að mörgu leyti. Fordæmi sem íslenskir dómstólar hefðu getað fylgt, þar sem þar var búið að draga fram helstu meginreglur sem búa að baki 10. gr. MSE. Íslenskir dómstólar virðast ekki fara eftir dómafordæmum MDE né þeim meginreglum sem dregnar eru skýrt fram í þeim dómum MDE sem reifaðir eru í þessari ritgerð.

Rannsakað verður hvaða meginreglur liggja til grundvallar 10. gr. MSE og þá einkum hvernig MDE metur rökstuðning í dómnum frá Hæstarétti Íslands og héraðsdómi Reykjavíkur. Nokkrir dómar MDE verða rannsakaðir til að fá skýra mynd á því hvað það er sem MDE leggur til grundvallar við mat á hvort um brot hafi verið að ræða á 10. gr. MSE. Þá verða einnig skoðuð þau íslensku lagaákvæði sem við eiga.

Heimilda var leitað í dómum MDE, dómum Hæstaréttar Íslands, dómi frá Héraðsdómi Reykjavíkur, ritum um tjáningarfrelsið og bókum um dóma sem varða tjáningarfrelsið og vefsíðum um sama efni. Lög voru skoðuð og fræðiefni tengt efninu rannsakað.

## 1. Tjáningarfrelsiákvæði 10. gr. MSE

Í 10. gr. laga nr. 62/1994 um MSE, sem lögfestur var hér á landi þann 19. maí 1994, er kveðið á um tjáningarfrelsið. Markmið MSE og tilgangur er mannfrelsi, réttlæti og friður sem vilji er til að tryggja í aðildarríkjum MSE. Það er best gert með því að hafa virkt lýðræði í aðildarríkjunum og að fullur skilningur sé á að mannréttindi verði að hafa í heiðri. Mikilvægt er að tryggja að í hverju aðildarríki sé raunveruleg vernd mannréttinda til staðar.<sup>8</sup> Af þessu má ráða að megin tilgangur og markmið MSE er að tryggja mannréttindi. Því ber að túlka allar takmarkanir þröngt og séu settar takmarkanir á tjáningarfrelsið verða heimaríki að sýna fram á nægilega sterk rök sem styðja við aðgerðir þeirra í þeim takmörkunum sem þau setja hverju sinni.

Ákvæði 10. gr. MSE er svohljóðandi:

*Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.*

*Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.*

Fjölmiðlafrelsi er hluti af tjáningarfrelsinu, en það er hvorki tryggt berum orðum í 10. gr. MSE né 73. gr. stjórnarskrárinnar.<sup>9</sup> Í 10. gr. MSE er rætt um frelsið til að „taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum“ en segja má að það sé eitt af meginhlutverkum fjölmiðla og blaðamanna.<sup>10</sup>

Samkvæmt 10. gr. MSE þá eru takmarkanir á réttindum þeim sem tjáningarfrelsið er í 2. mgr. 10. gr. MSE. Samkvæmt MSE þurfa takmarkanir að uppfylla þrjú skilyrði varðandi 10. gr. MSE og eru þau talin upp í 2. mgr. ákvæðisins. Í fyrsta lagi, verður að hafa verið mælt fyrir

<sup>8</sup> Soering g Bretlandi mál nr. 14038/88 Series A, Vol 161, mgr. 87.

<http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-57619> sótt 20.04.2013.

<sup>9</sup> Hér eftir nefnd stjórnarskrá.

<sup>10</sup> Hörður Einarsson, „Tjáningarfrelsi og skoðanafrelsi. Sérstaklega í umræðum um almenn málefni. Afmælisrit Davíð Oddson fimmtugur“ (Bókafélagið 1998) 493.

um takmörkun á tjáningarfrelsi í lögum með skýrum hætti, samanber.: „er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um“. Í öðru lagi þarf takmörkunin að stefna að einhverjum þeim markmiðum sem koma fram í ákvæðinu, það er að segja „þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum“... , Í þriðja lagi er það nauðsynlegt skilyrði að takmörkunin sé „nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi“. Síðastnefnda skilyrðið er afar vandmeðfarið, þar sem gæta skal meðalhófs við mat á því hvað sé nauðsynlegt þegar takmarka á tjáningarfrelsið. Að beita meðalhófi við mat á því hvað sé nauðsynlegt í lýðræðisþjóðfélagi kallar á að andstæðum hagsmunum sé velt upp.<sup>11</sup>

Hagsmunir almennings af því að fá upplýsingar um málefni og hagsmunir einstaklinga sem jafnvel eru aðilar að dómsmáli, geta verið gerólíkir og því nauðsynlegt að meta í hverju tilviki fyrir sig hvorir hagsmunirnir eru ríkari. Röksemdir sem notaðar eru til takmarkana á tjáningarfrelsinu verða að eiga sér stoð í þeim lögmætu markmiðum sem talin eru upp í 10. gr. MSE. Eins og áður hefur komið fram verða þau alltaf að vera fullnægjandi til að geta náð því lögmæta markmiði sem að er stefnt.<sup>12</sup>

Um takmarkanir tjáningarfrelsisins er hægt að lesa úr viðkomandi lagaákvæðum í hverju tilviki, svo það reynist aðildarríkjum yfirleitt auðvelt. Hitt, varðandi það að ná fram lögmæltum markmiðum, er á sama hátt yfirleitt nokkuð auðvelt að sýna fram á, eins og lesa má úr dómum MDE. Þriðja og síðasta skilyrðið, sem er mat aðildarríkis um það hvort takmarkanir séu og teljist nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi, er oftast það skilyrði sem aðildarríkin eiga erfiðast með að rökstyðja, samkvæmt dómum MDE. En það er einnig það skilyrði sem dómur MDE byggjast yfirleitt helst á og kærendur vinna mál sín á, varðandi 10. gr. MSE eins og við munum komast að í þessari ritgerð.

Mat aðildarríkjanna felst í því að meta annars vegar það markmið sem stefnt er að og hins vegar þær afleiðingar sem takmarkanir eru taldar hafa á tjáningarfrelsið. MDE horfir sérstaklega á orðið „nauðsyn“ í þessu tilliti. Hvort það sé knýjandi „nauðsyn“ að takmarka tjáningarfrelsið í viðkomandi tilviki það er að segja í hverju máli fyrir sig. MDE tekur fyrir hvert og eitt mál eins og það kemur fyrir. Það lítur til takmarkana í hverju máli fyrir sig og metur hvort að niðurstaða dómstólsins í heimaríki séu þannig að takmarkanir hafi verið

<sup>11</sup> Björg Thorarensen, Stjórnskipunarréttur „Tjáningarfrelsi“ (Bókaútgáfan Codex 2008) 350.

<sup>12</sup> Sjá nr. 9 að ofan 55.

hóflegar, að teknu tilliti til þess lögmæta markmiðs sem að var stefnt. Rök heimaríkisins skipta máli í þessu samhengi, hvort þau séu næg til að réttlæta takmarkanirnar.<sup>13</sup>

Ef hlutverk fjölmiðla er skilgreint þá er eitt af hlutverkum þeirra að flytja fréttir af þeim atburðum í þjóðfélaginu sem eru frétt næmir. Blaðamenn gæta almannahagsmuna gagnvart valdhöfum, og fræða og upplýsa almenning. Með því gæta þeir að lýðræði í landinu, gæta að því að réttlæti sé viðhaft og almenningur í landinu hafi þá mögulega frekar en ella að hafa skoðanir á menningu og samfélaginu í heild.<sup>14</sup> Það er í verkahring blaðamannanna sjálfra að meta hvað er frétt næmt og hvað á erindi við almenning í lýðræðisþjóðfélögum. Almenningur á rétt á upplýsingum. Það er til þess að almenningur geti átt þess kost að mynda sér skoðanir á margvíslegum málefnum samfélagsins. Þessi málefni geta verið á öllum sviðum mannlífsins, eins og í stjórnmálum, málum stórfyrirtækja, málefnum sem snerta heilbrigðismál svo fátt eitt sé nefnt. Fjölmiðlar hafa einnig því hlutverki að gegna að koma á framfæri málefnum sem geta verið óþægileg fyrir þá sem eiga í hlut. Mikilvægt er að sammingsríkin verndi tjáningarfrelsið, þar sem annars er hætt við að eignarhald á fjölmiðlum og samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, geti orðið til þess að tjáningarfrelsið verði takmarkað og fjölbreytileiki fjölmiðlunar fái ekki notið sín. Slíkt getur haft í för með sér að troðið sé á tjáningarfrelsinu án fullrar vitundar almennings.<sup>15</sup>

Þrátt fyrir að fjölmiðlafrelsis sé ekki getið í 10. gr. MSE þá er fjölmiðlafrelsi stór þáttur í tjáningarfrelsinu. Í fjölmiðlum fer fram umræða um það sem gerist úti í þjóðfélaginu hvort sem það varðar pólitík eða annað á vettvangi mannlífsins. Umræðan sem skapast í kjölfar fjölmiðlafrelsis er svo einkenni lýðræðislegs þjóðfélags. Fjölmiðlar geta haft hemil á því sem yfirvöld gera, enda má lesa úr dómum MDE að fjölmiðlar endurspegli grundvallargildi sem lýðræðisleg þjóðfélög hafa sem er fjölbreytni og fjölhyggja.<sup>16</sup> Vernd 10. gr. MSE nær því til prentmiðla, hljóðvarps og sjónvarps.<sup>17</sup>

<sup>13</sup> Observer og Guardian g Bretlandi, Series A, Vol 216, 30. mgr. 59 (1991).

<sup>14</sup> Denis McQuail: Mc Quail's Mass Communication Theory, 5. útgáfa, 218-219.

<sup>15</sup> Sjá nr. 9 að ofan 63-64.

<sup>16</sup> De Geillustreerde Press gegn Hollandi. Ákvörðun MNE frá 6. júlí 1976 í máli nr. 5178/71, D&R 8, bls 5.

<sup>17</sup> Jersild v. Denmark judgement of 23 September 1994, series A No. 298, mgr. 31-35.

<http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-57891>

### ***1.1. Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi og Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi***

Í málum blaðamannanna Bjarkar Eiðsdóttur<sup>18</sup> og Erlu Hlynsdóttur,<sup>19</sup> sem þær kærðu til MDE, var niðurstaða dómstólstólsins sú í báðum tilvikum að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsinu sem kveðið er á um í 10. gr. MSE.<sup>20</sup>

Þær blaðgreinar sem um var að ræða var grein eftir blaðamanninn E, sem hún skrifaði í dagblaðið DV þann 26. febrúar 2009 og fjallaði um meinta árás sem sögð var hafa átt sér stað á nektardansstað í Reykjavík.

Hina greinina skrifaði blaðamaðurinn B og birt var í tímaritinu Vikunni þann 23. ágúst 2007. Fjallaði hún um aðstæður kvenna sem unnið höfðu sem dansarar á nektardansstaðnum Goldfinger. Í báðum tilvikum voru greinarnar innlegg í opinbera umræðu sem verið hafði í gangi á Íslandi um hvort nektardansstöðum fylgdi ólögleg starfsemi. Jafnframt hafði verið í umræðunni hvort herða skyldi reglur um slíka staði og jafnvel hvort banna ætti starfsemi slíkra staða.

Mál E er hliðstætt máli B að því leyti, að í báðum málunum voru blaðamennirnir sakfelldir á Íslandi fyrir ærumeiðingar, en einnig að því leyti að það voru viðmælendur þeirra sem létu ummælin falla. Blaðamennirnir töldu sig í báðum tilvikum vera að sinna því hlutverki að koma mikilvægum upplýsingum sem þeir höfðu undir höndum áfram til almennings. Í 2. mgr. 15 gr. prentлага nr. 57/1956 sagði að sá bæri ábyrgð á grein sem væri höfundur hennar. Þessa grein studdust dómarrar Héraðsdóms Reykjavíkur við í máli E og dómarrar við Hæstarétt Íslands í máli B, og komust að þeirri niðurstöðu að þær sem greinarhöfundar bæru ábyrgð á ummælum þeim sem voru látin falla í umræddum greinum.

### ***1.2. Mál Bjarkar Eiðsdóttur***

Hérd Rkv. 4. apríl 2008 (E-5901/2007): Á höfðaði mál á hendur blaðamanninum B sem starfaði á tímaritinu Vikunni, ritsjóranum G og fyrrum starfsstúlku sinni L, vegna greinar sem birtist í tímaritinu Vikunni. Á krafðist þess að ákveðin ummæli sem komu fram í grein eftir blaðamanninn B yrðu dæmd dauð og ómerkt og krafðist miskabóta. Við aðalmeðferð málsins féll Á frá öllum kröfum á hendur L en hélt til streitu kröfu sinni á B og G. B og G kröfðust sýknu af dómkröfum Á. Niðurstaða málsins fyrir héraðsdómi var sú að B og G voru sýknaðar af kröfu Á. Héraðsdómur taldi að fyrrum starfsstúlka Á, L

<sup>18</sup> Hér eftir vísað til með bókstafnum B.

<sup>19</sup> Hér eftir vísað til með bókstafnum E.

<sup>20</sup> Sjá nr. 5 að ofan 83. og sjá nr. 6 að ofan 74.

bæri ábyrgð á ummælum þeim sem Á vildi fá dæmd dauð og ómerkt og því væri ekki hægt að gera blaðamanninn B eða ritstjórnann G ábyrgan fyrir orðum hennar.

Hrd. 5. mars 2009 nr. 328/2008: Í niðurstöðu Hæstaréttar sagði að þar sem B væri höfundur greinarinnar þá bæri hún ábyrgð á ummælum þeim sem um ræddi ásamt millifyrirsögnum með vísun í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt. B var fundin sek um að hafa borið ábyrgð á ummælum sem fólu í sér æðumeiðandi aðdróttanir í garð Á. Þar sem Á var á brýn borin ákveðin refsiverð háttsemi hafi B verið sek um að fullyrða um staðreyndir, en það rúmist ekki undir 73. gr. Stjórnarskrá Íslands.

Málavextir voru á þá leið að í ágúst árið 2007 var birt grein í tímaritinu Vikunni þar sem blaðamaðurinn B hafði tekið viðtal við stúlku (L) sem hafði starfað sem nektardansmæri við nektardansstaðinn Goldfinger í Kópavogi. L hafði að fyrra bragði sett sig í samband við Vikuna þar sem hún vildi segja sögu sína eftir að hafa lesið frásögn kynsystra sinna sem höfðu starfað sem nektardansarar. Þær höfðu sagt sögu sína í tímaritinu nokkru áður og fjallað um störf sín á nokkuð jákvæðan hátt. L hafði aðra sögu að segja og vildi koma á framfæri sinni sögu af þeirri starfsemi sem þar fór fram, starfsaðstæðum stúlkanna sem þar unnu, vændi sem hún taldi að þar færi fram og frelsissviptingu erlendra stúlkna sem komu til að vinna sem nektardansmeyjar. Í greininni voru höfð eftir L ummæli þau sem urðu tilefni til meiðyrðamáls. Stefnda hafði lagt fram sönnunargögn í málinu en það var skýrsla frá sendiráði Bandaríkjanna, þar sem fram kom að starfsmaður frá sendiráðinu hafði farið í rannsóknarleiðangri inn á umræddan nektardansstað og hafði þar verið boðin kynlífsþjónusta. Í sjónvarpsviðtali við Á hafði hann viðurkennt að á nektardansstað hans hefðu komið upp tilvik þar sem staðfest væru vændiskaup. Þá hafði lögregla höfuðborgarsvæðisins lagst gegn því að endurnýja vínveitingarleyfi staðarins vegna ólöglegrar starfsemi sem þar var talin hafa farið fram. Stefnandi (Á) var eigandi nektardansstaðarins Goldfinger og stefndu voru blaðamaðurinn B og ritstjóri Vikunnar, G og L en það var viðmælandi B í umræddri grein og fyrrum starfsstúlka hjá Á. Á meðan á rekstri málsins stóð gerði stefnandi sátt við L og féll frá dómsmálinu á hendur henni. Niðurstaða í Héraðsdómi Reykjavíkur í apríl 2008 varð sú að stefndu, blaðamaðurinn og ritstjórninn, voru sýknaðar af öllum kröfum stefnanda á hendur þeim. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar Íslands og fór málið á þann veg að stefnandi vann málið gegn stefnda, blaðamanninum, þar sem ummæli sem viðmælandi hennar hafði látið hafa eftir sér í umræddri blaðgrein voru talin ærumeiðandi. Stefnda var talin bera ábyrgð á þeim ummælum sem komu fram í greininni, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956. Í dómnum segir m.a. um ummæli stefndu, að stefnanda hafi verið „...borin á brýn refsiverð háttsemi. Voru þau (ummælin) ekki talin fela í sér lýsingu á skoðunum eða gildismat heldur



fullyrðingar um staðreyndir sem rúmist ekki innan 73. gr. stjórnarskrárinnar“. Það sama var talið gilda um millifyrirsögnina; „*Vændi regla frekar en undantekning*“ en hún félli ekki undir vernd 73. gr. stjórnarskrárinnar skv. dómi Hæstaréttar. Umrædd ummæli og fyrirsögn voru dæmd dauð og ómerk.

Hæstiréttur snéri dómi héraðsdóms við með vísun í ákvæði laga nr 57/1956 um prentrétt. B var höfundur greinarinnar og fyrirsagna. Í niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að ekki hafi orðrétt verið haft eftir L í greininni, en efnislega þó rétt eftir henni haft. B bar ábyrgð þar sem B var tilgreind á forsíðu tímaritsins Vikunnar sem höfundur greinarinnar og millifyrirsagna þá bar hún ábyrgð en ekki L, þó hún hafi einnig getað talist höfundur greinarinnar í skilningi 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt, enda var það L sem lét umrædd ummæli falla.

B var sakfelld og í niðurstöðu Hæstaréttar kemur fram að þau ummæli sem látin voru falla í umræddri grein af L, hafi verið fullyrðingar um staðreyndir. Samkvæmt ákvæðum prentlaga bar B ábyrgð á þeim ummælum, þar sem hún var titluð höfundur greinarinnar. Eftirtektarvert er að Hæstiréttur Íslands telur ummælin ekki rúmast innan 73. gr. stjórnarskrár og á þeim forsendum var hin stefnda í málinu talin sek um ærumeiðingar.

Báðir blaðamennirnir, E og B, töldu brotið á rétti sínum til tjáningarfrelsis skv. 10. gr. MSE, með niðurstöðum í málum þeirra fyrir íslenskum dómstólum.<sup>21/22</sup>

Mál B fór fyrir MDE. Í máli kæranda kom fram að hún teldi ljóst að ekki væri næg ástæða til að skerða tjáningarfrelsi sitt, samanber 10. gr. MSE, þótt í ummælunum fælust staðhæfingar um staðreyndir. Kærandi, sem blaðamaður, hefði skrifað greinina í góðri trú. Ekki hefði verið ætlun hennar að sverta mannorð eiganda nektardansstaðarins. Greinarskrifunum hefði verið ætlað að vera innlegg í almenna umræðu um nektardansstaði og vildi kærandi sem blaðamaður leggja sitt af mörkum í þá þjóðfélagsumræðu. Taldi kærandi að efni greinarinnar varðaði alvarlegt málefni sem ætti fullt erindi við almenning. Það að Hæstiréttur Íslands hefði talið eðlilegt að hún sem blaðamaður hefði átt að sýna fram á haldbær sönnunargögn fyrir ummælum viðmælanda síns, hafi verið ósanngjarn og allt að ómögulegt að gera.

---

<sup>21</sup> Sjá nr. 5 að ofan 3.

<sup>22</sup> Sjá nr. 6 að ofan 3.

Þær staðreyndir sem ekki var tekið tillit til fyrir íslenskum dómstólum voru ummæli sem um ræddi í blaðagreininni eftir B og komu frá áreiðanlegri heimild, það er stúlku sem unnið hafði á nektardansstaðnum (L). Einnig var stuðst við skýrslu frá sendiráði Bandaríkjanna á Íslandi, þar sem kom fram að starfsmanni sendiráðsins hefði verið boðin kynlífsþjónusta á Goldfinger. Starfsmaður þessi var að vinna rannsóknarverkefni fyrir sendiráðið þar sem könnuð var starfsemi nektardansstaða hér á landi. Ennfremur hafði eigandi Goldfinger (Á) viðurkennt í sjónvarpsviðtali að komið hefðu upp tilvik um vandi á Goldfinger. Þá kom einnig fram að lögreglan hefði lagst gegn endurnýjun vínveitingarleyfis á staðnum, þar sem grunsemdir um ólöglega starfsemi sem tengdist nektardansstaðnum hefðu komu fram í skýrslu lögreglunnar. Kærandi taldi að þær upplýsingar sem hún vann úr hefðu verið sannar og réttar. Þar sem kærandi hefði ekki getað fært frekari sönnur á umrædd ummæli og væri þannig gerð ábyrg fyrir þeim, jafngilti það því að svipta hana rétti sínum sem einstaklings og fréttamanni sem hefði það hlutverk að miðla mikilvægum upplýsingum sem ættu erindi við almenning.<sup>23</sup>

Umhugsunarvert er að ekki hafi verið tekið tillit til fyrrgreindra staðreynda í málinu fyrir íslenskum dómstólum, þar sem fyrirliggjandi sannanir í málinu sýna að málefnið var brýnt samfélagsmálefni sem átti erindi við almenning og átti sér stoð í raunveruleikanum. Af fyrrgreindu má sjá að kærandi hafði fyrir því að sannreyna hvort málefnið sem um ræddi væri ekki sannleikanum samkvæmt.

### ***1.3. Mál Erlu Hlynsdóttur***

Hérd. Rkv. 21. desember 2009 nr. (E-5265/2009):Stefnandi V höfðaði mál á hendur blaðamanninum E sem starfaði á DV vegna ummæla sem voru viðhöfð í grein frá 26. febrúar 2009 sem V var höfundur að. Krafðist V þess að ummælin umræddu og millifyrirsagnir væru dæmd dauð og ómerk með vísun í 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Stefnda E krafist aðallega að vera sýkn uð af öllum kröfum stefnanda en hún taldi sig ekki bera ábyrgð á ummælunum þar sem orðrétt hafi verið haft eftir heimildarmanni og hann því ábyrgur fyrir orðum sínum. E gekkst þó við því að vera höfundur millifyrirsagna greinarinnar. Niðurstaða málsins fyrir héraðsdómi var sú að með vísun í dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 328/2008 taldist E vera höfundur greinarinnar og millifyrirsagna með vísun í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt og þá óháð því hvort viðmælandinn gæti einnig talist höfundur þeirra og borið ábyrgð á orðum sínum. Hæstiréttur taldi að í ummælunum og millifyrirsögnum fælist ærumeiðandi aðdróttun sbr. 235. gr. almennra hegningarlaga og það bæri að ómerkja þau.

---

<sup>23</sup> Sjá nr. 5 að ofan 33-44.

Málavextir voru á þá leið að í febrúar 2009 var birt grein í dagblaðinu DV undir fyrirsögninni „*Stríþíkóngar takast á*“. Blaðamaðurinn E, hafði tekið viðtal við eiganda nektardansstaðarins Strawberries, stefnanda (B) í málinu. B hafði sett sig í samband við stefndu og vildi koma á framfæri upplýsingum vegna árásar sem hann varð fyrir á nektardansstað sínum, en stefnandi stóð í dómsmáli við þann aðila málsins (hér eftir kallaður D). Í greininni komu fram ummæli frá meintum árásaraðila, D. Blaðamaðurinn E hafði sett sig í samband við D til að bera undir hann frásögn B af meintum atburðum. Um var að ræða ummæli D um að B hefði borið út orðróm um mafíu sem ætti að vera tengd nektardansstaðnum sem hann átti. Orðrétt er haft eftir D í viðtalinu: „*Hann er búinn að bera orðróm út um allan bæ, um það. Það komi sko enginn með stela inn á Strawberries sko. Því hann sé með litháísku mafíuna og ég hafi bara verið tekinn og laminn þarna inni, skilurðu.*“ Í millifyrirsögn í greininni var einnig vísað til þess að orðrómur væri um að litháíska mafían væri tengd nektardansstaðnum. B höfðaði meiðyrðamál og krafðist þess að ummælin yrðu dæmd dauð og ómerk og krafðist miskabóta. Í Héraðsdómi Reykjavíkur féll málið B í hag með þeim rökum að blaðgreinin gæti gefið þeim til kynna sem lásu hana að stefnandinn „*sé með skipulögð alþjóðleg glæpasamtök á sínum snærum*“. Þar sem stefndu hefði ekki tekist að sýna fram á að þessi staðhæfing væri sönn, þá fælist í þessum orðum ærumeiðandi aðdróttun. Niðurstaða málsins var sú að framangreind ummæli og millifyrirsögnin voru dæmd dauð og ómerk og stefndu bar að greiða miskabætur að fjárhæð 200.000 krónur. Stefnda áfrýjaði málinu til Hæstaréttar þann 25. mars 2010 en fékk synjun, þar sem fjárfrafa í málinu náði ekki lágmarki til áfrýjunar.

Báðir blaðamennirnir, E og B, töldu brotið á rétti sínum til tjáningarfrelsis skv. 10. gr. MSE, með niðurstöðum í málum þeirra fyrir íslenskum dómstólum.<sup>24</sup> Í máli kæranda fyrir MDE mótmælti E sem blaðamaður þeim skilningi í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur að lesendur kynnu að skynja ummælin sem staðhæfingar um að eigandi nektardansstaðarins (B) stjórnaði alþjóðlegum glæpasamtökum. Kærandi taldi að ljóst væri af lestri greinarinnar að hvorki hún sem blaðamaður né viðmælandi hennar hafi haft þá skoðun, enda B eingöngu nefndur í greininni sem eigandi nektardansstaðarins Strawberries. Með því að ætlast til þess af kæranda að sanna umrædd ummæli, hafi hún sem blaðamaður staðið frammi fyrir ósanngjörnu og ómögulegu viðfangsefni. Efni greinarinnar var nauðsynlegt framlag til þeirrar almennu þjóðfélagsmættu um samfélagsleg málefni sem átti sér stað á Íslandi á þessum tíma, enda hafði lögreglan lokað nektardansstaðnum Strawberries um tíma og í framhaldi af því hafi nektardansstaðir á Íslandi verið bannaðir. Umræða um nektardansstaði hafi verið

---

<sup>24</sup> Sjá nr. 5 að ofan 3. og sjá nr. 6 að ofan 3.

mikil og farið meðal annars fram á Alþingi. Umrædd grein var framlag blaðamannsins til þjóðfélagsumræðu er varðaði nektardansstaði. Þar má nefna umræðu um ofbeldi en dæmi voru um að samkeppnisaðilar í nektardansstaðarrekkstri væru í innbyrðis deilum. Meðal annars hafði verið um að ræða skotárásir á milli þeirra. Í umræddri grein hafi einmitt verið fjallað um deilur á milli eigenda nektardansstaða, þar sem B taldi að samkeppnisaðili sinn væri að stofna til vandræða. Greinarskrifin fjölluðu um baráttuna á milli þessara samkeppnisaðila. Um áreiðanlega heimild hafi verið að ræða og kærandi talið að hún hefði starfað í góðri trú og unnið í samræmi við siðareglur blaðamanna. Taldi kærandi að með niðurstöðu héraðsdóms væri brotið gegn tjáningarfrelsi hennar sem einstaklings og sem blaðamanni.<sup>25</sup>

Samkvæmt dómi MDE í máli kæranda var vafalaust um málefni að ræða sem átti erindi við almenning og bæði mál íslensku blaðamannanna eiga það sameiginlegt að heimildir þeirra eru áreiðanlegar og koma frá fyrstu hendi. Annars vegar í máli B, þar sem fyrrum nektardansmæri, L, hafði sjálf frumkvæði að því að veita viðtal. L taldi að umræðan um nektardansstaðina væri ekki alltaf sönn og vildi segja sögu sína til að almenningur fengi þá mynd af starfseminni sem hún hefði upplifað. Hins vegar í máli E þar sem heimildarmaður hennar, B, hafði samband við hana að fyrri bragði og vildi koma á framfæri upplýsingum sem B taldi að ættu erindi við almenning. Upplýsingarnar sem blaðamennirnir unnu úr viðtölum viðmælenda sinna, voru bornar undir viðkomandi aðila áður en þau voru birt.

Fyrsta málið sem kært var til MDE frá Íslandi var mál Þorgeirs Þorgeirssonar gegn íslenska ríkinu. Hér verður gerð stutt grein fyrir því máli en sömu meginreglur eiga við í því og málum blaðamannanna E og B. Mál Þorgeirs er merkilegt fyrir þær sakir að það var kært til MDE og tekið fyrir hjá MDE árið 1988, eins og kemur fram við lestur dóms MDE þá er í því máli stuðst við meginreglur og fordæmi sem enn í dag er stuðst við í dómum MDE og má sjá í dómum íslensku blaðamannanna frá sumrinu 2012.

#### ***1.4. Mál Þorgeirs Þorgeirssonar***

Mál Þorgeirs Þorgeirssonar<sup>26</sup> á margt sameiginlegt með málum blaðamannanna frá sumarinu 2013. Öll málin snúa að tjáningarfrelsinu og 10. gr. MSE. Því eiga sömu meginreglur við í hans máli og í hinum málunum.

---

<sup>25</sup> Sjá nr. 6 að ofan 31-40.

<sup>26</sup> Hér eftir Þ

Hrd. 272/1986: Ákærvaldið höfðaði mál á hendur Þ en hann hafði skrifað tvær greinar í Morgunblaðið sem taldar voru hafa hafa falið í sér ærumeiðandi aðdróttanir í garð lögreglumanna. Fram kom að aðdróttanirnar væru taldar beinast „að ónafngreindum og ótilgreindum starfsmönnum í lögregluliði Reykjavíkur“ Þ taldi sig sem rithöfund hafa frelsi til að skrifa umræddar greinar og gerði það í skjóli 72. gr. stjórnarskrár Íslands (núverandi 73. gr. stjórnarskrárinnar) en þar kemur fram að ekki megi lögleiða takmarkanir fyrir prentfrelsi. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt þá ber höfundur ábyrgð á blaðagreinum sem hann birtir undir nafni. Þ var heimilisfastur hér á landi og gekkst við blaðagreinunum sem höfundur þeirra. Í niðurstöðu Hæstaréttar var Þ sakfelldur fyrir greinarskrif sín.

Málið fór fyrir MDE. Að mati MDE voru rök íslenska ríkisins í máli kæranda ekki næg til að sýna fram á að takmörkun á tjáningarfrelsinu hafi verið innan hæfilegra marka miðað við það lögmæta markmið sem að var stefnt. Af þessu leiddi að ekki var talin nauðsyn til takmörkunar á tjáningarfrelsinu og íslenska ríkið braut því á tjáningarfrelsi Þ.<sup>27</sup>

Að mati MDE voru takmarkanir á tjáningarfrelsi í málinu ekki taldar vera nauðsynlegar til að vernda orðspor annarra eins og íslenska ríkið hélt fram í dómum sínum. Það var tekið fram í dómi MDE að hin víðtæka vernd sem um ræddi væri ekki einskorðuð við umræður um stjórnsmál í þröngum skilningi heldur næði verndin yfir umræðu um önnur efni sem vörðuðu almenning.<sup>28</sup> Kærandi til MDE hafði skrifað greinar um lögregluofbeldi og byggt á orðrómi og eins og kom fram í dómi, hann byggði á upplýsingum sem voru á allra vitorði. Um málefni var að ræða sem átti erindi út í samfélagið en með skrifum sínum vildi Þ fá dómsmálaráðherra Íslands til að rannsaka meint lögregluofbeldi. MDE taldi að tilgangur Þ með skrifunum og sú hugsun sem lá að baki væri næg til að umrædd grein ætti rétt á sér út í samfélagið.<sup>29</sup> Íslenski dómstólinn taldi kæranda hafa átt að færa sönnur á staðhæfingar sínar en í niðurstöðu MDE kom fram „Að því marki sem kæranda var gert að færa sönnur á staðhæfingar sínar þá stóð hann frammi fyrir ósanngjörnu ef ekki ómögulegu verkefni“.<sup>30</sup> Í niðurstöðu MDE var dregið fram hvernig hlutverki fjölmiðla væri háttað. Þar kom meðal annars fram að fjölmiðlar mega ekki fara yfir ákveðin mörk varðandi tjáningarfrelsið, en það er hlutverk fjölmiðla að koma til skila upplýsingum og hugmyndum sem eiga erindi við almenning. Það er ekki einungis hlutverk fjölmiðla að koma þannig upplýsingum til almennings, heldur á almenningur rétt á slíkum upplýsingum. Tilgangur gagnrýni skiptir máli í þessu tilliti og ef ummæli eru hardorð, þá þarf að gæta þess að ummælin séu innan leyfilegra marka gagnrýni. Í máli kæranda kom

<sup>27</sup> Þorgeir Þorgeirsson g. Íslandi, mál nr. 13778/88, 59-70.

<sup>28</sup> Sjá nr. 27 að ofan 239

<sup>29</sup> Sjá nr. 27 að ofan 66 - 67

<sup>30</sup> Sjá nr. 27 að ofan 60 – 70.

fram að í fyrri grein hans hefði komið skýrt fram að hverjum gagnrýnin beindist og það væri einungis að tiltölulega fáum einstaklingum. MDE benti á að megintilgangur greinarhöfundar hefði verið að hvetja ráðherra til að rannsaka kvartanir um ofbeldi af hálfu lögreglu. MDE taldi að með því að sakfella og refsa í þessu máli, hefði það verið til þess fallið að draga úr opinberri umræðu um málefni sem ætti erindi við almenning, enda myndi það varða almannahag.

MDE taldi, samkvæmt framansögðu, að þær röksemdir sem íslenskir dómstólar settu fram, dygðu ekki til að sýna fram á að afskiptin sem kærar snérist um, hefði verið hófleg miðað við það markmið sem að var stefnt. Af þessu leiddi að afskiptin og þar með takmörkunin á tjáningarfrelsinu gæti ekki talist nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Skilyrðið um „*nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi*“ kemur fram í 2. mgr. 10. gr. MSE eins og áður hefur komið fram og íslenska ríkið verður að hafa fyrir því nægilega góð rök ef ætlunin er að setja takmarkanir á tjáningarfrelsið. Á þeim grundvelli var mál kæranda dæmt sem brot á 10. gr. MSE.

Rétt er að fjalla um lög þau sem snerta tjáningarfrelsið hérlendis, en lagabreytingar hafa verið gerðar þar sem þau lagaákvæði sem stuðst var við þegar blaðamennirnir voru sakfelldir á Íslandi sumarið 2012 en má nefna að ábyrgðar ákvæði hafa verið felld úr gildi og ný og breytt ákvæði tekið við af þeim gömlu.

## **2. Lög nr. 57/1956 um prentrétt**

Íslensku blaðamennirnir voru sakfelldir á grundvelli 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt sem voru í gildi þegar dómarnir féllu á Íslandi. Í dag hafa ábyrgðarákvæði prentlaganna fallið úr gildi og ný ákvæði komið í stað þeirra gömlu. Samkvæmt gömlu greininni báru blaðamennirnir ábyrgð á því efni sem birtist í umræddum greinum, þar sem þeir voru titlaðir sem greinarhöfundar. Þessi ákvæði hafa nú tekið breytingum eins og síðar verður rakið.

Ákvæði 1. mgr. 15. greinar var svohljóðandi:

*„Um ábyrgð á efni annarra blaða eða tímarita en þeirra, er getur í 14. gr., gilda þessar reglur:  
Höfundur ber refsí- og fébótaábyrgð á efni ritsins, ef hann hefur nafngreint sig og er auk þess annaðhvort heimilisfastur hér á landi, þegar ritið kemur út, eða undir íslenskri lögsögu, þegar mál er höfðað.  
Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, ber útgefandi rits eða ritstjóri ábyrgðina, því næst sá er hefur ritið til sölu eða dreifingar, og loks sá, sem annast hefur prentun þess eða letrun.“*

Í dómum MDE var talið að skilyrðið um að skerðingin væri lögmælt væri uppfyllt þar sem hún studdist við þetta lagaákvæði en í 2. mgr. 10. gr. MSE kemur fram að afskipti eða skerðing af tjáningarfrelsinu verði að vera „lögmælt“.

Réttarúrbætur voru gerðar árið 2011 með tilkomu nýrra fjölmiðlalaga, þar sem ábyrgðarákvæðinu var breytt. Það þótti mikil réttarbót fyrir fjölmiðlafólk, þar sem ábyrgðarreglum var breytt á þann hátt að nú áttu þeir sem ummæli létu falla að bera ábyrgð á orðum sínum sjálfir. Rétt er að gera stuttlega grein fyrir nýjum ábyrgðarreglum áður en haldið er áfram með mál blaðamannanna fyrir MDE.

### **3. Nýju fjölmiðlalögin**

Í nokkurn tíma hafði verið til skoðunar hjá Alþingi að leggja fram frumvarp um fjölmiðla sem tækju mið af nútímaaðstæðum í þjóðfélaginu. Eldri ákvæði prentlaga sem tóku til ábyrgðarreglna voru orðin úrelt.

Í greinargerð með lögum nr. 38/2011 um fjölmiðla, kemur fram eitt af markmiðum laganna sé að bæta réttarstöðu blaðamanna og tekið var fram að samræma skyldi ábyrgðarreglur fjölmiðla. Einnig kom fram að fjölmiðlar ættu að geta sinnt hlutverki sínu sem fjórða valdið og blaðamenn ættu ekki að geta átt von á því að verða dregnir fyrir rétt og gerðir ábyrgir fyrir ummælum eða tilvitnunum sem hafðar væru jafnvel orðrétt eftir heimildarmönnum.<sup>31</sup>

#### *3.1. Markmið ábyrgðarreglna*

Í lögum nr. 57/1956 um prentrétt voru ákvæði sem tengdust tjáningarfrelsinu með beinum hætti og kváðu á um hver væri ábyrgur fyrir efni sem birt var í greinum blaða eða tímarita. Ábyrgðarreglur sem hafa verið í gildi, eru lagareglur sem kveða á um refsí- og eða fébótaábyrgð á því efni sem um ræðir í hvert sinn, hvort sem efnið er sent út í sjónvarpi eða gefið út af fréttamiðlum, svo sem blöðum eða í tímaritsgreinum. Mikilvægt er að reglur séu skýrar. Ekki má vera neinn vafi á því hver ber ábyrgð á því efni sem blaðamenn senda frá sér, hvort sem efnið er alfarið komið frá þeim sjálfum eða frá heimildarmanni. Reglurnar eru mikilvægar fyrir alla þá aðila sem telja á rétti sínum sé brotið og vilja sækja þann rétt.

Ábyrgðarreglurnar skipta miklu máli fyrir samfélagið í heild sinni, þar sem þær geta mótað hvernig blaðamenn koma frá sér efni til almennings. Bæði getur þetta átt við innihald og gæði

<sup>31</sup> <http://www.althingi.is/alttext/139/s/0215.html> sótt 2.2. 2013 .

Þess efnis sem borið er á borð fyrir almenning og oftast en ekki má gera má ráð fyrir að málefnið rati að einhverju leyti í almenna umræðu. Hér er því um ábyrgðarhlutverk að ræða þegar blaðamenn skrifa greinar sem ætlaðar eru almenningi.<sup>32</sup>

### 3.2. Ábyrgðarreglur nýjar og gamlar

Í greinargerð með nýju fjölmiðlalögum nr. 38/2011<sup>33</sup> kom fram að á Íslandi hafi það verið venjan að flytjandi efnis eða höfundur ritefnis sé sá sem beri ábyrgð á því efni sem frá honum komi. Ákveðin skilyrði séu þó fyrir því að þessir aðilar beri ábyrgð.

Í lögum nr 57/1956 um prentrétt kom fram í 2. mgr. 15. gr. að sá sem sé nafngreindur sem höfundur greinar beri ábyrgð á innihaldi greinarinnar samanber Hrd. 328/2008. Samkvæmt þessum dómi bar blaðamaðurinn ábyrgð á því efni sem beint var haft eftir viðmælanda hans eins og áður hefur komið fram.

Ábyrgðarreglur í frumvarpi því sem varð að fjölmiðlalögum árið 2011 kveða aftur á móti á um að það sé ákveðin ábyrgðarröð sem ákveður hver er ábyrgur fyrir efni greinar og aðeins einn geti verið ábyrgur fyrir efni. Tveir aðilar séu því aðeins ábyrgir ef þeir tilheyra sama ábyrgðarflokki til dæmis báðir titlaðir höfundar eða báðir titlaðir ritstjórar. Ætlunin sé að vernda tjáningarfrelsið sem og rétt til upplýsinga, réttindi þeirra sem telja á sér brotið í umfjöllun fjölmiðla og þar með koma á eðlilegu jafnvægi milli þessara atriða. Í greinargerðinni kom fram að ekki var talin ástæða til þess að breyta þessari venju. Skýrt var tekið fram að eðlilegt þætti að þeir sem stæðu að fjölmiðlaþjónustu, það er að segja eigendur fjölmiðla, bæru ábyrgð á því að greiða til dæmis fésektir eða skaðabætur sem starfsmanni í þjónustu fjölmiðilsins væri gert að greiða á grundvelli ákvæða um ábyrgð í þessum efnunum. Í 2. mgr. 24. gr. nýju fjölmiðlalaganna kemur fram að fjölmiðlaþjónustuveitendum sem hafa ritstjórn eða þar sem rekin er fréttastofa, skuli settar reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði og tryggja skuli einnig ritstjórnarlegt sjálfstæði starfsmanna. Í IX kafla fjölmiðlalaganna frá 2011 kemur fram hver beri ábyrgð á hljóð- og myndefni sem sent er út, samanber 50. gr. laganna. Í 51. gr. sömu laga kemur svo fram hver beri ábyrgð á ritefni. Ákvæði nýju fjölmiðlalaganna um ábyrgðarreglur eru sértækar reglur um ábyrgð. Þessi ákvæði mæla fyrir um það með ákveðnum hætti hver beri ábyrgð á því efni sem birt er í hverju tilviki og aðkomu aðila að greinarskrifum, birtingu eða þeim sem lætur frá sér ákveðin ummæli (heimildarmaður). Þá er

---

<sup>32</sup> Sjá nr. 31 að ofan

<sup>33</sup> Hér eftir kölluð fjölmiðlalög.



það skýrt hver það er sem ber ábyrgð í hverju máli, sem getur þá verið greinarhöfundur, ritstjóri og svo framvegis í stað þess að ábyrgðin geti fallið á hvern og einn eða alla sem tekið hafa þátt í broti á ákvæðum laga.<sup>34</sup>

Meginreglan er að einn aðili er gerður ábyrgur fyrir broti, en eins og í fyrri lögum sem kváðu á um ábyrgðarreglur, er möguleiki á að fleiri en einn geti verið ábyrgur. Fjölmiðlaþjónustuveitandi getur einnig verið gerður ábyrgur fyrir bóta- og sektargreiðslum sem starfsmaður hans ber ábyrgð á. Ákvæði 26. gr. útvarpslaga nr. 53/2000 og ákvæði 15 gr. laga um prentrétt voru um margt ólík ákvæði. Ábyrgðin ekki alveg sambærileg en ákvæðið í lögum um prentrétt hafði í gegnum árin mótast í meðförum dómstóla. Samkvæmt 1. másl. a-liðar 26. gr. laga nr 57/2000 útvarpslaga bar sá sem flutti efni sjálfur, ábyrgð á því. Hliðstæð regla var í 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt en þar sagði að sá sem væri höfundur ritefnis skyldi bera ábyrgð á því. Höfundurinn þurfti þá að hafa nafngreint sig og vera heimilisfastur hér á landi þegar efni eftir hann var birt eða hann varð að vera undir íslenskri lögsögu þegar mál var höfðað á hendur honum.<sup>35</sup>

### *3.3. Eldri lög og lagaákvæði sem fallið hafa úr gildi*

Í 1. másl. a-liðar 26. gr. útvarpslaga nr. 53/2000 var regla sem kvað á um að sá sem flytti sjálfur efni í eigin nafni bæri ábyrgð á því. Þetta ákvæði var á annan veg í lögum um prentrétt nr. 57/1956 og hafa blaðamenn sem skrifuðu blaða- og tímaritsgreinar fyrir tíma nýju fjölmiðlalaganna frá árinu 2011 verið látnir bera ábyrgð á ummælum viðmælenda sinna vegna viðtala fyrir blaðaskrif, samanber dóm Hrd. í máli nr. 328/2008 sem fjallað hefur verið um hér fyrir í ritgerðinni. Mikil gagnrýni kom í kjölfar þessa dóms og annarra sambærilegra dóma, að blaðamenn skyldu hafa verið látnir bera ábyrgð á ummælum viðmælenda sinna. Að hafa slíkt ákvæði í lögum getur leitt til þess að blaðamenn forðist að skrifa um umdeild málefni þar sem þeir geta orðið fyrir fjárhagslegum skaða séu þeir sakfelldir fyrir dómi. Þetta hefur verið gagnrýnt og eins og komið hefur fram í þessari ritgerð er það beinlínis andstætt lýðræðinu og eðlilegum skoðanaskiptum um umdeild mál í samfélaginu. Þetta gæti haft það í för með sér að blaðamenn skirrast alfarið við að kynna efni í fjölmiðlum sem vegna þjóðfélagslegs mikilvægis eigi fullt erindi við almenning. Ólík staða lagaákvæða í prentlögum og útvarpslögum, um hver bæri ábyrgð á því sem viðmælendur þeirra myndu segja, skapaði ójafnræði á milli annars vegar fréttamanns í útvarpi og hins vegar blaðamanns á prentmiðli

---

<sup>34</sup> Sjá nr. 31 að ofan

<sup>35</sup> Sjá nr. 31 að ofan

við vinnslu samskonar fréttar. Þá var samkvæmt fyrrgreindum lagaákvæðum aðeins blaðamaðurinn á rit- eða prentmiðlum ábyrgur fyrir orðum viðmælanda síns, sbr. 1. mgr. 15 gr. laga um prentrétt nr. 57/1956, en ekki fréttamaðurinn á ljósvakamiðlinum á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. útvarpslaga nr. 53/2000. Tilkoma nýrra fjölmiðlalaga frá 2011 var einmitt til að eyða því misræmi á milli ábyrgðarákvæða í fyrrgreindum lögum og var litið til hins svokallaða belgíska ábyrgðarkerfis, þar sem gert er ráð fyrir því að meginreglan sé að aðeins einn aðili sé ábyrgur að lögum vegna tiltekins efnis fjölmiðils, þó svo að sameiginleg ábyrgð geti komið til eins og hefur komið fram.<sup>36</sup>

#### *3.4. 51. gr. fjölmiðlalaganna nr. 38/2011*

Í 51. gr. fjölmiðlalaganna segir til um hver tekur ábyrgð á ritefni og enginn greinarmunur gerður á því hvort það kemur út á prenti eða með rafrænum hætti. Samsvarandi ákvæði var í 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt sem nú hefur verið felld út gildi. Í a. lið 1. mgr. 51. gr. nýju fjölmiðlalaganna segir að sá einstaklingur sem skrifar grein undir nafni eða sá eigi hér á landi lögheimili eða lýtur íslenskri lögsögu þá ber sá aðili ábyrgð á því efni. Samkvæmt 2. mgr. 15 gr. prentlaganna bar höfundur refsí- og fébótaábyrgð á því efni sem hann skrifaði ef hann hafði nafngreint sig og var auk þess annaðhvort heimilisfastur hér á landi, þegar ritið kom út, eða undir íslenskri lögsögu, þegar málið var höfðað. Hér er því um sambærilegar reglur að ræða. Í a. lið 1. mgr. 51. gr. nýju fjölmiðlalaganna kemur fram að ef efni sem birt er í blaði eða tímariti hvort sem það er á netinu eða útgefið í blaði með beinum ummælum eftir ákveðnum nafngreindum einstaklingi þá ber sá aðili sjálfur ábyrgð á sínum ummælum. Skilyrði greinarinnar eru að hann hafi samþykkt miðlun ummæla sinna og hann sé annaðhvort heimilisfastur hér á landi eða sé undir íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli.

#### *3.5. Ábyrgð á fyrirsögnum í blaðagreinum*

Hvað varðar efni fyrirsagna og ábyrgð á þeim, verður það áfram sá sem skrifar fyrirsagnirnar sem ber ábyrgð á þeim enda er sá aðili að jafnaði skrifaður fyrir greininni sem um ræðir og fyrirsögnum tengdum greininni. Ritstjórnir eiga það til að breyta fyrirsögnum greina. Á þessu er ekki tekið beinum orðum í nýju fjölmiðlalögunum. Í 3. mgr. 51. gr. segir „að fjölmiðlaþjónustuveitandi skuli upplýsa þann sem telur á sér brotið hver það er sem ber ábyrgð á fyrirsögn þeirri sem um ræðir“. Í c-lið 1. mgr. 51. gr. er svo sem áður hefur komið fram lagt til að viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda beri ábyrgð á öðru efni, það er því efni sem ekki fellur skýrlega undir a- og b-lið 1. mgr. 51. gr.

---

<sup>36</sup> Sjá nr. 31 að ofan

nýju fjölmiðlalagi. Vert er að nefna að efnisstjóri kemur í stað ritstjóra samkvæmt 3. mgr. 15. gr. prentlaga og ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda í stað útgefanda og er því um breytta hugtakanotkun að þessu leyti að ræða. Efnisstjóri og ábyrgðarmaður geta verið samábyrgir en það er breyting frá því sem áður gildi þar sem ábyrgð ritstjóra tæmdi ábyrgð útgefanda og öfugt. Með viðkomandi efnisstjóra er eðli málsins samkvæmt átt við þann efnisstjóra sem ábyrgð bar á vali þess efnis sem um er að ræða hverju sinni, en hjá hverjum og einum fjölmiðlaþjónustuveitanda starfa gjarnan margir efnisstjórar hver á sínu sviði. Í sumum tilvikum er enginn efnisstjóri og er ábyrgðarmaður þá einn ábyrgur.<sup>37</sup>

Í 2. másl. a-liðar 1. mgr. 51. gr. er ný ábyrgðarregla í nýju fjölmiðlalagi sem er mikil réttarbót fyrir blaðamenn. Þar segir:

*„Sé ritefni réttilega haft eftir nafngreindum einstaklingi ber sá sem það er haft eftir ábyrgð á eigin ummælum hafi hann samþykkt miðlun þeirra og sé annaðhvort heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli.“*

Sams konar regla var ekki í ábyrgðarákvæði prentlaga sem fjallað hefur verið um hér að framan. Sagði þar eins og áður hefur komið fram í 2. mgr. 15. gr. að höfundur bæri ábyrgð á efni, ef hann hefði nafngreint sig, og blaðamenn væru stundum taldir höfundar ummæla sem höfð voru eftir öðrum. Mál Erlu Hlynsdóttur og Bjarkar Eiðsdóttur eru bæði dæmi um slíkt.

Hér eftir verður vikið að því hvernig MDE fer í gegnum kærumál sem þeim berast og hvernig MDE fer rökfast í gegnum þær meginreglur sem liggja til grundvallar dómsniðurstöðum í málum sem hafa verið tekin til skoðunar hjá dómstólum.

#### **4. Aðferðafræði Mannréttindadómstólsins er varðar 2. mgr. 10. gr. MSE**

Aðferð dómara við MDE er að spyrja spurninga í ákveðinni röð, miðað við hvert dómsmál fyrir sig. Dómstóllinn byggir mat sitt á því hort að brotið sé á tjáningarfrelsinu en í 2. mgr. 10. gr. MSE þá kemur fram heimild sem takmarkar tjáningarfrelsið sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr. MSE. Af fyrrgreindum dómum og dómum frá MDE þar sem farið er yfir mál íslensku blaðamanna og einnig hér síðar í ritgerðinni þar sem rakin eru mál frá aðildarríkum MSE má sjá að spurt er eftirfarandi spurninga:

---

<sup>37</sup> Sjá nr. 31 að ofan, 51.

Í fyrsta lagi er spurt hvort um sé að ræða takmörkun á tjáningarfrelsinu, „*afskipti stjórnvalda*“, varðandi rétt kæranda til tjáningarfrelsis, sem tryggður er samkvæmt 1. mgr. 10 gr. MSE. Að mati MDE töldust aðgerðir ríkisins í báðum málum blaðamannanna „*afskipti stjórnvalda*“ og því um takmörkun á tjáningarfrelsinu að ræða.

Í öðru lagi er spurt hvort takmörkunin eigi sér stoð í lögum, og í framhaldi af því er spurt hvort takmörkunin þjóni lögmætu markmiði, sbr. 2. mgr. 10. gr. MSE. Að mati MDE áttu afskiptin sér stoð í íslenskum lögum, sbr. 235. gr. og 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. mgr. 15. gr. prentlaga nr. 57/1956 og 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en í þessum lagalega skilningi eru uppfyllt þau lögmætisskilyrði sem koma fram í 2. mgr. 10. gr. MSE. Einnig var dómstólinn sammála um að afskiptin hefðu haft þann lögmæta tilgang að vernda „*réttindi og mannorð annarra*“. Þó að dregið hafi verið í efa í máli E, eftir að hafa farið vel yfir málavexti, að þar hafi búið að baki það lögmæta markmið að vernda réttindi og mannorð annarra. Þetta byggði MDE á því, að héraðsdómur hefði gefið þá skýringu að „*hinn almenni tónn*“ ummælanna eða „*hughrif*“ þess sem læsi, gæti gefið það til kynna að eigandi nektardansstaðarins væri með mafíu þar á sínum snærum. MDE orðar það svo að héraðsdómur hafi ekki leitt þetta af orðanna hljóðan.

Í þriðja lagi og þýðingarmesta skilyrðið fyrir því að takmörkun á tjáningarfrelsinu sé leyfileg er spurt hvort afskipti ríkisins í málinu hafi verið „*nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi*“.<sup>38</sup> Dómstólinn metur síðan hvort takmörkunin hafi verið heimil, sbr. 10. gr. MSE og niðurstaða í flestum málum sem snúa að tjáningarfrelsinu velta á því hvort nauðsyn hafi talist vera fyrir hendi eða ekki. MDE spyr ávallt hvort að sú íhlutun sem aðildarríkin grípa til með takmörkun á tjáningarfrelsinu sé til komin vegna knýjandi nauðsynjar, hvort að íhlutunin sé í hlutfalli við það lögmæta markmið sem að er stefnt og skoða þær ástæður sem liggja að baki og notaðar eru til réttlætningar hjá aðildarríkjunum.

#### 4.1. Skilyrði MDE uppfyllt eða ekki

Í niðurstöðum dómanna hjá íslensku blaðamönnunum sem kærðir voru til MDE voru öll ofangreind skilyrði uppfyllt. Um afskipti stjórnvalda var að ræða og vísað var í þá lagastoð sem gerði það að verkum að málin voru „*lögmælt*“ í skilningi 2. mgr. 10. gr. MSE. Var þá vísað til áðurnefndra ákvæða prentlaga ásamt fleiri lögum. Lögmætisskilyrðið var einnig uppfyllt, þar sem ábyrgðarákvæði 2. mgr. 15. gr. prentlaganna var á þann hátt, að

<sup>38</sup> Sjá nr. 5 að ofan 28-32 og sjá nr. 6 að ofan 26-30.

blaðamennirnir voru ábyrgir fyrir efni greinanna sem um ræddi. Sá lögmæti tilgangur að vernda „*réttindi og mannorð annarra*“ var einnig uppfylltur, en það virðist þó sem MDE hafi ekki verið sannfærður í máli E varðandi það atriði eins og hefur komið fram. Síðasta skilyrðið, hvort afskipti íslenska ríkisins hafi verið „*nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi*“, virðist af lestri mannréttindadómanna tveggja að dæma, vera það skilyrði sem mesta umfjöllun hlaut. Finna má eldri dóma í íslenska dómasafninu þar sem dómarar virðast ekki fara eftir aðferðarfræði MDE. Í máli frá árinu 2001 fór Hæstiréttur yfir það hvort að það hafi verið fullgild lagaheimild fyrir takmörkuninni og hvort að það hafi verið lögmætt markmið að baki þeirri ákvörðun að takmarka tjáningarfrelsið og síðasta atriði sem snýr að því hvort að takmörkun hafi verið nauðsynleg. En í dóminum sagði: „*Ummæli ákærða fela í sér háttsemi sem fellur skýrlega að verknaðarlýsingu 233. gr. a almennra hegningarlaga. Lagaákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir kynþáttamisrétti og kynþáttahatur og er markmið þess því lögmætt og þær skordur sem það setur tjáningarfrelsinu nauðsynlegar og samrýmast lýðræðishefðum*“.<sup>39</sup> Hér má sjá að ekki er farið yfir það af íslenskum dómstólum hvort að takmörkunin hafi í raun verið nauðsynleg en það er eitt af þeim skilyrðum sem MDE skoðar alltaf í dómum sínum hvort eru uppfyllt.

#### 4.2. Mál Pedersen og Baadsgard gegn Danmörku og mál íslensku blaðamannanna

Í báðum íslensku málunum frá sumrinu 2012 byggir MDE niðurstöðu sína á fordæmi og niðurstöðu í máli Pedersen og Baadsgard gegn Danmörku<sup>40</sup> en þar koma fram meginreglur réttarframkvæmdar MDE.

Samkvæmt máli Pedersen og Baadsgard verða hin kærðu afskipti að vera af „*brynni samfélagslegri þörf*“. Um það hafa aðildarríkin ákveðið svigrúm til mats og er það mat lagt fyrir dómara MDE, sem kveða á um hvort sú takmörkun, sem sett er á í aðildarríkjum, samrýmist tjáningarfrelsisákvæði MSE. Í niðurstöðu MDE í máli Pedersen kom einnig fram að dómstóllinn hefði það verkefni að líta á hin kærðu afskipti aðildarríkis út frá málinu í heild og skoða það síðan í samhengi þeirra ummæla sem um ræddi. Afskiptin þurfa að vera studd nægilega sterkum rökum og vera fullnægjandi af hálfu ríkisins. Á þann hátt metur dómstóllinn hvort heimaríkið hafi haft meginreglur 10. gr. MSE til hliðsjónar.<sup>41</sup>

---

<sup>39</sup> Hrd. 461/2001

<sup>40</sup> Pedersen og Baadsgaard g. Danmörku nr. 49017/99 2004-XI

<sup>41</sup> Sjá nr. 40 að ofan 68-70.

Tjáningarfrelsið var einnig skilgreint í máli Pedersen og Baadsgaard gegn Danmörku. Þar kom fram að það væri mat MDE að þar undir heyrðu ekki aðeins upplýsingar eða hugmyndir sem fólki líkaði heldur næði ákvæðið einnig til upplýsinga sem misbyðu, hneyksluðu eða kæmu illa við fólk. Af því má sjá að ekki er aðeins um upplýsingar eða hugmyndir að ræða sem eru í eðli sínu góðar eða myndu teljast meinlausar, heldur einnig þær sem falla í síður góðan jarðveg hjá almenningi.<sup>42</sup>

#### 4.3. Mál Bjarkar Eiðsdóttur og „naudsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi“ MDE

Í máli B byrjaði MDE á því að greina skyldur og réttindi blaðamanna og vísar til 2. mgr. 10 gr. MSE. MDE tekur fram að tjáningarfrelsinu fylgi „skyldur og ábyrgð“ sem taki til blaðamanna. Vernda skuli rétt blaðamanna til að koma upplýsingum til almennings. Dómstólinn tók fram í dómi sínum að starfi blaðamenn í góðri trú við að veita almenningi upplýsingar, sem séu eins áreiðanlegar og mögulegt sé í hverju tilviki, beri að líta til þess. MDE fór rækilega yfir greinina í heild sinni, samhengi orða, efni greinarinnar og framsetningu. Máli skipti varðandi skrif um nafngreinda einstaklinga að blaðamaður reiði sig á nákvæmar og áreiðanlegar upplýsingar. Alvarlegar staðhæfingar hafi komið fram í umræddri grein og frá nafngreindum aðila. Fyrir íslenskum dómstólum, voru lagðar fram frekari sannanir, til dæmis að eigandi nektardansstaðarins hefði komið fram á Stöð 2 hinn 1. júní 2007 og játað að upp hefði komið mál, þar sem gestum staðarins væri boðin kynlífsþjónusta. Þessar upplýsingar voru ekki teknar til greina fyrir íslenskum dómstólum og ekki heldur sú staðreynd að annað sambærilegt mál hefði farið fyrir íslenska dómstóla<sup>43</sup> en verið vísað frá. Í því máli var sýnt fram á að vændi átti sér stað á nektardansstað sem var í eigu sama aðila og hér um ræddi. Allar þessar upplýsingar gáfu til kynna að kærandi hefði rannsakað hvort umræddar ásakanir hafi átt rétt á sér. Í umræddri grein voru staðhæfingar um nafngreindan einstakling sem sakaður var um refsiverða háttsemi. Ljóst var að staðhæfingarnar gátu valdið orðspori, æru og mannorði hans umtalsverðu tjóni.

Í málinu þyrfti að horfa til þess að um endursögn af frásögn hefði verið að ræða og skoðunum þriðja aðila, komið á framfæri. Blaðamaðurinn hefði efnislega rétt eftir viðmælanda sínum. Það að sækjandi í málinu hafi í upphafi gert sátt við þann sem lét ummælin falla gerði það að verkum að kærandi átti þá ekki lengur kost á að halda uppi sömu vörnum og áður. MDE lagði áherslu á að framangreind atriði hafi ekki verið tekin til skoðunar fyrir íslenskum dómstólum.

---

<sup>42</sup> Sjá nr. 40 að ofan

<sup>43</sup> Hrd. 475/2008

Áherslur MDE og íslenskra dómstóla eru mjög ólíkar að þessu leyti. Hæstiréttur ákvað að líta fram hjá því að sá sem lét umrædd ummæli falla væri ekki lengur aðili málsins en MDE taldi að þá væri ekki sami grundvöllur að málaferlunum fyrst að sá sem ummælin lét falla væri ekki lengur aðili máls. Hæstarétti láðist að fjalla um þessa röksemdafærslu í dómi sínum sem er byggð á staðreyndum. MDE taldi að þar sem málið hefði verið í umræðu lengi og um málið hefði verið fjallað í öðrum tímaritum, hefði það varðað ríka almannahagsmuni. Starfsemin sem um ræddi væri þess eðlis að umræða varðandi starfseminna þætti eðlileg í þjóðfélaginu og eigandi nektardansstaðarins hefði sjálfur haft frumkvæðið að því að stíga fram í sviðsljósið.

Fréttaflutningur, þar sem viðtöl eru tekin við einstaklinga, er mikilvæg aðferð fjölmiðla við að afla upplýsinga sem eiga erindi við almenning. Kærandi var í góðri trú og bar sig að eins og ábyrgur blaðamaður gerir við vinnu sína. MDE taldi því, eftir að hafa farið í gegnum ofangreind rök, að þau rök sem íslenska ríkið byggði á, hafi ekki nægt til að sýna fram á að hin kærðu afskipti hafi verið „*nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi*“. Meðalhófs hafi ekki verið gætt á milli takmarkana tjáningarfrelsisins og þess lögmæta markmiðs sem að var stefnt.

#### 4.4. Mál Erlu Hlynsdóttur og „*nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi*“ MDE

Í máli E ítrekaði MDE það mikilvæga hlutverk sem fjölmiðlar hefðu í lýðræðisþjóðfélagi. Hlutverk þeirra sé að koma til skila upplýsingum og hugmyndum, enda hafi almenningur rétt á því að fá upplýsingar er geta varðað almannahagsmuni. Það hlutverk fjölmiðla að vera „*varðhundur almennings*“<sup>44</sup> megi ekki takmarka, nema fyrir því séu sterk rök og ástæður. Hvert aðildarríki hafi ákveðið svigrúm til mats á því. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að „það kynni að vekja „*hughrif*“ hjá lesendum greinarinnar, að stefnandi væri með skipulögð alþjóðleg glæpasamtök á sínum snærum“ er nálgun sem MDE notast ekki við, það er að segja það að hughrif lesanda geti nægt til að blaðamaður sé sekur um ærumeiðingar eigi ekki að nægja til að sakfella blaðamanninn. Hér má staldra við orðið „*hughrif*“. MDE lítur svo á að héraðsdómur hafi ekki skoðað málið í heild sinni, eins og MDE leggur áherslu á, heldur hafi ummælin og efni greinarinnar verið skoðuð út frá almennum tóni ummælanna. Eins og fram kom hjá MDE, er dómurinn ekki sannfærður um að þessi „*hughrif*“ sem héraðsdómur taldi að lesendur gætu séð fyrir, séu rétt. Orðalag greinarinnar megi skilja á annan hátt. Engar

---

<sup>44</sup> Sjá nr. 6 að ofan 71.

afgerandi skýringar frá héraðsdómi liggi fyrir vegna þessara niðurstöðu um „*hughrif*“ og því leyfi dómstólinn sér að efast um forsendur héraðsdóms í málinu.

MDE taldi að umfjöllunarefni greinarinnar, efni um eigenda nektardansstaða og deilur þeirra á milli, væru vissulega efni sem ætti erindi við almenning. Umræðan hefði verið í samfélaginu í nokkurn tíma og dómsmál verið í gangi, sem tengdist þessum mönnum. Málefni eins og um ræddi þyrfti að skoða með því hugarfari að fjölmiðlaumfjöllun og almenn umræða í þjóðfélaginu hefði verið komin á það stig, að ljóst væri að til stæði að banna þessa starfsemi eða setja strangar reglur um hana.

Það yrði að líta til þess að stefndi steig upprunalega fram í sviðsljósið með því að hafa frumkvæði að því að hafa samband við fjölmiðla og óska eftir að koma upplýsingum sem hann hefði, á framfæri við almenning. Einnig skipti máli að starfsemin sem um ræddi tengdist lögmætum hagsmunum almennings. Sá sem steig fram til að koma upplýsingum á framfæri yrði að gera sér grein fyrir því að um hann yrði fjallað og varla komist hjá gagnrýni.

#### *4.5. Athugasemdir við dóminn*

Af lestri dóms MDE má ráða að dómurinn meti það svo að um endursögn á frásögn og skoðunum viðmælenda hafi verið að ræða í umræddri grein. Það skipti verulegu máli að stefnandi fyrir héraðsdómi sótti málið eingöngu á hendur blaðamanninum en ekki á hendur þeim sem lét ummælin falla.

Að mati MDE vann kærandi efni greinarinnar af vandvirkni. Gætti jafnræðis við rannsókn vegna þeirra upplýsinga sem hann fékk og rannsakaði og aflaði frekari heimilda hjá þeim sem málið snerti. Athyglisvert er að héraðsdómur leit fram hjá þessum staðreyndum. Í máli E, eins og í máli B, var ítrekað af MDE að viðtöl við heimildarmenn væru mikilvæg aðferð fréttamanna til að gegna hlutverki sínu. Sérstaklega vísar MDE til þess að refska blaðamönnum með sekt, geti haft það í för með sér, að draga úr framlagi fjölmiðla og að þeir sendi ekki frá sér efni sem þeir telja að eigi erindi við almenning, af ótta við að fá á sig háar sektargreiðslur. MDE notaði orðið „*glöppur*“ í greiningu héraðsdóms. Ekki er nóg með að um „*glöppur*“ hafi verið að ræða, heldur verður einnig að líta til þeirra staðreynda í máli E fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, að héraðsdómstóllinn ákvað að líta alveg fram hjá því að hér væri um að ræða málefni sem ætti erindi við almenning. Sú starfsemi sem þarna var til umræðu var og er alltaf



til umræðu í Þjóðfélaginu, þar sem hún er bæði umdeild og tengist oft annarri vafasamri starfsemi. MDE benti á að héraðsdómur hefði ekki tekið til greina að það væri stefnandi sem upphaflega hefði haft samband við blaðamann og vildi koma upplýsingum á framfæri, í því skyni að koma þeim á framfæri við almenning. Þetta skiptir máli, þar sem stefnandi í málinu hefði mátt vita að þar sem hann vildi koma á framfæri upplýsingum, yrði að staðreyna ummæli hans og bera þau upp við þá aðila sem hann bar á sakir. Aðferðir MDE í að greina hvort farið sé yfir mörk tjáningarfrelsisins við greinarskrif eins og voru í umræddri grein og svo aðferð héraðsdóms Reykjavíkur eru ólíkar, enda leiða þær að ólíkri niðurstöðu.

## 5. Siðareglur Blaðamannafélags Íslands

Í dómum Hæstaréttar og Héraðsdóms í málum blaðamannanna E og B og í dómum MDE í kærumálum blaðamannanna, er farið yfir málsatvik, lagagreinar og siðareglur sem málin eru byggð á. Sérstaklega er farið yfir siðareglur blaðamanna.

1. gr.<sup>45</sup>

„Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starfi blaðamanns eða skert hagsmuni stéttarinnar. Blaðamaður skal jafnan sýna drengskap í skiptum sínum við starfsfélaga“.

2. gr.

„Blaðamanni er ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann skrifar. Hann hefur í huga að almennt er litið á hann sem blaðamann þó að hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs, í riti eða ræðu. Blaðamaður virðir nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína“.

3. gr.

„Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu“.

Kærendur í báðum íslensku málunum skrifuðu greinar sínar í góðri trú enda hafi Blaðamannafélag Íslands opinberlega mótmælt sakfellingu beggja blaðamannanna, E og B, fyrir að birta ummæli þriðja aðila, sérstaklega þar sem málefnið ættu brýnt erindi við almenning.<sup>46</sup>

Í dómum MDE er ekki litið sérstaklega til siðareglna Blaðamannafélags Íslands en fjallað er um reglurnar, þar sem þær koma við sögu í báðum málunum. Í dómum MDE er vísað til þess að fjölmiðlum beri að vinna störf sín í góðri trú og gæta þess að upplýsingar séu áreiðanlegar

<sup>45</sup> www.press.is

<sup>46</sup> Sjá nr. 6 að ofan 37 og sjá nr. 5 að ofan 33, 40.

og nákvæmar. Margt er skylt með siðareglum blaðamanna og þeim meginreglum sem fjölmiðlum ber að fara eftir samkvæmt dómafordæmum MDE. Í báðum dómunum sem féllu á Íslandi, var tekin sú afstaða að blaðamennirnir hefðu starfað í góðri trú eins og góður og gegn blaðamaður ætti að gera.

## 6. Meðalhófsregla

Gaukur Jörundsson fyrrum dómari við MDE var sá fyrsti sem nefndi regluna sem „meðalhófsreglu“ á Íslandi. Rök hans voru þau að stjórnvöld yrðu að gæta hófs við meðferð mála og hvernig þau beita valdi sínu og þá yrðu stjórnvöld að taka tillit til andstæðra hagsmuna og þar yrði að feta ákveðin meðalveg.<sup>47</sup> Einnig er talað um hugtakið meðalhóf hjá blaðamönnum, en þeir mega ekki ganga lengra en efni standa til. En í dómum MDE hefur dómurinn átalið blaðamenn og vísað til 10. gr. MSE, þó að það hafi ekki verið talið um brot á tjáningarfrelsinu frá hendi heimaríkis þá hefur MDE haft orð á því við blaðamenn að þeir mættu tjá hug sinn á annan hátt eða vægari samanber dóm þar sem blaðamaður hefði getað gagnrýnt skipan dómstóls án þess að saka ólöglærða dómendur um að láta annarleg sjónarmið ráða ferð.<sup>48</sup>

Meðalhófsreglu stjórnsýslulaganna er að finna í stjórnsýslulögum nr. 37/1993. Segir þar í 12. gr. „Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögættu markmiðið, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til“.

Almenna meðalhófsreglan á sviði stjórnsýsluréttar á uppruna til rekja til Þýskalands.<sup>49</sup> Átti þetta við um þá stórnsýslu sem lögreglan þar í landi hafði umsjón með. Smá saman þróaðist meðalhófsreglan þannig að reglan var talin eiga við um sífellt fleiri stjórnvöld. Að lokum taldist meðalhófsreglan taka til allra stjórnvalda.<sup>50</sup> Á þessum tíma, hafði dómstóll Evrópubandalagsins notast við meðalhófsregluna eins og þýsk stjórnvöld höfðu gert.<sup>51</sup> Í dómum MDE er meðalhófsreglan talin vera þýðingarmikil grundvallarregla.<sup>52</sup> Meðalhófsreglan gegnir hlutverki við skýringu og framkvæmd MSE, þó að framan af hafi

<sup>47</sup> Gaukur Jörundsson, Meðalhófsreglan í stjórnskipunarrétti og stjórnsýslurétti bls. 222.

<sup>48</sup> Barford gegn Danmörku frá 22. febrúar 1989, Series A. 149, mgr. 33.

<sup>49</sup> Pedesen J.T. Proportionalitetsprincippet bls. 53.

<sup>50</sup> Sjá nr. 49 að ofan 65.

<sup>51</sup> Arai-Takahashi, Y, The Margin of Appreciation doctrine and the Principle of Proportionality in the Jurisprudence of the ECHR, 192

<sup>52</sup> Sjá nr. 47 að ofan 211-217

ekki mátt sjá að vísað hafi verið til reglunar í dómsúrlausnum MDE. Af lestri dóma var þó stuðst við meðalhófssjónarmið enda um að ræða málamiðlanir, annarsvegar milli réttinda einstaklinga og hinsvegar vernd hagsmuna þjóðfélagsins í hverju máli fyrir sig.<sup>53</sup>

Horfa skal til meðalhófsreglunnar þegar ekki megi takmarka tjáningarfrelsið „*meira en nauðsyn beri til*“ eins og iðurlega kemur fram í niðurstöðum MDE. Þriðja skilyrðið í 10. gr. MSE sem þarf að uppfylla, er eins og áður hefur komið fram að það sé „*nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi*“ ef takmarka á tjáningarfrelsið. En það er háð algeru mati hjá þeim ríkjum sem hafa takmarkað tjáningarfrelsið í einstökum málum. Þá er það einnig mat MDE hverju sinni hvort meðalhófs hafi verið gætt. Þar sem meðalhófsreglan kemur hér við sögu í málum er varða tjáningarfrelsið, þykir rétt að rifja upp meginatriði lagaákvæða um hana.<sup>54</sup> Alltaf þegar lög veita stjórnvaldi mat um það hvernig eigi að beita því úrræði, sem valið er þá er eðlilegt að líta til þeirra hagsmuna sem verið er að vernda og þess markmiðs sem stjórnvaldið stefnir að. Jafnframt ber stjórnvaldinu að taka tillit til hagsmuna og réttinda einstaklingsins sem á í hlut og valdbeiting beinist að. Í þessu þarf að vera jafnvægi, meta þarf andstæða hagsmuni í tilteknu máli og fara meðalveg í hverju máli.<sup>55</sup> Fram kemur í athugasemdum við 12. gr. frumvarps sem varð að stjórnisýslulögum að hagsmunir einstaklinga, sem njóti verndar í mannréttindaákvæðum stjórnarskrár og alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, vegi þungt.<sup>56</sup>

Af lestri dóma MDE, og annarra dóma sem nefndir eru í þessari ritgerð, má sjá að litið er til meðalhófsreglunnar við meðferð mála hjá MDE sem og dómstólum aðildarríkja MSE. Ekki er kveðið á um meðalhófsregluna berum orðum í MSE en MDE vísar í hana í dómum sínum. Samkvæmt meðalhófsreglunni má ekki grípa til þungbærari takmarkana en þörf er á, þegar vernda á lögmæta hagsmuni.<sup>57</sup>

Í Hrd. 272/1986, máli Þorgeirs Þorgeirssonar var tekið fram í dómi MDE „*að þær röksemdir, sem ríkið hefði fært fram, nægði ekki til að sýna fram á, að sú skerðing, sem kært hefði verið út af, hefði verið innan hæfilegra marka miðað við það lögmæta markmið, sem að var stefnt*“.<sup>58</sup> Í máli E sagði í dómsniðurstöðu MDE að sá rökstuðningur sem íslenska ríkið hefði

<sup>53</sup> Afmælisrit Gizur Bergsteinsson níræður 18 apríl 1992, „Meðalhófsreglan í stjórnskipunarrétti og stjórnisýslurétti“ (Sleipnir Rkv. 1992) 211.

<sup>54</sup> Sjá nr. 9 að ofan 56.

<sup>55</sup> Alþt. 1992-1993 A-deild 3294.

<sup>56</sup> Sjá nr. 55 að ofan 3204-3205.

<sup>57</sup> Sjá nr. 9 að ofan 56.

<sup>58</sup> Sjá nr. 27 að ofan

byggt á í máli hennar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, dygði ekki, þótt hann hafi verið talinn af MDE „*nauðsynlegur í lýðræðislegu samfélagi*“. Að mati MDE var ekki gætt „*eðlilegs meðalhófs*“ á milli þeirra ráðstafana sem héraðsdómur greip til er varðaði réttindi kæranda til tjáningarfrelsis og þess lögmæta markmiðs sem að var stefnt.<sup>59</sup>

Eins og má lesa út úr Hrd. 272/1986 má sjá að meðalhófsreglan hefur úrslitaþýðingu þegar skorið er úr því hvort að þriðja og síðasta skilyrði 10. gr. MSE sé fullnægt eða því skilyrði hvort að takmörkun mannréttinda sé nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Það sama á við í málum íslensku blaðamannanna frá sumrinu 2012 í dómsniðurstöðu MDE sagði orðrétt „*Að mati dómsins var ekki gætt eðlilegs meðalhófs milli þeirra ráðstafana sem héraðsdómur greip til varðandi rétt kæranda til tjáningarfrelsis og þess lögmæta markmiðs sem stefnt var að. Af því leiðir að brotið hefur verið gegn 10. gr. Mannréttinasáttmálans*“.

Einnig má nefna mál Sunday Times eða „Thalidomide“ málið sem fjallað er um nánar hér síðar í ritgerðinni. Þar var takmörkun á tjáningarfrelsinu samkvæmt 10. gr. MSE deiluefnið en enskir dómstólar höfðu lagt bann við því að fjallað væri um tiltekin mál á meðan málin væru til úrlausnar hjá dómstólum þar í landi. MSE komst að þeirri niðurstöðu að umræddar takmarkanir væru löglegar og í samræmi við ensk lög sem takmörkuðu umfjöllun mála sem væru fyrir dómstól þar í landi. Umrædd takmörkun á tjáningarfrelsinu þjónaði lögmæltum tilgangi samanber 2. mgr. 10. gr. MSE og þá átti eftir að svara því hvort að umrædd takmörkun á tjáningarfrelsinu væri „*nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi*.“ MDE taldi að það yrði að vera knýjandi samfélagsleg nauðsyn. MDE skoðaði málið frá öllum hliðum málsins, bæði rök sem mæltu með því að birta umrædda grein í Sunday Times og rök á móti. MDE skoðaði einnig löggjöfina vel sem lá að baki skerðingunni og rökin um beitingu þessa laga í þessu tilviki. MDE komst svo að þeirri niðurstöðu að umrædd skerðing gæti ekki talist bregðast við samfélagsþörf, ekki var sýnt fram á að þörfin væri knýjandi til að almannahagsmunum væri þokað til hliðar í þessu umrædda máli. Takmörkunin var því ekki talin hófleg ef tekið var tillit til þess markmiðs sem að var stefnt.<sup>60</sup>

Eins og sjá má í Thalidomide málinu og áður hefur komið fram þá er meðalhófsreglan mikilvæg regla við skýringu og beitingu á 10. gr. MSE en það verður þó að líta til þess að

<sup>59</sup> Sjá nr. 6 að ofan 74.

<sup>60</sup> Sunday Times (No. 1) v. the United Kingdom, judgement of 26 april 1979, Series A No. 30 (Application no. 6538/74). 58-68. <http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-57584>

stundum er meðalhófsreglunni ekki beitt hjá MDE eða mjög vægar kröfur gerðar vegna þeirrar aðferðar MDE að jata aðildarríkjum MSE ákveðin vikmörk (e. margin of appreciation) það er að segja það að aðildarríkin meta sjálf nauðsyn þess að takmarka mannréttindi.<sup>61</sup>

## 7. MDE og 10. gr. MSE

10. gr. MSE er talin gegna lykilhlutverki hvað varðar lýðræði í þeim aðildarríkjum sem fara eftir sáttmálanum. Það má sjá af túlkun MDE á 10. gr. MSE að inntak greinarinnar hefur verið rýmkað á síðustu árum. Sjónarmið dómstólsins hefur verið það að vernda þurfi þá hagsmuni sem nauðsynlegt er talið að halda skuli í heiðri í öllum lýðræðisþjóðfélögum. MDE lítur til þess hvaða vernd það er sem ákvæðið veitir, og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að mega leggja takmarkanir á tjáningarfrelsið.<sup>62</sup>

Þjóðfélagsmál eiga alltaf erindi við almenning en kjarninn í 10. gr. MSE er sú vernd er lýtur að stjórn málaumræðu.<sup>63</sup> MDE hefur í gegnum dóma sína einnig lagt ríka áherslu á að vernda „umræðu um önnur málefni er varða almenning“, eins og kom fram í máli Þorgeirs Þorgeirssonar gegn Íslandi.<sup>64</sup> Í Lingens dómnum, sem fjallað er um nokkuð ítarlega síðar í þessari ritgerð, kemur fram að eitt af meginatriðum í lýðræðislegu þjóðfélagi sé frelsi til stjórn málaumræðu og þetta meginatriði gangi eins og rauður þráður í gegnum 10. gr. MSE.<sup>65</sup> Í máli Þorgeirs Þorgeirssonar gegn Íslandi tók dómstólinn það fram að það væri ekki grundvöllur fyrir því að gera greinarmun á umræðu um önnur málefni í þjóðfélaginu sem ættu erindi við almenning og stjórn málaumræðu almennt.<sup>66</sup>

Þar sem Íslendingar hafa skuldbundið sig að þjóðarrétti til að fara eftir MSE hljóta íslenskir dómstólar að eiga að beita sömu megin sjónarmiðum við 73. gr. stjórnarskrárinnar og MDE beitir við skýringu á 10. gr. MSE.<sup>67</sup>

---

<sup>61</sup> Sjá nr. 51 að ofan, 195.

<sup>62</sup> Björg Thorarensen, „Áhrif Mannréttindasáttmála Evrópu á vernd tjáningarfrelsis að íslenskum rétti“ (2006) 4 Tímarit lögfræðinga 53, bls. 375.

<sup>63</sup> Páll Þórhallsson, „Tjáningarfrelsið“ Mannréttindasáttmáli Evrópu (rit). Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt. (2005) Reykjavík 360-361.

<sup>64</sup> Sjá nr. 27 að ofan

<sup>65</sup> Lingens g Austurríki Series A, Vol. 103, bls. 28 mgr. 46 og Oberschlick g Austurríki Series A, Vol. 204, 37-38.

<sup>66</sup> Sjá nr. 27 að ofan 42.

<sup>67</sup> Sjá nr. 9 að ofan 54.

## 8. Ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar

Í 73. gr. stjórnarskrárinnar hefur tjáningarfrelsið haft vernd allt frá árinu 1874<sup>68</sup> en greinin er svohljóðandi:

Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.

Orðalagið í 2. málslíð 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrár segir að aldrei megi leiða ritskoðun í lög né „*aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsinu*“ af þessu orðalagi má skilja að tjáningarfrelsið telst til einna mikilvægustu mannréttinda okkar. Eðli ritskoðunar er eftirlit að hálfu stjórnvalda um það hvers konar efni og upplýsingar megi bera á borð fyrir almenning. Er þetta sambærilegt og hefur komið fram í dómaframkvæmd MDE er varðar 10. gr. MSE þar sem kemur fram að fyrirfram tálmanir við tjáningu þarfnist sérstakrar réttlætningar.<sup>69</sup> Rökin sem búa að baki þeirri vernd sem er í 73. gr. stjórnarskrárinnar eru á þessa leið í greinargerð sem fylgdi með lagafrumvarpinu:

„Skoðana- og tjáningarfrelsið eru í flokki elstu og mikilvægustu réttinda þegnanna og eru óumdeilanlega ein af undirstöðum lýðræðisþjóðfélags. Engu að síður er tjáningarfrelsið meðal vandmeðförnustu mannréttindanna, enda er ekki hægt að njóta þess án ábyrgðar og getur því verið nauðsynlegt að setja þessu frelsi ýmsar skorður vegna tillits til hagsmuna annarra einstaklinga.“<sup>70</sup>

Fram kom hjá stjórnarskrárnefnd þeirri sem vann að lagabreytingunni 1994, að nefndin taldi það mjög mikilvægt að það léki enginn vafi á því að löggjafinn hefði ekki heimild til að binda í lög einhvers konar takmarkanir á tjáningarfrelsinu. Á framangreint var lögð áhersla, þar sem nefndin vildi vernda tjáningarfrelsið og vildi ekki hætta á að frjálss og lýðræðisleg umræða fengi ekki að dafna í íslensku þjóðfélagi.<sup>71</sup> Í greinargerðinni með stjórnskipunarlögunum kom ennfremur fram, að þótt það væri ekki berum orðum nefnt í tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar, þá innihéldi ákvæðið réttindi til að „*taka við upplýsingum, vitneskju og*

<sup>68</sup> Björg Thorarensen, „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“, mgr. 287.

<sup>69</sup> Mannréttindasáttmáli Evrópu meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt, „Tjáningarfrelsið“ Páll Þórhallsson bls 380-281

<sup>70</sup> Alþt. 1994-95, A-deild, 2103.

<sup>71</sup> Sjá nr. 70 að ofan, 3885.

*hugmyndum frá öðrum og miðla slíku síðan áfram*“.<sup>72</sup> Eins og sjá má notast nefndarmenn við orðalag 10. gr. MSE í þessum útskýringum sínum í greinargerð með frumvarpinu. Eldra ákvæði um tjáningarfrelsi var ekki jafn ítarlegt og ákvæði 73. gr. stjórnarskrár Íslands en það hafði heldur ekki verið notað mikið í réttarframkvæmd hér á landi.<sup>73</sup>

Ákvæðin í 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. MSE eru um margt lík. Þau eru þó ekki samhljóða, þó efnislegt inntak ákvæðanna sé hið sama. Einnig á 73. gr. stjórnarskrárinnar margt líkt með 19. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi sem samþykktur var 16. desember 1966 og fullgiltur var hér á landi 22. ágúst 1979. Alþjóðasamningnum hefur ekki verið veitt lagalegt gildi hér á landi, en í dómum Hæstaréttar hefur dómstólinn tekið tillit til samningsins við skýringu á íslenskum lögum.<sup>74</sup>

Í 19. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi nr. 10/1979<sup>75</sup> segir:

1. Allir skulu eiga rétt á að ráða skoðunum sínum afskiptalaust.
2. Allir skulu eiga rétt til að láta í ljós skoðanir sínar; í þessum rétti felst frelsi til þess að leita, taka við og miðla alls konar vitneskju og hugmyndum án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista, eða eftir hverjum öðrum leiðum að þeirra vali.
3. Sérstakar skyldur og ábyrgð felast í því að nota sér réttindi þau sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Því má takmarka þessi réttindi að vissu marki, en þó aðeins að því marki sem mælt er í lögum og er nauðsynlegt:
  - (a) til þess að virða réttindi eða mannorð annarra;
  - (b) til þess að vernda þjóðaröryggi eða allsherjarreglu (ordre public), eða heilbrigði almennings eða siðgæði.<sup>76</sup>

Má segja að ákvæðið skiptist þannig að í fyrsta lagi verða takmarkanir að vera settar með lögum. Í öðru lagi verða takmarkanir að vera samkvæmt lögum lögum og er þá átt við að það verður að vera í „þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra“. Einnig er kveðið er á um þetta í 73. gr. stjórnarskrárinnar. Í þriðja lagi samkvæmt 19. gr. ABSR verða takmarkanir að vera „nauðsynlegar og samræmast lýðræðishefðum“. Þetta þriðja og síðasta skilyrði í 73. gr. stjórnarskrárinnar er orðað á annan hátt í 10. gr. MSE en þar segir „nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi“. Þó að orðalag ákvæðanna í 10. gr. MSE og 73. gr. stjórnarskrárinnar

<sup>72</sup> Sjá nr. 70 að ofan, 2104.

<sup>73</sup> Björg Thorarensen, „Áhrif Mannréttindasáttmála Evrópu á vernd tjáningarfrelsisins að íslenskum rétti“, tímarit lögfræðing, 4. hefti 2003, bls. 373-420.

<sup>74</sup> Sjá nr. 9 að ofan 20.

<sup>75</sup> Hér eftir nefnt ABSR.

<sup>76</sup> <http://www.althingi.is/lagas/127b/1979010.2c3.html> sótt 29.4.2013.

sé ekki nákvæmlega það sama þá er kjarni greinanna sá sami eins og kom fram hér frammar í ritgerðinni.

Þróun 73. gr. stjórnarskrárinnar og hugtakið lýðræði eru samofin hugtök. Eins og hefur komið fram þá hafa Íslendingar haft tjáningarfrelsisákvæði í stjórnarskrá sinni frá árinu 1874 og var það þá svohljóðandi:

„Hver maður á rjett á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsið má aldrei innleiða.“

Í skýringum við ákvæðið kom fram að í greininni væri veitt trygging fyrir helstu borgaralegu og þjóðlegu réttindum sem tryggja bæri þegnum landsins.<sup>77</sup> Í greinagerð með frumvarpi til mannréttindabreytinga stjórnarskrárinnar árið 1995 kom fram að 73. gr. stjórnarskrárinnar væri „*óumdeilanlega ein af undirstöðum lýðræðisþjóðfélags*“.<sup>78</sup> Það kom fram hjá stjórnarskrárnefndinni að löggjafinn ætti ekki að hafa heimild til að lögbinda skorður við tjáningarfrelsið, enda gæti það reynst hættulegt fyrir umræðu í landinu og ógn við lýðræði í þjóðfélaginu.<sup>79</sup> Mikilvægt er að skoða vel orðalag 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Þar segir að takmarkanir megi ekki setja á tjáningarfrelsið, nema þær séu „*nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum*“. Af orðalagi ákvæðisins má ráða að sjálft ákvæðið leggi áherslu á tengsl tjáningarfrelsis og lýðræðis. Í dómum Hæstaréttar Íslands má sjá að vísað hefur verið til tjáningarfrelsisins sem algerrar grundvallarreglu í lýðræðislegu þjóðfélagi.<sup>80</sup> Einnig hefur komið fram hjá Hæstarétti að „*vegna lýðræðishefða verði að tryggja að fram geti farið þjóðfélagsleg umræða*“.<sup>81</sup> Hefur Hæstiréttur lagt á það áherslu, að það sé grundvallaratriði við mat á því hvort að tjáningarfrelsið eigi að vernda í hverju tilviki fyrir sig, að umræðan „*geti talist þáttur í almennri þjóðfélagsumræðu og eigi þannig erindi til almennings*“.<sup>82</sup>

Alþjóðlegar skuldbindingar urðu til þess að samræma varð mannréttindakafla íslensku stjórnarskrárinnar við MSE. Við endurskoðun á mannréttindakafla íslensku stjórnarskrárinnar árið 1995 var sérstaklega horft til MSE, enda vildu Íslendingar samræma mannréttindaákvæði íslensku stjórnarskrárinnar við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem stjórnvöld höfðu undirgengist með því að gerast aðili að alþjóðlegum sáttmálum til verndar mannréttindum.

<sup>77</sup> Alþt. 1867, ellefta þing, s.p. 48.

<sup>78</sup> Sjá nr. 70 að ofan 2103.

<sup>79</sup> Sjá nr. 70 að ofan 3885.

<sup>80</sup> Hrd. 122/1992

<sup>81</sup> Hrd. 252/1998

<sup>82</sup> Hrd. 278/2006



Alþingi Íslendinga breytti tjáningarfrelsisákvæði íslensku stjórnarskrárinnar töluvert til að aðlaga ákvæðið að MSE.<sup>83</sup> Viðhorfsbreyting varð hjá Hæstarétti Íslands á þann hátt að skýra skyldi íslensk lög til samræmis við MSE, sbr. dóm Hæstaréttar bls. 1444 frá árinu 1995.

Dómar MDE hafa leitt til lagabreytinga á Íslandi. Má nefna mál Jóns Kristinssonar gegn Íslandi frá árinu 1989, en það mál olli straumhvörfum hér á landi þar sem stjórnvöld urðu að breyta grundvallaframkvæmd laga og sett voru svokölluð aðskilnaðarlög, þar sem aðskilnaður var gerður á dómsvaldi og umboðsvaldi í héraði. Svipuð þróun varð eftir mál Þorgeirs Þorgeirssonar gegn Íslandi frá árinu 1992, en það mál varð kveikjan að því að MSE var leiddur í lög hér á landi árið 1994.<sup>84</sup> En í máli Þorgeirs var hann sakfelldur fyrir meiðyrði gegn ótilgreindum lögreglumönnum. Hann kærði málið til MDE og vann þar málið með fyrrgreindum afleiðingum fyrir íslenska löggjöf.

Heimild til skerðingar tjáningarfrelsinu er að finna í 73. gr. stjórnarskrárinnar, 10. gr. MSE og 19. gr. ABSR, eins og áður hefur komið fram, en það er ávallt með þeim fyrirvara að það sé með uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Við athugun og samanburð á þessum greinum má sjá að þessar heimildir til takmörkunar eru samhljóða. Það er tekið fram í greinargerð með frumvarpi til þeirra stjórnarskrárbreytinga sem voru gerðar árið 1995 að það felist í 2. mgr. 10. gr. MSE að þar sé gert ráð fyrir meiri frávikum og þar með rýmri heimild til þess að skerða tjáningarfrelsið en í 73. gr. stjórnarskrárinnar.<sup>85</sup> Ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. MSE um tjáningarfrelsið eru samhljóða hvað varðar takmarkanir að uppfylltum þremur skilyrðum: Að mælt sé fyrir um skorður í lögum. Að skorðurnar stefni að nánar tilteknu lögmætu markmiði og að skorðurnar teljist nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum eða nauðsyn beri til þeirra.

Í íslensku réttarfari er meginregla að lög skuli vera fyrirsjáanleg en þessi meginregla á við hjá MDE. Takmarkanir eru heimilar með lögum, og hefur MDE lagt mikla áherslu á að þær réttarheimildir sem leyfa takmarkanir á tjáningarfrelsinu verði að vera þeim aðgengilegar svo menn geti séð fyrir afleiðingar gerða sinna. Þetta er gert á þann hátt að lög eru birt og almenningur hefur aðgang að þeim. Mikilvægt er að lög sem sett eru í aðildarríkjunum og afleiðingar þeirra séu skýr og fyrirsjáanleg svo borgarar geti sjálfir eða með aðstoð

---

<sup>83</sup> althingi.is <http://www.althingi.is/alttext/118/s/0389.html> sótt 16.2.2013.

<sup>84</sup> Sjá nr. 10 að ofan 491.

<sup>85</sup> Sjá nr. 83 að ofan.

lögfræðinga, gert sér grein fyrir þeim takmörkunum sem þeir mögulega geti orðið fyrir á tjáningarfrelsinu af völdum réttarskipanar þess lands sem þeir búa í.<sup>86</sup> Í máli Bjarkar Eiðsdóttur var það ein af röksemdum kæranda fyrir MDE að Hæstiréttur hafi beitt „*landsrétti með þeim hætti að niðurstaðan var ekki fyrirsjáanleg*“.<sup>87</sup>

Varðandi það að takmarkanirnar þjóni lögmæltu markmiði kemur það fram í 73. gr. stjórnarskrárinnar að takmörkun sé aðeins heimil ef það er gert: „*Vegna allsherjarreglu eða öryggis ríkisins. Til verndar heilsu eða siðgæðis manna eða vegna réttinda eða mannorðs manna*“. Í 10. gr. MSE er ákvæðið aðeins á annan hátt orðað, en þar segir að takmarkanir megi setja ef þarf til: „*Að firra glæpum eða koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla*“.

Í greinargerð með stjórnarskrárbreytingunum 1995 sagði að þær heimildir til takmörkunar væru tæmandi taldar í 73. gr. stjórnarskrárinnar. Einnig kom fram í greinargerðinni að lagt væri til að ákvæðið í stjórnarskránni yrði með skýrum hætti og þar skyldi koma skýrt fram hvenær takmarkanir á tjáningarfrelsinu væru leyfðar. Þá skyldi líta á þetta nýja ákvæði sem rýmra ákvæði en það sem fyrir var sem náði eingöngu til prentfrelsis.<sup>88</sup> Skilyrði í 10. gr. MSE um takmarkanir á tjáningarfrelsisinu koma ekki beint fram í 73. gr. stjórnarskrárinnar en felast í ákvæðinu. Má því ráða að bann við uppljóstrun trúnaðarmanna, myndi falla undir öryggi ríkisins eða réttindi annarra.

Takmarkanir eru settar á tjáningarfrelsið til að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla og er það gert með því sjónarmiði, að vernda allar umræður um málefni sem eru til meðferðar hjá dómstólum. Þrátt fyrir þetta sjónarmið hafa mannréttindastofnanir Evrópuráðsins ekki talið að koma eigi í veg fyrir umræðu um málefni sem eru til meðferðar hjá dómstólum. Sérstaklega ekki ef málefnið á erindi við almenning. Í 73. gr. stjórnarskrárinnar segir að takmarkanir á tjáningarfrelsinu verði að vera „*nauðsynlegar og samrýmast lýðræðishefðum*“ en í 10. gr. MSE er orðalagið á aðeins annan veg, þ.e. „*hvort nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi*“ Virðist sem enginn munur sé á merkingu ákvæðanna tveggja eins og áður hefur komið fram.<sup>89</sup> Í greinargerð með frumvarpi sem varð að stjórnskipunarlögum 1995, kom fram að ágreiningur væri um hvort taka ætti upp orðalag 10. gr. MSE. Var álitid að hér á landi væru svo sterkar

<sup>86</sup> Sjá nr. 9 að ofan 48-49.

<sup>87</sup> Sjá nr. 5 að ofan 9.

<sup>88</sup> Sjá nr. 83 að ofan.

<sup>89</sup> Sjá nr. 9 að ofan 48-51.

Lýðræðishefðir og var vilji til að halda í þær og því varð niðurstaðan sú að orðalag 73. gr. stjórnarskrár yrði eins og það er.<sup>90</sup>

Ríki hafa samfélagslega hagsmuni af því að opin umræða geti farið fram í þjóðfélaginu og engar hindranir séu settar á tjáningarfrelsi er varði samfélagsleg og pólitísk málefni. Lengi hefur verið deilt um tjáningarfrelsið og í mörgum dómum MDE hefur verið tekist á um réttinn til frjálsrar tjáningar, samanber 10. gr. MSE.

Almennt hafa ríki nokkurt svigrúm til að meta hvort um samfélagslega hagsmuni sé að ræða, eins og kom fram í máli *Handyside gegn Bretlandi* árið 1976. *Handyside* málið fjallaði um bók sem hét „*The Little Red Schoolbook*“ og bann sem breska ríkið setti á útgáfuna og gerði útgefandanum að borga sekt vegna útgáfu hennar. MDE lagðist ekki gegn því að breska ríkið bannaði bókina, en bókin innihélt efni sem var til þess fallin að trufla, ofbjóða eða móðgað fólk. Samþykkti MDE að hvert ríki fyrir sig hefði svigrúm til að ákveða hvar línan væri dregin í siðferðismálum. Á þessum tíma var bókin til sölu víða en bann við henni var ekki algert. Í dómi MDE kom fram að ekki væri hægt að finna út einn siðferðisstaðal fyrir Evrópu, enda lög mismunandi á milli ríkja og siðferði þannig í eðli sínu, að það breyttist frá einum tíma til annars. Það kom skýrt fram að heimaríkin hefðu ekki algert vald í þessum efnum, þar sem yfirþjóðlegt vald væri til staðar í Evrópu sem liti til mikilvægis og þess hvort að takmarkanir sem þessar væru nauðsynlegar. Þar sagði að þetta svigrúm væri þó ekki takmarkalaust, en ekki ætti ekki að ganga lengra en þörf væri á í hvert skipti. Einnig kom þar fram að tjáningarfrelsið væri einn af lykilþáttum þess að ríki gætu kallað sig lýðræðisríki. Tjáningarfrelsið næði þannig til upplýsinga og hugmynda sem gætu verið óvinsælar, óþægilegar og jafnvel móðgandi.<sup>91</sup> Ennfremur sagði í dómnum að afskipti ríkisins af tjáningarfrelsinu yrði að vera „*nauðsynlegt*“ í lýðræðisríkjum<sup>92</sup>

Í upphafsorðum 73. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram að „*allir séu frjálsir skoðana sinna*“ og sannfæringar. Með þessum orðum má segja að skoðanafrelsinu sé veitt sérstök vernd og meiri vernd en tjáningarfrelsinu. Þetta má lesa út úr dómum MDE í málum eins og *Lingens* gegn Austurríki og *Oberschlick* gegn Austurríki. Gildisdómar falla undir skoðanafrelsið (e. value-judgement) en gildisdómur er tjáning sem ekki felur í sér fullyrðingu um staðreyndir.

<sup>90</sup> Sjá nr. 83 að ofan

<sup>91</sup> MDE *Handyside v. United Kingdom* (5493/72). Dómur MDE frá 7. desember 1976. mgr. 47-50.

<http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-57499>

<sup>92</sup> Sjá nr. 91 að ofan 48- 52.

Gildisdómur lýsir huglægu mati þess sem hann tjáir og leiðir af tilteknum staðreyndum máls. Staðreyndir er hægt að færa sönnur á með sönnunargögnum, en gildisdómar eru ekki hæfir til sönnunarfærslu. Í máli Lingens, sem verður fjallað ítarlegra um síðar í þessari ritgerð, kom fram að þau ummæli sem Lingens var dæmdur fyrir, voru gildisdómar og af því leiddi að hann hafði skoðanafrelsi samkvæmt 10. gr. MSE og hann hefði rétt til að miðla þeim hugmyndum sem hann gerði. Staðreyndir Lingens voru óumdeildar og blaðamaðurinn vann efnið í góðri trú. Taldi dómstólinn að væri skoðanafrelsi Lingens takmarkað, bryti það gegn tjáningarfrelsi og skoðanafrelsi 10. gr. MSE.<sup>93</sup>

## 9. Dómar MDE

MDE hefur kveðið á um að eitt skilyrði þess að unnt sé að takmarka tjáningarfrelsið sé að samfélagsleg nauðsyn knýi á um það. Ríkin sem hafa gengist undir MSE verði því að nálgast takmarkanir varlega. MDE skoðar sérstaklega hvort ríki fari yfir mörk er varðar takmarkanir á tjáningarfrelsinu.<sup>94</sup> Í þeim málum sem snerta tjáningarfrelsið og verður farið yfir hér síðar, þá reynir á það hvort innlend lög aðildarríkja sáttmálans, og heimildir sem þar eru varðandi takmarkanir á tjáningarfrelsinu, samrýmist heimildum til takmörkunar samanber 10. gr. MSE.

Vernd tjáningarfrelsisins hefur farið vaxandi með árunum hjá MDE. Íslendingar geta kært meint brot ríkis á MSE til MDE og hefur dómstólinn síðasta orðið um hvort brotið hafi verið gegn 10. gr. MSE. Hvert og eitt ríki hefur það vald að meta hvort takmörkun sé réttmæt í hverju tilviki fyrir sig, með tilliti til lýðræðishefða og aðstæðna í hverju ríki. Löggjöf og siðgæði samningslanda eru mismunandi, svo það er eðlileg og rökrétt niðurstaða að hvert ríki hafi þetta mat.<sup>95</sup>

MDE hefur í gegnum tíðina kveðið upp marga dóma sem varða 10. gr. MSE. Af þeim má sjá að ein af ástæðum þess að tjáningarfrelsið fær jafn mikla vernd og raun ber vitni er sú að litið er á tjáningarfrelsið sem óaðskiljanlegan hluta lýðræðisþjóðfélags.<sup>96</sup> Réttur fjölmiðla til að taka við og skila til almennings upplýsingum sem þeir telja að eigi erindi við almenning er grundvallaratriði er varðar tjáningarfrelsið. Byggist starfsemi fjölmiðla á því að komast yfir

---

<sup>93</sup> Sjá nr. 65 að ofan 27-63.

<sup>94</sup> Freedom of expression in Europe Council of Europe Publishing. Human rights files, no. 18. Strasbourg. Updated edition, mars 2007, „The case-law relating to freedom of expression“, 9.

<sup>95</sup> Sjá nr. 9 að ofan 128.

<sup>96</sup> Sjá nr. 9 að ofan 24.

upplýsingar, fá fram skoðanir fólks og birta síðan þær upplýsingar.<sup>97</sup> Eitt af þeim skilyrðum sem þarf að uppfylla er varða 10. gr. MSE er að takmarkanir á tjáningarfrelsinu verða að teljast „*nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi*“. MDE horfir oftast til þeirra takmörkunar og yfirleitt er það hún sem ræður úrslitum um hvort samningsríkið hafi uppfyllt það skilyrði. Sá dómur MDE, sem oft er vísað til vegna tjáningarfrelsisins og skilyrðisins um nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi, er fyrrgreindur dómur í máli Handyside gegn Bretlandi frá árinu 1976 ásamt máli Lingens gegn Austurríki frá 1986.<sup>98</sup>

Á liðnum áratugum hefur MDE túlkað 10. gr. MSE og sett meginreglur og sjónarmið sem dómstóllinn lítur til þegar dómara dómstólsins dæma í málum er varða tjáningarfrelsið. Þar koma fram meginreglur, um það hverjar eru skyldur og réttindi blaðamanna til tjáningar og miðlunar upplýsinga til almennings. Flest málanna frá MDE innihalda dómafordæmi, meginreglur og niðurstöðu MDE sem varpað geta ljósi á bæði meginatriði þessarar ritgerðar, en einnig veitt dýpri skilning á því hvernig MDE lítur á tjáningarfrelsið og takmarkanir þess, sérstaklega þegar kemur að fjölmiðlum í mikilvægum og stefnumarkandi málum. Rétt er að gera grein fyrir nokkrum málum og niðurstöðum þeirra.

### 9.1. „*Thalidomide*“ málið

Sunday Times (no.1)(no.6538/74:) Kærandi var Sunday Times gegn Bretlandi. Málið var tilkomið þar sem Sunday Times hafði fjallað um mál sem höfðu komið upp vegna lyfja sem höfðu alvarlegar aukaverkanir og leiddu til þess að heilsutjón hlaust af. Breska ríkið setti lögbann á birtingu greina um efnið en Sunday Times sagði það vera takmörkun á tjáningarfrelsinu sem gengi of langt. Niðurstaða MDE var að ekki væri þörf á því að setja þessa takmörkun á í lýðræðislegu þjóðfélagi.

Þetta var fyrsti dómurinn sem MDE kvað upp er varðaði tjáningarfrelsið og frelsið til að miðla upplýsingum til almennings í fjölmiðlum. Málið varðaði greinarskrif um lyfið, „*thalidomide*“ sem lækna skrifuðu upp á og notkun þess. Verðandi mæður tóku lyfið og í kjölfarið fæddu þær börn með fæðingargalla sem óbyggjandi mátti rekja til lyfsins. Skýrslur komu fram um börn sem fæddust með fæðingargalla og gagnrýni kom fram í greinum sem Sunday Times birti og fjallaði meðal annars um framleiðanda lyfsins og seljandann, fyrirtækið Disdillers Company Ltd. Í september árið 1972 birti blaðið grein undir yfirskriftinni: „*Thalidomide börnin okkar: Ástæða til þjóðarskammar.*“ Ætlun blaðsins var að birta fleiri greinar um sama efni en lögbann var sett á birtingu greinanna áður en til þess kom. Rökin að baki banninu var

<sup>97</sup> Sjá nr. 9 að ofan 61.

<sup>98</sup> Sjá nr. 93 að ofan 103.

að birting greinanna gæti valdið því að dómstóll götunnar mundi dæma í málinu. Breska ríkið hélt því fram að þannig ætti tjáningarfrelsið ekki að virka, enda væru það eingöngu breskir dómstólar sem ættu að kveða upp dóm í málum sem þessum. MDE taldi lagaheimild fyrir takmörkuninni og einnig að það lögmæta markmið sem stefnt var að hefði verið í fullu samræmi við það að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla, eins og breska ríkið lagði áherslu á. Takmörkunin á tjáningarfrelsinu sem var lögð á blaðamanninn var að mati MDE „*ekki þörf í lýðræðisþjóðfélagi*“.

Í þessu máli var ekki um „*knýjandi samfélagslega nauðsyn*“ eins og dómstólinn hefur lagt áherslu á að verði að vera til staðar svo takmarka megi tjáningarfrelsið samkvæmt 10. gr. MSE. Einnig kom fram í dómi MDE að tjáningarfrelsinu fylgdi ekki eingöngu frelsi til að veita óumdeilanlegar upplýsingar, heldur einnig upplýsinga sem koma frá ríkisvaldinu eða annars staðar í samfélaginu. Þetta gildir einnig þó upplýsingarnar geti verið móðgandi eða truflandi.<sup>99</sup>

Það er réttur almennings að vera vel upplýstur um mál sem ógna heilsu manna samanber niðurstöðu í máli Sunday Times gegn Bretlandi. Í málinu má sjá að 10. gr. MSE er ætlað að vernda tjáningarfrelsið og ekki aðeins til að upplýsa almenning, heldur er það réttur almennings að vera vel upplýstur um mikilvæg málefni eins og alvarlega heilsufarsógn við fólk. Hvar ábyrgðin liggur í málum sem þessum kemur almenningi við. Það að blaðið hafi tekið málefnið, skrifað um það og komið því þannig fram í dagsljósið, varð til þess að borgarar fengu vitneskju um málið. Óupplýst umræða er slæm og býður upp á vangaveltur þar sem geta þarf í eyðurnar. Það er því í verkahring fjölmiðla að koma til almennings vitneskju og hugmyndum og upplýsingum. MDE setti hagsmuni almennings ofar hagsmunum fyrirtækisins sem seldi lyfið. Hagsmunir fólks eru best tryggðir með því að upplýsa og veita upplýsingar um jafn alvarleg málefni og hér um ræddi.

Tjáningarfrelsið tekur ekki bara til „upplýsinga“ eða „hugmynda“ sem eru vinsælar eða hafa litla þýðingu, eins og kom fram í dómnum í máli Sunday Times gegn Bretlandi. Heldur nær það einnig til þeirra upplýsinga sem geta raskað ró fólks, hneykslað eða jafnvel móðgað fólk. Engu máli skipti hvort málefnið væri til meðferðar hjá dómstólum. Það á ekki að koma í veg fyrir almenna þjóðfélagsumræðu um málefnið. Af þessu leiðir að tjáningarfrelsið felur í sér eina af meginstöðum lýðræðislegs þjóðfélags og er með þessum dómi MDE veitt rík vernd, en

---

<sup>99</sup> Sjá nr. 60 að ofan 30, 1-11, 65.

áherslan er sú að það séu hagsmunir almennings að fá vitneskju um málefnið. Lítum nánar á takmarkanir á tjáningarfrelsinu.

Tjáningarfrelsið er þó háð undantekningum sem túlka ber þröngt, enda þarf með sannfærandi hætti að sýna fram á nauðsyn slíkra undantekninga. Það hlutverk fjölmiðla að koma áfram upplýsingum og hugmyndum, eins og rakið er hér að framan, verður að hafa í huga þegar þau mörk eru skoðuð sem fjölmiðlar verða að virða. Takmarkanir geta komið til „vegna þjóðaröryggis“ og einnig til að „tryggja vald dómstóla“, en hlutverk fjölmiðla er að skila áfram upplýsingum sem koma almenningi við. Ef takmarkanir á tjáningarfrelsið eru miklar, geta fjölmiðlar ekki sinnt hlutverki sínu sem „varðhundur almennings“. Varðandi orðið „nauðsyn“ sem kemur fram í 2. mgr. 10. gr. MSE, þá hefur það þá merkingu að fyrir hendi verði að vera „knýjandi samfélagsleg nauðsyn“. Aðildarríkin hafa svo ákveðið svigrúm til mats á því hvort slík nauðsyn sé fyrir hendi.<sup>100</sup> Dómurinn undirstrikar það þýðingamikla hlutverk sem fjölmiðlar hafa í því þjóðfélagi sem við búum við í dag, lýðræðisþjóðfélagi. „Thalidomide“ málið á það sameiginlegt með málum íslensku blaðamannanna frá sumrinu 2012 að málefni áttu erindi við almenning, enda um brýna samfélagslega hagnun að ræða. Það er nauðsynlegt fyrir þjóðfélag manna að fá fregnir af því ef lyf eru í boði í þjóðfélaginu sem valda miklum skaða og jafnvel þannig að fólk hafi heilsutjón af. Slík málefni verða að vera í umræðu ef um lýðræðislegt þjóðfélag er að ræða. Ef slík málefni má ekki ræða, almenningur fær ekki vitneskju um þau þá getur ekki verið um frjálst og lýðræðislegt land að ræða. Almennigur verður að geta gert kröfu um vitneskju á jafn alvarlegum málefnum svo hægt sé að koma í veg fyrir að svipuð mál geti komið upp aftur. Umræða um málefni eins og um var fjallað í málum blaðamannanna frá árinu 2012, þar sem fjallað var um vændi, mansal, fíkniefnum og fleira tengdu súludansstöðum þá er það vissulega málefni sem koma almenningi við en þar má segja að eingöngu með vitneskju almennings á slíkum málefnum getur umræða orðið í þjóðfélaginu sem verður til þess að slík atvinnustarfsemi þrífst og þar fari jafnvel fram ólögleg starfsemi þar sem ekkert er að gert.

## 9.2. *Lingens málið*

Lingens gegn Austurríki (no.9815/82): Kærandi hafði skrifað greinar sem fjölluðu um háttsetta menn sem voru í framboði til þingkostninga og hann gagngrýni kanslara Austurríkis, en flokkur hans hafði unnið kostningar þar í landi. Hann notaði orð í grein sinni eins og „tækifærisinna af verstu sort“ og sagði

---

<sup>100</sup> Sjá nr. 9 að ofan 53-54.

kannslarann skorta pólitíska siðferðiskennd og hafði fleiri orð um kanslarann sem þóttu móðgandi. Kærandi hafði verið fundinn sekur um æðumeiðingar á öllum dómstigum í heimalandi sínu og var gert að greiða sekt. Kærandi taldi á tjáningarfrelsi sínu brotið ef hann mætti ekki fjalla um jafn mikilvæg málefni sem tengdust opinberum persónum. Það var álit MDE að það yrði að greina milli staðreynda og gildisdóma. Það væri hægt að sýna fram á og sanna staðreyndir en það ætti ekki við um gildisdóma. Fram kom í dómi MDE að „það er ekki hægt að sanna gildisdóma og því brýtur krafa um slíkt gegn tjáningarfrelsi“. Niðrandi gildisdómar verða að vera settir fram í góðri trú og verða eiga sér einhverja stoð í staðreyndum málsins. Skoðanafrelsi 10. gr. MSE innihéldi að ekki væri hægt að fara fram á það að sanna skyldi gildisdóma. MDE skoðaði hvort afskipti ríkisins ættu sér stoð í lögum og hvort það lögmæta markmið hafi verið að vernda mannorð og réttindi annarra. Að mati dómstólsins voru þau skilyrði uppfyllt. Þá fór dómstóllinn yfir það hvort afskiptin hefðu verið nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Niðurstaða MDE var að brotið hefði verið á tjáningarfrelsi kæranda og taldi MDE að ekki hefði verið nauðsyn að setja takmarkanir á tjáningarfrelsið í þetta skiptið. Fram kom í dómi MDE að stjórnámálameinn yrðu að þola meiri gagnrýni á sjálfan sig og það væri eðli málsins samkvæmt, að almenningur gæfi þeim meiri gaum en ef þeir myndu ekki vera í starfi sem opinberar persónur. Kom fram að meginreglan í 10. gr. MSE að blaðamönnum beri að „taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum“ skipti fjölmiðla verulegu máli. Þessi regla 10. gr. MSE hafi sérstaka þýðingu fyrir blaðamenn og hafnaði MDE þeirri þröngu túlkun að blaðamenn ættu að flytja fréttir og miðla þar með upplýsingum og eftirláta síðan þeim lesandanum að túlka upplýsingarnar.

Blaðamenn verði að virða mannorð fólks og megi ekki fara yfir ákveðin mörk. Er það í verkahring blaðamanna að miðla upplýsingum og hugmyndum um stjórnámálaleg málefni og önnur þau málefni sem almenningur varða. Það er ekki bara skylda fjölmiðla að koma upplýsingum til almennings, heldur er það einnig réttur fólksins að fá þær upplýsingar sem eiga erindi til þeirra eins og áður hefur komið fram. Í meiðyrðamálum eigi alltaf að huga að því hvort ummæli þau sem um ræðir séu staðhæfingar um staðreyndir eða gildisdómar. Þetta er nauðsynlegt samkvæmt MDE þar sem blaðamenn verða að geta sannað staðhæfingar um staðreyndir en í gildisdómum þarf ekki að sýna fram á sönnun á viðkomandi ummælum. Stjórnámálameinn verða engu að síður að una gagnrýni, jafnvel þó harkaleg sé, sérstaklega ef stjórnámálamaðurinn sjálfur hefur látið orð falla í þeim tilgangi eða sem eru til þess fallin að orðin muni vekja upp viðbrögð. Fjölmiðlamenn mega samkvæmt dómnsniðurstöðu MDE færa í stíllinn og jafnvel ögra enda sé það í þágu frjálsrar stjórnámálaumræðu. Í Lingens málinu eins og í Handyside málinu sem er fjallað um í þessari ritgerð og fleiri niðurstöðum dóma MDE kom fram að þær takmarkanir sem koma fram í 2. mgr. 10. gr. MSE taka ekki einungis til upplýsinga eða hugmynda sem eru mönnum að skapi heldur einnig til upplýsinga og hugmynda sem geta móðgað, hneykslað eða komið róti á hugarró manna. Þetta sagði MDE að væri afleiðing af því að í lýðræðislegum þjóðfélögum væri víðsýni, umburðarlyndi og



fjölhyggja. Blaðamenn sinni því mikilvæga hlutverki að koma til lesenda sinna upplýsingum en með því getur almenningur fengið vitneskju um atburði og myndað sér skoðanir á því málefni sem um ræðir í hvert sinn. Í máli Lingens snérist tjáningarfrelsið um að borgarar gætu áttað sig á skoðunum forystumanna í stjórn málum og einnig að þeir gætu sjálfir myndað sér skoðun á málefninu. Fram kom að fjölmiðlar eigi að vera í hlutverki sem dómstólinn kallar „varðhundur almennings“ og það feli í sér að þeir eigi að flytja almenningi upplýsingar en þetta hefur svo verið endurtekið í dómum MDE aftur og aftur. MDE lagði áherslu á mikilvægi þess að opinber og stjórn mála leg umræða sé virk. Afskiptin voru talin óhófleg miðað við það lögmæta markmið sem að var stefnt í málinu.<sup>101</sup>

Talið var að dómurinn yfir blaðamanninum Lingens, hefði verið til þess fallinn að fæla hann sem blaðamann frá því að gagnrýna málefni í samfélaginu, samanber hlutverk blaðamanna. Umræður um ríkisstjórnir og stjórn mála eru viðfangsefni blaðamanna enda eiga þeir að gegna hlutverki „varðhunda almennings“ og það gera þeir með því að flytja almenningi fréttir af því sem gerist í stjórn málum. Framangreint á við í máli Bjarkar Eiðsdóttur en í því máli var það tekið fram að skylda MDE sé sú að taka mál til skoðunar þar sem refsiaðgerðir stjórnvalda eru á þann hátt, að mögulegt sé að það letji borgarana til að taka þátt í umræðum um málefni sem á erindi til þeirra.<sup>102</sup> Þetta á vissulega við um mál Bjarkar enda var henni gert að greiða sekt sem hún sagði vera samsvarandi fimmföldum mánaðarlaunum sínum ásamt dráttarvöxtum til tveggja ára<sup>103</sup>. Leiða má líkur að því að að refsing af þessu tagi hljóti að að hamla því að almenningur telji það gerlegt að taka þátt í almennri umfjöllun í fjölmiðlum um málefni sem kostað geti fólk háar sektir. Í máli Erlu Hlynsdóttur er á sambærilegan hátt haft á orði af MDE að refsing blaðamanna sé til að torvelda framlag fjölmiðla til umræðu sem á erindi til almennings.<sup>104</sup>

### 9.3. Castells málið

Castells gegn Spáni (no. 11798/85): Kærandi höfðaði mál á hendur spænska ríkinu þar sem hann taldi á tjáningarfrelsi sínu brotið. Kærandi var af baskneskum uppruna og sat sem þingmaður á spænska þinginu. Kærandi krafist þess að fá að fjalla um jafn brýn þjóðfélagsleg málefni og athafnir ríkisstjórnar landsins væru. Ríkið taldi hann hafa móðgað ríkisstjórnina þar sem hann fjallaði opinskátt um stuðning ríkistjórnarinnar við árásir úti í heimi. MDE sagði að það yrði að hafa hlutverk fjölmiðla í huga í þessu sambandi. Fjölmiðlamenn hafa það hlutverk að koma á framfæri skoðunum fólks þegar um er að ræða

<sup>101</sup> Sjá nr. 65 að ofan 21, 31, 41-24, 46, 103

<sup>102</sup> Sjá nr. 5 að ofan 69.

<sup>103</sup> Sjá nr. 5 að ofan 44.

<sup>104</sup> Sjá nr. 6 að ofan 71.

skoðanir eða álit á framkomu þeirra pólitísku aðila sem stjórna landinu. Þetta gefur stjórnámálumönnunum tilefni til að svara fyrir sig og koma með sína útgáfu af því hvernig þeir sjá hlutina í því samhengi sem málið er. Af tjáningarfrelsinu leiðir að almenningur getur á grundvelli upplýsinga frekar tekið þátt í almenntri umræðu um pólitísk málefni en það er grundvallaratriði í lýðræðisþjóðfélögum. Einnig kom fram í dómnum að leyfileg gagnrýni er rýmri þegar í hlut á ríkisstjórn heldur en ef um væri að ræða alþingismann eða jafnvel almenna borgara. Ef um lýðræðislegt þjóðfélag er að ræða, þá er eðlilegt að fjalla um athafnir eða athafnaleysi ríkisstjórnar landsins. Enda er það í samræmi við hlutverk fjölmiðla að fjalla um slík málefni. Almenningur á rétt á því að vita af þeim ákvörðunum sem ríkisstjórnir taka. Að lokum má nefna að í niðurstöðu dómsins kom fram að þó frelsi til umfjöllunar um ríkisstjórn væri eðlilegt í sjálfu sér, þá væri það háð eðlilegum takmörkunum sem væru þess eðlis að vanda þyrfti til umfjöllunar og blaðamönnum ber að hafa umfjöllun hóflega og vinna efni þessu tengt í góðri trú. Niðurstaða MDE var sú að það væri eðlilegt að fjallað væri um ákvarðanir og afstöðu ríkisstjórnar landsins. Af því leiddi að spænska ríkið hafði brotið á 10. gr. MSE.<sup>105</sup>

Umræða um stjórnámál nýtur mikillar verndar. Það þarf góð rök fyrir takmörkun á pólitískum umræðum ef aðildarríki ætlar að setja takmörkun á tjáningarfrelsið í þeim tilvikum. Almenningur á rétt á þátttöku í pólitískum umræðum en öll umræða um pólitík nýtur hvað mestrar verndar af allri umræðu í þjóðfélaginu.<sup>106</sup> MDE hefur sagt í dómum sínum að einstaklingur sem er ekki sammála hugmyndum sem eru ríkjandi í þjóðfélaginu verði að geta látið rödd sína hljóma opinberlega eins og þeir sem eru í hópi þeirra sem eru sammála ríkjandi hugmyndum í þjóðfélaginu.<sup>107</sup> Gagnrýni á stjórnvöld þar með talin ríkisstjórnir aðildarríkjanna er leyfileg innan eðlilegrar marka og virðast vera rýmri en á hinn almenna borgara.

Tilvitnun í dóm MDE frá árinu 1999 þar sem kjarnin í afstöðu MDE kemur fram varðandi það að gagnrýni sé í raun rýmri varðandi stjórnvöld en í dómnum sagði: „Í lýðræðislegu þjóðfélagi verða aðgerðir eða aðgerðarleysi stjórnvalda að sæta ströngu eftirliti ekki einungis þings og dómstóla heldur einnig almenningsálitsins. Ennfremur ættu stjórnvöld vegna yfirburða stöðu sinnar að fara sér hægt í að grípa til refsímála, sérstaklega þegar aðrar leiðir eru færar til að svara óréttmætum árásum og gagnrýni andstæðinga“.<sup>108</sup>

<sup>105</sup> Castell v. Spain, judgement of 23 April 1992, Series A No. 236, mgr. 43-46.

<http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-57772>

<sup>106</sup> Feldek gegn Slóvakíu frá 12. júlí 2001, RJD 2001-VIII, mgr. 83

<http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-59588>

<sup>107</sup> Piermont gegn Frakklandi frá 27 apríl 1995, Series A. 314 mgr. 76

<sup>108</sup> Baskaysa og Okcuoglu gegn Tyrklandi 8. júlí 1999, RJD 1999-IV, mgr. 62.

Eins og fram kemur þá er það nauðsynlegt í lýðræðisríkjum að almenningur geti myndað sér skoðanir um jafnmikilvæg málefni og ákvarðanir ríkisstjórnar eru. Allar ákvarðanir sem ríkisstjórn tekur, sérstaklega ákvarðanir sem teknar eru í hernaði eða utanríkismálum koma borgurum aðildarríka við. Enda geta ákvarðanir ríkisstjórnar haft veruleg áhrif á borgara aðildarríkjanna.

#### 9.4. Jersild málið

Jersild gegn Danmörku (no:15890/89): Kærandi J var fjölmiðlamaður í Danmörku og hafði tekið viðtal við svokallaða Grænstakka sem höfðu uppi kynþáttafordóma. Kærandi höfðaði málið á hendur danska ríkinu þar sem hann taldi á tjáningarfrelsi sínu brotið. Ákærvaldið taldi J hafa haft frammi kynþáttafordóma með því að ræða við þá. Kærandi krafðist þess að sá sem lét orðin falla, ætti að vera einn ábyrgur fyrir umræddum ummælum. Það væri í verkahring fjölmiðlamanna að koma til almennings skoðunum sem ættu erindi til þeirra. Almennings ætti rétt á því að vera upplýstur um málefni sem koma þeim við. Niðurstaða MDE var að brotið hefði verið á tjáningarfrelsi kæranda í þessu tilviki.

Í Jersild var fjallað um tjáningarfrelsi fjölmiðla og hvaða áhrif það getur haft þegar það er takmarkað. Nokkrum meginatriðum svipar mjög til íslensku málanna frá sumrinu 2012 sérstaklega hvað varðar það atriði að ummæli eru höfð eftir þriðja aðila og dómstóll heimaríkis dæmir fjölmiðlamann engu að síður fyrir ummælin. Eins og hefur komið fram þá var kærandi fjölmiðlamaður í Danmörku sem sem tók umdeilt viðtal við Grænstakka. Kærandi vísaði í kynningu málsins í þætti sínum til þess að það hafi verið í opinberri umræðu í ákveðinn tíma áður en efni þáttarins var ákveðið. Þrátt fyrir að sjónvarpsmaðurinn aðskildi sig frá ummælunum var hann sakaður um að hafa hvatt unga fólk til áróðursins. Í dómi MDE sagði að það væri ekki rétt að halda því fram að tilgangur viðtalsins hefði verið að reka áróður fyrir kynþáttahatrí eins og danska ríkið hefði talið. MDE samþykkti að danska ríkið hefði átt að vernda þegna sína gegn kynþáttamismunun enda væru ummæli unga fólksins móðgandi fyrir þann hóp sem um ræddi. Einnig sagði MDE að ef refsar ætti blaðamönnum fyrir það eitt að aðstoða fólk sem telur sig hafa eitthvað fram að færa til almennings, koma á framfæri upplýsingum frá fólk sem blaðamaðurinn hafði tekið viðtal við, myndi það hamla því að fjölmiðlar gætu komið á framfæri málefnum sem eiga erindi við almennings. Það ætti því ekki að takmarka tjáningarfrelsið að þessu leyti nema til þess væru verulega gildar

ástæður. Var það niðurstaða MDE að refsing blaðamannsins hefði ekki verið nauðsynleg í lýðræðisríki.<sup>109</sup>

Jersild málið er sambærilegt og mál íslensku blaðamannanna frá sumarinu 2012. Í Jersild málinu hafði kærandi umrædd ummæli eftir viðmælendum sínum eins og fram hefur komið. Svipaðar forsendur eru fyrir hendi í báðum málum íslensku blaðamannanna. Þær studdust við viðtöl, í fyrsta lagi viðtal við fyrrum nektardansmætur sem óskaði eftir að fá að segja sögu sína og hins vegar við eiganda nektardansstaðar sem hafði samband að fyrra bragði við blaðamanninn og vildi koma á framfæri upplýsingum sem hann vildi upplýsa almenning um. Þetta skiptir máli þar sem þetta er einmitt hlutverk fjölmiðla, það er að segja, það að koma á framfæri mikilvægum upplýsingum sem almenningur telur að eigi erindi við samfélagið. Í Jersild dómnum kemur einnig fram að þjóðfélagssumræða hafði átt sér stað um málefnið á svipaðan hátt og var einnig í aðdraganda máls íslensku blaðamannanna. Umfjöllun hafði verið í blöðum, og opinber almenn umræða hafði verið í nokkurn tíma. Kærandi fjallaði um málefnið í danska sjónvarpinu og taldi að með því væri almenningur upplýstur um umræðuna og fólk gæti séð þáttinn um Grænstakkana og þeirra viðhorf í þessu samhengi. Það sama á við í máli Erlu Hlynisdóttur sem sagði rekstur nektardansstaða hafa verið lengi í umræðunni á Íslandi, umræðan hefði snúið að því hvort banna ætti slíka staði alfarið, hvort þar væru refsiverð athæfi stunduð og nektardansstöðum hefði verið lokað af lögreglu vegna þess að talið var að þar væru stunduð ólögleg starfsemi. Umræðan barst alla leið inn á Alþingi Íslendinga og má segja að umræðan hafi verið lengi almenn áður en kærandi skrifaði blaðagrein um málefnið. Í máli Bjarkar Eidsdóttur átti það sama við en umræða og blaðaskrif höfðu átt sér stað um nokkuð langa hríð áður en kærandi skrifaði umrædda blaðagrein. Viðtöl höfðu verið í tímaritum um sama málefni sem síðan síðan varð kveikjan að því að því blaðaviðtali sem um ræddi í máli kæranda.

Jafnalvarleg málefni ættu að öllu jöfnu erindi við almenning og væri jafnvel nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi enda um samfélagsleg málefni að ræða. Það er athyglisvert að þar sem Jersild málið er svo keimlíkt málum íslensku blaðamannanna, þá hefðu íslenskir dómstólar átt að sjá þarna mjög ákveðið dómafordæmi þegar þeir dæmdu í málum íslensku blaðamannanna.

---

<sup>109</sup> Sjá nr. 17 að ofan 31-35.

## 9.5. Goodwin málið

Goodwin gegn Bretlandi (no. 17488/90): Kærandi höfðaði mál á hendur breska ríkinu þar sem hann taldi á rétti sínum til tjáningarfrelsis brotið. Kærandi krafðist þess að hann gæti komið á framfæri upplýsingum frá ónafngreindum aðila. Í þessu máli var því um verndun heimildarmanna að ræða. Ríkið fór fram á að upplýsingarnar væru ekki gerðar opinberar þar sem um trúnaðarbrot var að ræða. Þegar um fjölmiðlafrelsi er að ræða þá er vernd heimildarmanna blaðamanna eitt af þeim verkfærum sem blaðamenn geta notað. Má segja að heimildarmenn séu það mikilvægir fyrir blaðamenn að sé ekki vernd fyrir upplýsingar þeirra, sé ekki hægt að tala um fjölmiðlafrelsi. Bæði lög og siðareglur aðildarríkja innihalda iðulega ákvæði til verndar heimildarmönnum. Niðurstaða MDE var sú að á 10. gr. MSE var brotið í þessu máli. Í dómnum kom fram að:

„Heimildavernd fréttar er eitt af grunnskilyrðunum fyrir tjáningarfrelsi fjölmiðla. Án slíkrar verndar kynnu heimildarmenn að forðast það að veita fjölmiðlum liðsinni í að upplýsa almenning í málum er varða hagsmunum almennings. Af því kann að leiða að grafið verði undan eftirlitshlutverki fjölmiðla og dregið úr möguleikum þeirra til að miðla nákvæmum og áreiðanlegum upplýsingum. Að teknu tilliti til mikilvægis verndar heimildarmanna fjölmiðla fyrir tjáningarfrelsi fjölmiðla í lýðræðissamfélagi og hugsanlegs skaða er fyrir mæli um uppljóstrun heimilda kynnu að valda er slíkt úrræði ósamrýmanlegt 10. gr. sáttmálans, nema það sé réttlætt með mikilsverðum hagsmunum almennings.“

MDE hefur samkvæmt ofansögðu gefið vernd heimildarmanna mikið vægi en í dómnum sagði í máli Goodwin að blaðamenn verða að geta fengið heimildir frá fólki án þess að þeir þurfi alltaf að gefa upp hvaðan þær koma. Tryggja verði vernd heimildarmanna ella gæti það valdið því, að þeir sem búa yfir upplýsingum sem eiga erindi við almenning myndu síður vilja koma þeim á framfæri. Af því myndi leiða að hlutverki fjölmiðla sem „varðhundur almennings“ yrði stefnt í voða. Fáir heimildarmenn ekki tilskilda vernd grafi það undan því að upplýsingar verði nákvæmar eða áreiðanleganlegar. Er vernd heimildarmanna því mjög mikilvæg í lýðræðisríkjum. Þegar blaðamenn fá upplýsingar hjá heimildarmönnum má segja að í ferlinu sem þar fer fram, ber að horfa til þess að það byrji á því að upplýsingar eru gefnar. Upplýsingum er miðlað og almenningur tekur við þeim. Verndin er nauðsynleg í öllu þessu ferli svo heimildarmenn færast síður undan því að gefa upp upplýsingar sem varða almenning og jafnvel almannahagsmunum.<sup>110</sup>

Trúnaður blaðamanna við heimildarmenn sína er nauðsynlegur til að blaðamenn geti gegnt hlutverki sínu. Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. nýju fjölmiðlalaganna<sup>111</sup> þá hafa starfsmenn fjölmiðlaveitna það er að segja blaðamenn loks fengið vernd í fjölmiðlalögum fyrir

<sup>110</sup> Goodwin gegn Bretlandi frá 27. Mars 1996 RJD 1996-II, <http://hudoc.echr.coe.int/sites/fra/pages/search.aspx?i=001-57974> sótt 1.4.2013, mgr. 39

<sup>111</sup> Lög um fjölmiðla 38/2011

heimildarmenn sína. Áður var réttur blaðamanna til að halda heimildum leyndum tryggður í einkamálalögum 53. gr. einkamálalaga nr. 91/1991 og í a. lið 2. mgr. 119. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

MDE hefur sagt í dómi<sup>112</sup> að 10. gr. MSE gæfi það til kynna að það væri blaðamanna að ákveða hvort að nauðsynlegt væri að birta skjöl til að auka tiltrú almennings á frásögnum. Í dómnum kom fram að það væri í verkahring blaðamanna að miðla upplýsingum sem hafa almenna skírskotun. Blaðamenn verði að vera í góðri trú, þeir verði að byggja frásögn á staðreyndum og mikilvægt sé að þeir láti frá sér áreiðanlegar og nákvæmar upplýsingar en það sé í samræmi við siðareglur blaðamanna.

MDE hefur lagt á það áherslu það skuli vera í höndum fréttamannanna sjálfra hvaða aðferðir þeir noti til að koma fréttum á framfæri. Kom það fram í máli Jersild gegn Danmörku en um það mál er fjallað betur á öðrum stað í þessari ritgerð.<sup>113</sup> MDE hefur sagt það vera rétt almennings að fá upplýsingar frá ólíkum sjónarhornum.<sup>114</sup>

Af framangreindu má ráða að fjölmiðlar hafa sjálfstæði í því hvernig þeir bera sig eftir fréttum og koma þeim á framfæri. Sjálfstæði blaðamanna er undirstrikað í Jersild málinu. MDE sagði dómstóla aðildarlandanna eiga að fara varlega í að gagngrýna vinnubrögð fréttamanns.

Það er ekki einungis hér á landi sem innlendir dómstólar takast á við túlkanir MDE varðandi tjáningarfrelsið og ekki síður varðandi vernd heimildarmanna. Í mörgum löndum Evrópu sem fullgilt hafa MSE er hin síðari ár stöðugt tekist á um hve langt eigi að ganga til að vernda tjáningarfrelsi blaðamanna en ekki síður hve langt eigi að ganga í að vernda heimildamenn blaða- og fréttamanna. Ruth Costigan, háskólakennari á Írland fjallar í vandaðri grein í tímaritinu Public Law um vernd heimilda blaðamanna út frá málum Ashword Hospital Authority gegn MGN (2001) og og X Ltd gegn Morgan Grampian (Publishers) Ltd 1991. Þar kemur fram að ef tekið er tillit til þeirra undanþága sem er að finna í lögætum markmiðunum 10. gr. MSE þá verði að fara vandlega yfir kröfuna um að upplýsa um heimildarmenn og ef sú aðgerð sé nauðsynleg þá beri að líta á uppljóstrun um heimildarmann sem allra síðasta úrræði. Í Bretlandi hefur lagaumræðan um þennan þátt snúist annars vegar

<sup>112</sup> Fressoz og Roire gegn Frakklandi frá 21. Janúar 1999, RJD 1999-I mgr. 54.

<sup>113</sup> Sjá nr. 17 að ofan 31. <http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-57891>

<sup>114</sup> Sjá nr. 110 að ofan 46.

um mannréttindaákvæðin sem sett voru 1998 ( e. Human Rights Act 1998) samkvæmt þeim lagaákvæðum skulu blaðamenn búa við þau skilyrði að dómstólar geta leyst heimildarmenn undan friðhelgi þegar dómari metur það svo að réttarfarslegir hagsmunir, þjóðaröryggi eða varnir gegn glæpum séu í veði. Svipuð ákvæði þekkjum við úr lagaumfjöllun í þessari ritgerð. Í Bretlandi er sú krafa gerð til blaðamanns að hann hafi verið meðvitaður um heimild sína, heimild hans sé þess eðlis að hún tengist hagsmunum almennings, blaðamaðurinn þarf að hafa unnið verk sitt í góðri trú og af ábyrgð. Ef veikleiki er í einhverju þessara atriða, er líklegt að dómstólar taki fremur stöðu við hlið ákærandans. Þannig getur ákærandinn talið að tjáningarfrelsið geti valdið hagsmunum sínum tjóni en erfiðara getur verið að sýna fram á að hefting óljóss tjáningarfrelsis geti á sama hátt valdið blaðamanni eða heimildarmanni tjóni. En Ruth telur einmitt að hindrun á frjálsu flæði upplýsinga sé svo dýru verði keypt að hún ætti að heyra til algerrar undantekningar. Hún minnir einnig á viðkomandi tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins þar sem undanþágur eru skilgreindar er varða trúnað við heimildarmenn blaðamanna: Vernd mannlífs, fyrirbygging alvarlegt glæps, og vörn einhvers sem sakaður er um alvarlegan glæp. Hún bendir á þá miklu þversögn sem felst í því að lög í Bretlandi geti leitt til þess að dómstólar leyfi eða fyrirskipi að blaðamenn gefi upplýsingar um heimildarmenn sína, sem síðan geti leitt til brottreksturs starfsmanna í einkafyrirtækjum. Ruth telur að mikilvægt sé að tjáningarfrelsið fái aukið vægi í samræmi við innihald MSE og telur þess vegna að mannréttindaákvæði HRA frá 1998 með núverandi túlkun dómsstóla í Bretlandi sé ekki í fullu samræmi við MSE og telur að Bretar ættu sem fyrst að breyta lögum innanlands til að þau verði í fullu samræmi við MSE. Ef til vill ættu þessar athugasemdir Ruth Costigan að skoðast í því ljósi að einnig hér á landi eru dómur að falla eins og í málum Bjarkar Eiðsdóttur og Erlu Hlynsdóttur meðal annars á grundvelli löggjafar innanlands og að ekki sé farið eftir fordæmum og túlkun dóma MDE í sambærilegum eða svipuðum málum eins og rakið er í þessari ritgerð.<sup>115</sup>

#### 9.6. *Bladet Tromso and Stensaas málið*

Bladet Tromso and Stensaas gegn Noregi (no. 21980/93): Ákærvaldið taldi kæranda hafa miðlað æsifréttum sem hefðu ekki haft neinn annan tilgang en að blása upp ásakanir um afbrot og helsti tilgangur blaðamannsins hefði verið að vera fyrstur með fréttirnar. Kærandi höfðaði mál á hendur norska ríkinu þar sem hann hélt því fram að brotið væri á tjáningarfrelsisákvæði 10. gr. MSE. Að mati kæranda voru greinarnar sem birtar voru í blaðinu um selveidar þess eðlis að efni þeirra komu almenningi við. Norska ríkið taldi aftur á móti að ætlun blaðsins væri að sverta atvinnugrein með greinarskrifunum og um meidyrði væri að ræða, enda mundi efni greinarinnar og umræða um það ekki þjóna göfugum tilgangi úr í

<sup>115</sup> Ruth Costigan, "Protection of journalists' sources", 2007. Public law, 1, 13.

samfélagið. Þar sem umræða hafi verið í landinu og öðrum löndum um málefnið þá taldi MDE efni greinarinnar hafi verið um málefni sem snerti almenning. Niðurstaða MDE var á þá leið að það taldist ekki nauðsynlegt í lýðræðisríki að setja þessa takmörkun á tjáningarfrelsi samkvæmt 10. gr. MSE.

Bæði ritstjóranum og dagblaðinu var stefnt og þeir dæmdir sekir um meiðyrði í heimalandinu vegna ummæla sem höfð voru eftir þriðja manni. Greinin sem um ræddi, fjallaði um dýravernd og meintar ásakanir vegna selveiða og reglugerðar um veiðarnar. MDE sagði það vera skyldu blaðamanna að skýra frá efni sem ætti erindi við almenning en það yrði að gera í samræmi við ábyrgð blaðamanns og skyldur í þeim efnum. Í dómi MDE kom fram að sá sem skrifaði greinina hafði gert það í góðri trú og hafði greinarhöfundur reitt sig á opinbera skýrslu sem trúverðugt gagn í heimildarleit sinni og taldi dómurinn að ekki hefði verið nauðsyn á því að greinarhöfundur leitaði frekari sönnunar á því sem þar hafði staðið. Blaðamenn geta því vitnað í opinberrar skýrslur og jafnvel meiðandi ummæli úr þeim. Eins undirstikaði MDE í þessum dómi að það væri eitt af verkefnum blaðamanna að leyfa lesendum að mynda sér sínar skoðanir en það var gert í þessu máli með því að lesendur gátu bæði lesið ritgstjórnargreinina og ummæli sem einstaklingur lét falla sem átti aðild að selamálinu og fjallað var um í ritstjórnargreininni. Að mati dómstólsins var efni greinarinnar þess eðils að það átti erindi við almenning, enda var um það rætt í Noregi og á erlendri grundu. Mat MDE var ekki gætt meðalhófs í niðurstöðu dómstóls heimalandsins, en aldrei skal ganga lengra við takmarkanir á tjáningarfrelsinu en þörf er á. Í þessu tilviki var gengið of langt við takmarkanir á tjáningarfrelsinu og því markmiði sem stefnt var að sem í þessu tilviki var að gæta mannorðs heillrar atvinnustéttar.<sup>116</sup>

### 9.7. *Thoma málið*

Thoma gegn Luxemborg (nr. 38432/97): Kærandi var blaðamaður sem taldi á tjáningarfrelsi sínu brotið þar sem greinarskrif hans urðu til þess að hann var sakfelldur fyrir ærumeiðandi ummæli. Kærandi skrifaðu grein þar sem ummælin komu frá þriðja aðila og snérist greinin um embættismann. Sakfelling kæranda í heimalandinu var byggð á því að hann aðgreindi sig ekki nægilega frá efninu. Niðurstaða MDE var á þá leið að þeir töldu þetta brot á 10. gr. MSE þar sem það var ekki talin næg ástæða til að sakfella blaðamanninn fyrir að hafa ekki aðgreint sig nægilega frá efni greinarinnar.

Í Thoma máli frá árinu 2001 var efast um heilindi embættismanns. Blaðamaðurinn hafði ummælin eftir heimildarmanni og þegar hann skrifaði greinina þá gætti blaðamaðurinn þess

---

<sup>116</sup> Bladet Tromso and Stensaas v. Norway (GC), No. 21980/93, judgement of 20 Mai 1999, Reports 1999-I mgr. 50 <http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-58369>



ekki að aðgreina sig nægilega vel frá textanum sem hann hafði eftir heimildarmanninum. Blaðamenn eiga að aðgreina sjálfa sig nægilega vel frá orðum heimildarmanna ef ummæli sem þeir láta frá sér eru frá heimildarmönnum komin. Sérstaklega ef um ummæli er að ræða sem móðga eða geta skaðað mannorð einstaklings.<sup>117</sup> Blaðamaðurinn hafði nálgast efnið á þann hátt að hann hafði vitnað í heimildarmann. Í niðurstöðu MDE kom fram að gerð sé krafa til blaðamanna um að þeir aðgreini sig frá innihaldi tilvitnana sem kunni að móðga eða ögra eða skaða mannorð þeirra sem eiga í hlut. Það sé hlutverk fréttaveitna að koma á framfæri upplýsingum um atburði, skoðanir og hugmyndir. Í þessu tilviki var það að mati MDE brot á 10. gr. MSE að takmarka tjáningarfrelsi blaðamannsins. Dómstólinn taldi ekki nægar ástæður til að takmarka tjáningarfrelsið þrátt fyrir að blaðamaðurinn hefði ekki aðskilið sjálfan sig nægilega vel frá efni greinarinnar sem kom frá heimildarmanni.

### 9.8. Perna málið

Perna gegn Ítalíu (nr. 48898/99): Kærandi var blaðamaður sem kærði til MDE þar sem hann taldi á tjáningarfrelsi sínu brotið þar sem hann hafði verið fundinn sekur um meiðyrði í garð dómara. Í þessu máli voru settar fram fullyrðingar án þess að blaðamaðurinn gæti sannað þær. Þær voru þess eðils að kærandi átti að hafa haldbærar sannanir fyrir orðum sínum um dómara. Niðurstaða MDE í þessu máli var að þar sem engar sannanir voru til staðar þá var ekki gengið of hart fram í þessu máli þegar takmarkanir voru settar á tjáningarfrelsið samanber 10. gr. MSE.

Blaðamaðurinn skrifaði grein þar sem komu fram efasemdir um störf dómarsins. Blaðamaðurinn viðhafði neikvæð ummæli um dómara og notaði meðal annars orð þar sem hann lýsti dómara sem pólitískum og öfgafullum. Í skrifum blaðamannsins kom fram að dómari hefði haldið því fram að ákveðin stjórnmalamaður hafi tilheyrt mafunni, án þess að hafa neinar haldbærar sannanir. MDE taldi að þegar blaðgreinin væri skoðuð í heild sinni, hefði blaðamaðurinn komið á framfæri skýrum skilaboðum um dómara þar sem hann var sakaður um alvarlega hluti. Blaðamaðurinn hafði ekki gert neina tilraun í greininni til að sanna ásakanirnar. Dómstólinn taldi að afskipti ríkisins í því að takmarka tjáningarfrelsið, teldust samkvæmt dómi MDE ekki ganga gegn tjáningarfrelsisákvæðum sáttmálans. Í niðurstöðu MDE kom fram að það lögmæta markmiði sem stefnt var að, hefði náðst, og rök í niðurstöðu dómsins í heimaríkinu væru fullnægjandi og ættu við.<sup>118</sup> Í þessu máli voru því

<sup>117</sup> Thoma v. Luxembourg, No. 38432/97, judgement of 29 mars 2001, reports 2000\_III pgr 64.  
[http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-59363#{"itemid":\["001-59363"\]}](http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-59363#{)

<sup>118</sup> Perna v. Italy (GN), No. 48898/99, judgement of 6 Mai 2003, reports 2003-V.  
[http://hudoc.echr.coe.int/sites/fra/pages/search.aspx?i=001-61075#{"itemid":\["001-61075"\]}](http://hudoc.echr.coe.int/sites/fra/pages/search.aspx?i=001-61075#{)

afskipti ríkisins á því að takmarka tjáningarfrelsið ekki metin í andstöðu við tjáningarfrelsi 10. gr. MSE.

### 9.9. Selistö málið

Selistö gegn Finnlandi (no: 56767/00): Kærandi kærði til MDE þar sem hann taldi að finnska ríkið bryti á honum tjáningarfrelsisákvæði MSE. Kærandi hafði skrifað greinar um öryggi sjúklinga og eiginkonumissi, ekill sagði sögu sína eftir að hafa misst konu sína. Kærandi skrifaði fleiri greinar í framahaldinu um tengd og sama málefni þar sem hún vildi að almenningur vissi um kringumstæður sjúklinga og fjallaði þar um vanrækslu starfsfólks í læknastrétt og efni þessu tengt. Finnska ríkið taldi hann hafa haft uppi meiðyrði gagnvart lækni og misnotað frelsi fjölmiðla til þess. MDE skoðaði sérstaklega hvort að þessi takmörkun á tjáningarfrelsinu væri nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Niðurstaða MDE var að brotið var gegn 10. gr. MSE þar sem málefnið um öryggi sjúklinga komu almenningi við og reynslusaga ekkjumanns sem hafði misst konu sína eftir að hún hafði farið í aðgerð hafi vissulega átt erindi til almennings og var MDE ekki sammála því að efni greinanna hafi aðeins átt erindi við fámennan hóp í þjóðfélaginu.

Blaðamaðurinn var sakfelldur fyrir ærumeiðingar gagnvart lýtalækni í tveimur greinum sem blaðamaðurinn skrifaði. Að mati MDE var um að ræða efni sem átti erindi við almenning, öryggi sjúklinga var í húfi en málefnið varðaði heilbrigðismál. Að mati dómsins var ekki um rangar staðhæfingar að ræða í greinunum. Í greinunum komu fram almennar staðhæfingar er vörðuðu öryggi sjúklinga. Blaðamaðurinn var talinn hafa skrifað greinarnar í góðri trú. Sú meginregla að efni ætti erindi við almenning var hér yfirsterkari því að vernda mannorð læknisins. Var því ekki um brot að ræða gegn 10. gr. MSE.<sup>119</sup>

Í Selistö málinu eins og máli B frá sumrinu 2012 er um að ræða persónur sem eru í rekstri á starfsemi sem varðar almenning. Fólk sem velur sér störf sem geta vegna starfseminar verið umræðuefni í þjóðfélaginu geta því átt von á að um þau sé rætt á opinberum vettvangi. Þá er um að ræða mat á því hvort að orðspor viðkomandi sé meira virði í þessari stöðu en það að málefnið sem slíkt eigi erindi við almenning þar sem um lögmæta hagsmuni almennings sé að ræða.

## 10. Tölfræði MDE

Á heimasíðu MDE má finna tölfræði sem sýnir meðal annars hversu mörg mál frá aðildarríkum MSE eru kærð til MDE sem snerta 10. gr. MSE um tjáningarfrelsið. Íslenska

<sup>119</sup> Selistö v. Finland, No. 567667/00, judgement of 16. November 2004 <http://www.5rb.com/docs/Selisto-v-Finland%20ECHR%2016%20Nov%202004.pdf>

ríkið hefur tapað öllum málum varðandi tjáningarfrelsið sem hafa verið tekin fyrir hjá MDE.<sup>120</sup> Ef litið er á hvað mörg mál eru send frá öllum aðildarríkjum MSE má sjá að það voru 33 mál kærð til MDE árið 2012 sem voru vegna meints brots á 10. gr. MSE. Tvö íslensk kærúmál voru tekin fyrir hjá MDE sem vörðuðu 10. gr. MSE um tjáningarfrelsið á því ári. Þetta eru íslensku málin sem eru aðalefni þessarar ritgerðar, eins og hefur komið fram voru niðurstöður MDE íslensku blaðamönnunum í vil. Til samanburðar má nefna að frá Danmörku og Bretlandi voru engin mál kærð vegna 10. gr. MSE til MDE árið 2012. Ef fjöldi mála er skoðaður hjá öðrum aðildarríkjum má sjá að mörg þeirra kæra engin mál vegna tjáningarfrelsis til MDE árið 2012.<sup>121</sup> Á árinu 2013 berast enn fréttir þess efnis að íslenskir blaðamenn séu að kæra til MDE vegna meintra brota á 10. gr. MSE.<sup>122</sup> Enn fremur eru tvö mál sem blaðamaðurinn Erla Hlynsdóttur kærði til MDE, þau hafa verið tekin fyrir hjá dómstólnum og hefur MDE kallað eftir rökum íslenska ríkisins í þeim málum svo þegar þessi texti er skrifaður þá má gera ráð fyrir að niðurstaða í þau mál komi ekki fyrir en á árinu 2014.<sup>123</sup>

Ef við skoðum tölfræði frá MDE árið 2011 má sjá að alls, frá öllum aðildarríkjunum voru 32 mál kærð til MDE er vörðuðu meint brot á 10. gr. MSE. Það var ekkert mál kært til MDE frá Íslandi þetta ár. Til samaburðar má nefna að eitt mál var kært frá Bretlandi en engin kæra barst frá Danmörku.<sup>124</sup> Ef rýnt er í tölfræðina frá MDE frá árinu 2010 má sjá að alls 55 mál voru kærð til MDE það ár frá öllum aðildarríkjunum.<sup>125</sup>

Ef rýnt er í tölfræði frá árunum 2010 til 2012 þá kemur í ljós að tvö mál hafa verið kærð til MDE frá Íslandi, eitt mál var kært frá Bretlandi og ekkert mál var kært frá Danmörku á þessu tímabili. Íslendingar vilja oft bera sig saman við þessar Evrópuþjóðir og því er vert að glöggva sig aðeins á þessari staðreynd sérstaklega í ljósi þess hve fámenn þjóð við Íslendingar erum ef við miðum okkur við Bretland og Danmörku. Ljóst er að miðað við höfðatölu eru tiltölulega mörg mál að berast til MDE frá Íslandi sem er vissulega umhugsunarefni.

---

<sup>120</sup> [http://www.ruv.is/files/skjol/graphique\\_violation\\_en.pdf](http://www.ruv.is/files/skjol/graphique_violation_en.pdf) sótt 16.10.2013

<sup>121</sup> [http://echr.coe.int/Documents/Stats\\_violation\\_2012\\_ENG.pdf](http://echr.coe.int/Documents/Stats_violation_2012_ENG.pdf) sótt 27.11.2013.

<sup>122</sup> <http://www.visir.is/svavar-halldorsson-kaerir-islenska-rikid/article/2013130619045> sótt 27.11.2013.

<sup>123</sup> Hrd. 104/2009 og Hrd. 454/2009

<sup>124</sup> [http://echr.coe.int/Documents/Annual\\_report\\_2011\\_ENG.pdf](http://echr.coe.int/Documents/Annual_report_2011_ENG.pdf) sótt 1.12.2013

<sup>125</sup> [http://echr.coe.int/Documents/Annual\\_report\\_2010\\_ENG.pdf](http://echr.coe.int/Documents/Annual_report_2010_ENG.pdf) sótt 1.12. 2012

Á árinu 2012 eru má sjá að þau lönd sem kæra tvö mál til MDE vegna 10. gr. MSE eru Búlgaría, Ungverjaland og Holland. Árið 2011 eru tvö mál kærð frá Búlgaríu, tvö mál frá Ungverjalandi það ár en ekkert mál vegna 10. gr. MSE var kært til MDE. Árið 2010 var ekkert mál kært til MDE frá Búlgarí né Ungverjalandi og eitt mál kært til MDE vegna 10. gr. MSE frá Hollandi. Vert er að átta sig á að Íslendingar eru fámenn þjóð. Tölur Hagstofu Íslands segja Íslendinga vera um 320. 000. manns. Þær þjóðir sem við berum okkur oft saman við eru með fólksfjölda sem er margfaldur á við Íslendinga. Það er því merkilegt að Danir og Bretar skuli vera með færri mál sem kærð eru til MDE en Íslendingar. Orðið lýðræði er, eins og fram hefur komið í þessari ritgerð, nátengt 10. gr. MSE. Það er áleitinn spurning fyrir lýðræðispróun hér á landi að hédan eru send til MDE tiltölulega mörg kærúmál vegna 10. gr. MSE þar sem talið er að íslenska ríkið sé að brjóta á tjáningarfrelsisgrein MSE. Íslendingar eru í röðum með Ungverjalandi, Búlgaríu og Hollandi á þeim árum sem tekin eru til skoðunar hér að ofan það er að segja árin 2010 – 2012. Í þeim löndum búa margfalt fleiri en á Íslandi og varðandi lýðræði í Ungverjalandi, Búlgaríu og Hollandi þá skýtur það skökku við að sjá það að Íslendingar séu á sama stigi og þessar Evrópuþjóðir varðandi málafjölda sem kærður er til MDE vegna 10. gr. MSE.

## 11. Ólík sjónarmið um túlkun MSE

Það er ágætt að rifja upp hvernig alþingismenn litu til MSE og ákvæða hans þegar umræður voru á Alþingi um hvort ekki væri kominn tími til að koma ákvæðum MSE inn í íslenskt lagaumhverfi þar sem dómur voru farnir að falla kærendum til MDE í vil. Árið 2003 hélt Mannréttindastofnun Íslands málþing vegna þess að liðin voru 50 ár frá því að MSE tók gildi. Við það tækifæri reifaði Björn Bjarnasson þáverandi dómsmálaráðherra ýmis sjónarmið er viðkomu sáttmálanum og gildistöku hans. Fram kom í erindi Björns að við gildistöku sáttmálans á Íslandi hefðu réttindi hans þegar öðlast gildi í íslenskri löggjöf<sup>126</sup> og að nokkru leyti í íslensku stjórnarskránni. Þar kom fram að Bjarni Benediktsson hafði þann skilning á innleiðingu sáttmálans haustið 1951, að það væri ótvírætt að ekki væri um aukin réttindi tjáningarfrelsisins að ræða við innleiðingu sáttmálans og því ekki um miklar réttarbætur að ræða, en orðrétt sagði Bjarni í umræðum á Alþingi haustið 1951 „*Um þau réttindi, sem hér eru talin, er það í stuttu máli að segja að í öllu því sem nokkru máli skiptir, þá eru þau réttindi nú þegar beinlínis veitt borgurinum berum orðum í íslenskri löggjöf, að nokkru leyti í sjálfri stjórnarskránni, eða þá að það eru slík grundvallarréttindi að þau eru talin felast í*

<sup>126</sup> Ræða Bjarna Benediktssonar vegna tillögu til þingsályktunar um heimild til að fullgilda MSE fyrir Íslands hönd. Alpt. 1951, D-deild, bls. 239-241

*meginreglum íslenskra laga, jafnvel þó að það sé ekki berum orðum fram tekið. Þess vegna má segja að I. kafli þessa samnings sé hér á landi engin nýjung því þar eru talin upp þau réttindi sem borgararnir þegar hafa notið og talin eru sjálfsagður þáttur í verndun íslenskra borgara gegn ofurvaldi ríkisins eða ásælni af annarra hálfu“.*<sup>127</sup> Þessi skilningur ráðherrans á innleiðingu sáttmálans gefur til kynna að íslensk löggjöf hafi á þessum tíma í einu og öllu samræmst MSE.<sup>128</sup>

Eins og rakið er hér frammar í ritgerðinni vann Þorgeir Þorgeirsson rithöfundur árið 1992 mál gegn íslenska ríkinu þar sem hann taldi á tjáningarfrelsi sínu brotið samkvæmt 10. gr. MSE. Í framhaldi af máli Þorgeirs var sáttmállinn lögfestur á Íslandi árið 1994.<sup>129</sup>

Í greinargerð með frumvarpi til laga um MSE komu fram hugleiðingar um hver staða MSE yrði hér á landi gagnvart íslenskri löggjöf. Þau sjónarmið voru sett fram að hægt væri að fara þá leið að taka upp ákvæði MSE sem yrði hluti af stjórnarskrá eða jafnsett stjórnskipunarlögum. Þetta þýddi að almenn lög, bæði yngri og eldri yrðu að víkja fyrir ákvæðum MSE. Svo var hitt sjónarmiðið að ákvæði MSE yrðu gerð að almennum lögum. Þýddi það að eldri lög sem myndu stangast á við MSE yrðu að víkja en yngri lög væru rétthærri. Einnig var því velt upp að það væri ef til vill æskilegt að ákvæði MSE myndu að endingu fá stöðu stjórnskipunarлага en það væri ekki hægt að gefa sér að þó ákvæði MSE fengju stöðu almennra laga þá gætu yngri lög vikið ákvæðum MSE úr vegi.<sup>130</sup> Það var skýrt tekið fram í 2. gr. laga nr 62/1994 að úrlausnir mannréttindanefndar Evrópu, MDE og ráðherranefndar væru ekki bindandi að íslenskum landsrétti.

Þau ríki sem eru aðilar að MSE skuldbinda sig til að haga sinni löggjöf, stjórn- og dómsýslu þannig að réttindi MSE séu að fullu virt. Það er gert ráð fyrir því að markmiðum sáttmálans sé náð, þrátt fyrir að MSE sé ekki löggiltur enda er skyldunum beint að ríkjunum sjálfum. Hverju ríki er því í sjálfvald sett hvernig það fullnægir skyldum sáttmálans. Ríkin hafa einnig skuldbundið sig að þjóðarrétti til að hlíta dómum MDE.<sup>131</sup>

<sup>127</sup> <http://www.althingi.is/alttext/116/s/1160.html> sótt 2.11. 2013

<sup>128</sup> <http://www.bjorn.is/greinar/nr/2553> sótt 16.10.2013

<sup>129</sup> <http://www.bjorn.is/greinar/nr/2553> sótt 16.10.2013

<sup>130</sup> <http://www.althingi.is/alttext/116/s/1160.html> sótt 10.10.2013

<sup>131</sup> Mannréttindasáttmáli Evrópu, Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt, „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“. Davíð Þór Björgvinsson 33-34

MSE er „lifandi plagg“ en með því er átt við að það skuli skoða orðalag ákvæða MSE og meta í hvert sinn hvernig aðstæður eru í hverju máli fyrir sig og ákvæðin túlkuð í samræmi við framangreint. Þrátt fyrir þetta þá geta dómara MDE ekki túlkað ákvæði MSE eftir geðþótta.<sup>132</sup>

Frá fullgildingu sáttmálans árið 1953 hér á landi hefur MSE verið hafður til hliðsjónar þegar skýra átti íslensk lagaákvæði. En frá þeim tíma sáu íslenskir ráðamenn að íslensk lagaákvæði innihéldu ekki þau réttindi sem MSE innihélt. Þrátt fyrir að þáverandi dómsmálaráðherra héldi því fram að ekki væri verið að bæta neinu við íslenska löggjöf, jafnvel hafi það verið ráðandi skoðun þá töldu ýmsir fræðimenn að lögfesting sáttmálans á sviði mannréttinda myndi þýða aukna vernd og réttroýggi, mun meira en íslendingar höfðu áður fengið með íslenskum lagaákvæðum. MSE hafði á stundum ítarlegri ákvæði um mannréttindavernd og stundum óljóst réttindi sem ekki var mælt fyrir um í íslenskum lögum.<sup>133</sup> Dæmi um þetta kemur fram í greinagerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 62/1994 um Mannréttinasáttmála Evrópu. Segir þar að í sumum greinum MSE sé að finna ítarlegri ákvæði en í íslenskri löggjöf og dæmi um það sé 10. gr. MSE um verndum mannréttinda og mannfrelsis. Þetta ákvæði MSE taki til tjáningarfrelsis almennt, á meðan 72. gr. íslensku stjórnarskrárinnar taki einvörðungu til prentfrelsis. Á þeim tíma sem umræður um lögfestingu MSE voru hér á landi, var litið svo á að lögfesting MSE yrði til þess að fylla upp í eyður í íslenskri löggjöf.<sup>134</sup>

Staða ákvæða MSE í íslenskum lögum er jafnsett almennum lögum samkvæmt almennum lögskýringareglum. En líta verður til þess að gerðar voru breytingar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 og var þá litið sérstaklega til MSE og innihalds ákvæða hans.<sup>135</sup>

Af framangreindu má ráða að ráðamenn á Íslandi töldu að íslenska stjórnarskráin innihéldi þau réttindi sem MSE innihélt. Annað kom á daginn, dómur MDE hafa sýnt okkur gegnum árin að þrátt fyrir að við Íslendingar séum með sáttmálann lögleiddan þá virðist svo vera að ef mál eru kærð til MDE samanber málin frá sumrinu 2012 sem er aðalefni þessarar ritgerðar að meginreglur þær sem búa að baki 10. gr. MSE sé ekki farið eftir hér á landi þrátt fyrir að við séum með dómafordæmi sem auðveldlega er hægt að styðjast við í málum sem snúa að tjáningarfrelsinu. Það er einnig svo að MDE sýnir með niðurstöðum dóma sinna svo ekki

<sup>132</sup> Bjorn.is <http://www.bjorn.is/greinar/nr/2553> sótt 16.10.2013

<sup>133</sup> Alþt. 1994, A-deild, þskj. 389, 2079- 2080

<sup>134</sup> Althingi.is <http://www.althingi.is/alttext/116/s/1160.html> sótt 2.11.2013

<sup>135</sup> Sjá nr. 132 að ofan 66

verði um deilt að íslenskir dómstólar virðast ekki fara eftir þeirri aðferðarfræði sem MDE notast við í dómum sínum.

## 12. Skoðanir fræðimanna

Páll Sigurðsson, prófessor, telur tjáningarfrelsi mikilvægt þar sem það stuðli að því að fólk segi sannleikann sem síðan leiði til færri ranghugmynda í samfélaginu. Opinber umræða og upplýsingaflæði sé forsenda lýðræðis og virkt lýðræði og tjáningarfrelsi eigi saman. Til þess að einstaklingar fái að vaxa og dafna í samfélögum manna, þurfi þeir að geta tjáð sig óheft og taki þannig þátt í samfélaginu.<sup>136</sup>

Gunnar G. Schram, lýsir skoðun sinni um tjáningarfrelsisvernd stjórnarskrárinnar þannig að hann telur að tjáningarfrelsið sé einn af hornsteinum hvers lýðræðisríkis. Gunnar leggur áherslu á hvað það er mikilvægt að hafa óheft tjáningarfrelsi vegna umræðu um stjórnsmál úti í þjóðfélaginu og segir það dýrmæt réttindi fyrir hvern og einn einstakling að hafa tjáningarfrelsið.<sup>137</sup>

Hörður Einarssonar, telur að sú vernd sem tjáningarfrelsið veiti, geti verið á kostnað annarra réttinda. Réttlæting á því sé sú staðreynd að tjáningarfrelsið er grundvöllur þess að hafa lýðræðislegt ríki og í raun sé tjáningarfrelsið forsenda þess að önnur mannréttindi fái notið sín til fulls.<sup>138</sup>

Jakob R. Möller hæstaréttarlögmaður lýsir skoðun sinni á tjáningarfrelsinu í grein sem birtist í Tímariti lögfræðinga. Jakob telur að undirstaða lýðræðisþjóðfélags séu frjáls skoðanaskipti. Allar ákvarðanir beri að taka á grundvelli upplýstrar umræðu. Almennur verði að fá að hafa skoðanir og öllum takmörkunum verði að setja þröngar skorður. Af þessu leiðir, segir Jakob að á Íslandi eigi að leggja mjög mikla áherslu á tjáningarfrelsi, því það sé undirstaða alls stjórnskipulagsins.<sup>139</sup>

Guðmundur Heiðar Frímannsson fjallaði um rök og forsendur fyrir tjáningarfrelsinu í grein sem birt var í Ritinu. Þar segir Guðmundur að sjálffræði sé eitt af mikilvægustu

<sup>136</sup> Páll Sigurðsson, Fjölmíðlaréttur Reykjavík (1997), 53

<sup>137</sup> Gunnar G. Schram, Stjórnskipunarréttur. Önnur útgáfa. Reykjavík (1999), 569-571.

<sup>138</sup> Sjá nr. 9 að ofan 127.

<sup>139</sup> Jakob R. Möller, „Þátttaka lögmannna í opinberum deilum um dómsmál“. Tímarit lögfræðinga (2002), 203.

hagsmunamálum hvernar persónu. Tjáningarfrelsi sé ein af mikilvægustu leiðunum til þess að ná algeru sjálfræði. Guðmundur segir eins og aðrir fræðimenn sem vitnað er í hér að framan, að tjáningarfrelsið sé forsenda lýðræðis.<sup>140</sup>

Í ítarlegri umfjöllun um tjáningarfrelsið og vernd einkalífs, „privatlíva kontra pressefrelsi“ fjallar Oluf Jörgensen, sem er sérfræðingur í fjölmiðlalögum og deildarstjóri í danska blaðamannaskólanum um tjáningarfrelsið með tilliti til danskrar refsilöggjafar og dóma MDE. Hann kemst að mörgu leyti að sömu niðurstöðu og ýmsir íslenskir fræðimenn eins og fram hefur komið í þessari ritgerð og er í anda niðurstöðu MDE í málum E og B frá sumrinu 2012. Oluf gengur út frá túlkun dóma MDE og segir að þeim mun meiri þýðingu sem mál hafi fyrir samfélagið, því meiri áherslu þurfi að leggja á tjáningarfrelsi og að þeim mun nær sem fjölmiðlaumfjöllun gengur inn á einkalíf fólks, því sterkar þurfi að huga að vernd einkalífsins. Oluf minnir á að lykilatriði í málum sem snerta tjáningarfrelsið, sé að frelsi fjölmiðla til fjölmiðlaumfjöllunar sé sú, að umfjöllunin verði að miðast við að styrkja alla upplýsingagjöf. Aðeins þannig geti þörf umræða átt sér stað í samfélaginu um samfélagsmálefni. Tjáningarfrelsi fjölmiðlanna megi hins vegar ekki nýta til að setja lagastimpil yfir ósannindi til þess að blekkja eða fullnægja hnýsnihvötum fólks um málefni sem teljast einkamál.

Þess vegna á það við um efni sem hefur mikil áhrif á samfélagið að það er ekki hægt að vernda sem einkamálefni. Þetta gildir um einstaklinga sem eru þátttakendur í stjórn mállum, atvinnulífi, menningu, íþróttum eða öðrum þáttum mannlífsins sem eru til samfélagslegrar umfjöllunar. Fjölmiðlar eiga því rétt á að setja fram gagnrýni á gæði, lagaumgjörð, tilgang og afleiðingar þess að einstaklingar telja sig þurfa að vernda sig með ákvæðum tjáningarfrelsis. Athyglisvert er að Oluf telur einnig að hið samfélagslega mikilvægi eigi við þegar saman fara einkamálefni og samfélagslegt hlutverk og nefnir sem dæmi frændhygli (e. nepotisma). Áhugavert er einnig að hann telur ekki afgerandi hvort fólk hafi verið þekkt áður en til atburða kom sem eru til umfjöllunar, heldur hitt að samfélagslegu áhrifin vegi þyngst og þá geti dulín beiting valds verið jafnmikilvæg og það sem opinbert er.

Það er einnig athyglisvert þegar Oluf segir að frávik frá tjáningarfrelsinu sé erfiðara að meta við aðstæður þar sem viðkomandi er ekki lengur beinn þátttakandi í opinberu hlutverki í samfélaginu, en málið er samt tengt viðkomandi í hans opinbera lífi. Einkamálefni sem ekki blandast samfélagsumræðu á neinn hátt falla undir slík frávik og nefnir hann athyglisvert mál

---

<sup>140</sup> Guðmundur Heiðar Frímannsson, „Tjáningarfrelsið“ Forsendur og rökstuðningur, 88-96.



sem var Plon gegn Frakklandi<sup>141</sup>. Í málinu var tekist á um útgáfu um bók um Mitterrand, fyrrum Frakklandsforseta, nokkrum mánuðum eftir andlát hans en sjúkdómur hans hafði enga þýðingu lengur fyrir samfélagsumræðu í Frakklandi þegar bókin var til umfjöllunar og því vóg í þessu mati þyngra tillitssemi við fjölskyldu hans sem í þessu tilefni var talin falla undir einkamálefni forsetafjölskyldunnar en samfélagsleg umræða um sjúkdóm hans og andlát.<sup>142</sup> Annað dæmi sem má nefna sem er keimlíkt málinu um Mitterrand er mál sem snéri að Karólínu af Mónakó árið 2004<sup>143</sup>. Eftir því sem umræðan er fjær þjóðmálum, þá verður vernd tjáningarfrelsisins minni og svigrúm aðildarríkjanna vex

### 13. Samantekt og niðurstaða

Hvaða skyldur og réttindi hafa blaðamenn miðað við þá dóma sem hafa verið rannsakaðir. Í hverju máli sem MDE tekur fyrir, ítrekar dómstóllinn þau megin sjónarmið sem eiga við. Oft eru þetta grundvallarsjónarmið sem eru keimlík eða eins í mismunandi málum. MDE virðist horfa á málin í heild, frekar en einstök orð eða ummæli sem rituð eru í blaðagreinum. Dómstóllinn lítur til hvers efnis ummælin eða umræðan er. Hvort umræðan hafi verið í þjóðfélaginu í einhvern tíma og hvort um verulega mikilvæg samfélagsleg málefni sé að ræða. Af þeim dómum sem eru reifaðir í ritgerðinni má sjá, að eðlilegt hlutverk fjölmiðla í lýðræðislegu samfélagi er að koma á framfæri upplýsingum sem tengjast til dæmis stjórnámálum, heilbrigðisstéttum, fólki sem tekur að sér opinber störf eða störf sem eru umdeild eins og rekstur nektardansstaða og ýmsum þeim sviðum þjóðfélagsins, þar sem málefni geta átt erindi við borgara. Þó engar deilur hafi skapast um málefni, geta þau átt jafnmikið erindi við borgarana og málefni sem deilur standa um. Engu máli skiptir þó upplýsingarnar séu móðgandi eða truflandi, ef þær eiga erindi við borgarana, er það í samræmi við hlutverk blaðamanna að flytja þeim þær fréttir.

Málefni er varða stjórnámál og stjórnámálamenn og þá má sjá að í dómum MDE kemur fram að blaðamenn hafa mikið svigrúm til að fjalla á nærgöngulli hátt um stjórnámálamenn en hinn almenna borgara, en það snýr þá að framgöngu stjórnámálamanna á vettvangi starfa þeirra.

<sup>141</sup> Plon g. Frakklandi 2004-IV nr 58148/00

<http://www.google.is/url?sa=t&rct=j&q=&esrc=s&source=web&cd=1&ved=0CCYQFjAA&url=http%3A%2F%2Fwww.oas.org%2Fen%2Fiachr%2Fexpression%2Fdocs%2Fjurisprudence%2FEuropean%2FCASE%2520OF%2520%25C3%2589DITIONS%2520PLON%2520v.%2520FRANCE.doc&ei=rQ2dUvKvFaOk0QXg0IGoDg&usg=AFQjCNGWOJ TcTVPQAFKzoipZ8LLFzYHuvA&sig2=SoRr8RdJzxo7wtvk0cRiWw&bvm=bv.57155469,d.d2k>

<sup>142</sup> Oluf Jørgensen, „Privatliv kontra ressefrihed“ [2008] UfR B 273, 2.1.

<sup>143</sup> Hannover g. Þýskalandi 24. Júní 2004 <http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-61853> sótt 2.12.2013.

Vegna þeirra opinberu starfa sem stjórnámálamenn sinna, verða þeir að þola meiri gagnrýni en hinn venjulegi borgari. Fjölmiðlamönnum ber að vanda sig, fara ekki yfir ákveðin mörk varðandi persónufrelsi en það er hlutverk blaðamanns að miðla upplýsingum og hugmyndum sem eiga erindi við almenning. Það er einnig réttur fólks að fá upplýsingar, sama á hvaða sviðið mannlífsins það er.

Það er í verkahring blaðamanna að koma á framfæri skoðunum fólks, sérstaklega má nefna í því tilliti þegar í hlut eiga stjórnámálamenn. Pólitískar skoðanir manna sem sitja á þingi eiga erindi við alla, enda gefur umfjöllun um stjórnámál tilefni til umræðna sem eru þarfar í lýðræðisþjóðfélögum. Þingmenn geta alltaf komið að sínum hugmyndum þegar skoðanir þeirra hafa verið bornar á borð fyrir almenning, gefur það tilefni til lýðræðislegra skoðanaskipta.

Einnig er vert að ítreka það að ef menn í atvinnurekstri eins og rekstri súludansstaða, sem setja sig í samband við fréttamenn þar sem þeir vilja koma ákveðnum upplýsingum til almennings í gegnum þá blaðamenn og þeirra blöð, tímarit eða á annan slíkan hátt þeir verða að gera sér grein fyrir því að þeir hafa með því gefið leyfi fyrir því sjálfir að um þá verði fjallað. Þetta á við í báðum málum blaðamannanna frá sumarinu 2012, sérstaklega þó í máli Erlu Hlynsdóttur þar sem heimildarmaður hafði frumkvæði að því sjálfur að setja sig í samband við blaðamanninn og kom þannig á framfæri upplýsingum sem hann taldi sjálfur eiga erindi við almenning.

Í máli Þorgeirs Þorgeirssonar sem áður var minnst á lagði MDE á það áherslu að það væri hlutverk fjölmiðla að koma til skila upplýsingum og hugmyndum sem ættu erindi við almenning, og það væri réttur almennings að fá slíkar upplýsingar.

Ef litið er til meðalhófs þá er það takmörkun á tjáningarfrelsinu ef refsar á blaðamanni fyrir það eitt að koma á framfæri upplýsingum eða staðreyndum frá heimildarmönnum. Slíkt hamlar því að fjölmiðlar geti komið á framfæri málefnum sem eiga erindi við almenning. Ekki ætti að takmarka tjáningarfrelsið á þann hátt nema mjög ríkar ástæður liggi að baki. Ef orðspor manns vegur þyngra en það að koma upplýsingum á framfæri, gæti það verið nóg til að mega setja takmarkanir á tjáningarfrelsið.

Ef litið er til vernd heimildarmanna má sjá af dómum MDE að vernd heimildarmanna er nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Það er mikilvægt að heimildarmenn vilji upplýsa blaðamenn um málefni sem þeir telja að eigi erindi við borgarana. Gefi heimildarmenn

trúverðugar upplýsingar sem blaðamaður getur rannsakað vel og um góða heimild er að ræða leiðir það til þess að heimildirnar verði nákvæmari og áreiðanlegri en ella. Blaðamönnum ber að skýra frá efni sínu af ábyrgð og í góðri trú.

Mannorð fólks er vandað í stjórnarskrá. Ef opinberar persónur eru flæktar í málefni sem virðast ætla að enda fyrir dómstólum, getur verið að málefnið eigi erindi við almenning. Ef svo er þá eru hagsmunir almennings mjög ríkir hvað varðar upplýsingar eins og bent hefur verið á í þessari ritgerð, þá veða þeir þyngra gagnvart MDE en hagsmunir og réttur persóna til einkalífs eða að halda upplýsingum leyndum eins og fram hefur komið í nokkrum málum sem reifuð hafa verið í ritgerðinni.

Læknar gegna störfum þar sem bæði mistök í störfum, notkun á lyfjum og ýmis önnur atriði, geta haft mikil áhrif á hagsmuni borgaranna. Er því mikilvægt og eðlilegt að gagnrýni geti komið fram opinberlega á störf lækna og heilbrigðisstofnana, þar sem upplýsingar eru tæki sem fólkið getur notað til að vernda heilsu sína. Hefur MDE kveðið skýrt á um það, að geti fjölmiðlar ekki fjallað um málefni sem varðar heilsu fólks, standi þeir ekki undir nafni sem „varðhundur almennings“.

Blaðamenn þurfa að aðgreina sig vel frá texta sem byggist á upplýsingum frá heimildarmanni. Blaðamaður þarf að sýna sérstaka aðgætni ef textinn getur móðgað eða skaðað mannorð einstaklings. Aðgreining blaðamanns frá innihaldi tilvitnana er því mjög mikilvæg í þessu ljósi.

Hvað er það sem almenning varðar um og hvað er það sem almenningur hefur virkilega áhuga á, en kemur á stundum, ekkert við. Á þessu tvennu getur verið mikill munur Niðurstöður dóma frá MDE hafa allt frá fyrsta málinu sem kært var til þeirra, á hendur íslenska ríkinu, fallið með kærendum í málum sem snerta tjáningarfrelsið. Frá og með máli Þorgeirs Þorgeirssonar hefur MDE tekið þá afstöðu að verja réttinn til tjáningarfrelsis gagnvart öðrum mikilvægum hagsmunum. Þannig hefur æra og virðing fyrir opinberum starfsmönnum samkvæmt lögum orðið að víkja fyrir tjáningarfrelsinu. Lögum var breytt með aðskilnaði lögregluvalds og dómssvalds í héraði eftir mál Þorgeirs Þorgeirssonar 1992. Eftir þann dóm sáu íslensk stjórnvöld að þau yrðu að taka tillit til MSE í íslenskum rétti. Nú má halda því fram að eftir mál Bjarkar Eiðsdóttur og Erlu Hlynsdóttur sé ljóst að MDE taki hagsmuni tjáningarfrelsis blaðamanna og rétt almennings til upplýsinga fram yfir æru forsvarsmanna fyrirtækja sem standa í umdeildum atvinnurekstri.

Eins og fram hefur komið þá sagði Bjarni Benediktsson ráðherra við umræður á alþingi árið 1951 þegar MSE var fullgiltur að íslensk lagaákvæði væru í samræmi við ákvæði MSE á þeim tíma. Ekki væri því um ný réttindi að ræða fyrir íslenska borgara heldur væri engu við að bæta við þau réttindi sem fyrir væru. Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu var MSE hafður til hliðsjónar við skýringu hjá dómstólum þegar þeir túlkuðu íslensk lög. Við lögfestingu sáttmálans hafði þessi skoðun breyst þar sem talið var að íslensk löggjöf tryggði ekki nægilega öll þau réttindi sem sáttmálinn gerði, samanber 10. gr. MSE. Réttaröryggi einstaklinga og almenn réttarvernd átti að styrkjast með fullgildingar sáttmálans.

Af fræðilegum skrifum, dómum, 10. gr. MSE og 73. gr. stjórnarskrárinnar, má ráða að hugtakið lýðræði er algert grundvallarhugtak. Það er varla að finna dóm eða fræðitexta um tjáningarfrelsið, nema þar sé í sömu andrá rætt um lýðræði. Tjáningarfrelsið er ein af mikilvægustu stöðum þjóðfélagsins ef það á að kallast lýðræðislegt þjóðfélag.

Í máli Bjarkar Eiðdóttur má sjá að í niðurstöðum héraðsdóms virðist komist einna næst þeirri niðurstöðu sem MDE komst að í máli hennar fyrir dómstólnum miðað við önnur íslensk mál sem kærð hafa verið til MDE. Kemur þar fram að sú sem lét umrædd ummæli falla átti að bera ábyrgð á orðum sínum. Það var ekki hægt að gera hana ábyrga fyrir dómstólum þar sem stefnandi í málinu hafði fallið frá kröfugerð gegn henni. Af þessu leiddi að B gat ekki verið gerð ábyrg fyrir umræddum ummælum. Í niðurstöðu héraðsdóms sagði einnig að B hefði ekki farið út fyrir stjórnarskrárbundinn rétt sinn varðandi tjáningarfrelsið. B var sýknuð fyrir héraðsdómi vegna framangreindra raka.

Vert er að gefa því gaum að það eru líkur til að MDE taki fyrir að minnsta kosti tvö mál frá kærendum á árinu 2014 þar sem kærundur telja að íslenska ríkið hafi brotið gegn 10. gr. MSE um tjáningarfrelsið. Það er mikilvægt að horfa á fjölda mála sem berast MDE frá Íslandi á hverju ári og það hversu fámenn íslenska þjóðin er. Hitt er að ef við berum okkur saman við þær Evrópuþjóðir sem við viljum oft bera okkur saman við þá kemur í ljós að miðað við höfðatölu þá erum við með ansi mörg mál sem blaðamenn kæra til MDE ef við horfum til dæmis til Danmörku og Bretlands. Þar sem lýðræði og tjáningarfrelsi eru nánast samofin hugtök og um er að ræða mannréttindi þá skýtur það skökku við að frá Íslandi berist jafn margar kærur til MDE og raun ber vitni.

Athyglisvert er að sjá hve ríkar kröfur MDE gerir til stjórnvalda í aðildarlöndum sáttmálans, þegar kemur að því að meta hvort afskipti ríkisins hafi verið studd viðeigandi og fullnægjandi

rökum og hvort ráðstafanir hafi verið „ hóflegar í ljósi þess markmiðs sem stefnt var að“ „Ætíð skal hafa í huga að skoða heildarmyndina, skoða hin kærðu afskipti í ljósi málsins í heild sinni, þar á meðal kæruefnið sem málið snýst um. Það var einmitt í þessari heildarmynd sem MDE dróg í efa að rökstuðningur ríkisins væri fullnægjandi í máli Bjarkar Eiðsdóttur gegn Íslandi. MDE sagði að þar sem kærandi gæti ekki fært frekari sönnur á umrædd ummæli og væri því gerð ábyrg fyrir þeim, þá jafngilti það því að svipta hana rétti sínum sem einstaklingur og fréttamaður sem hefði það hlutverk að miðla upplýsingum áfram sem ættu erindi við almenning. Fyrir íslenskum dómstólum var ekki tekið tillit til staðreynda í málinu en það var umhugsunarefni að mati MDE þar sem ljóst þótti að málefnið væri brýnt samfélagsmálefni, ætti sér stoð í raunveruleikanum og átti erindi við almenning. Af framangreindu mætti sjá að kærandi til MDE hefði haft fyrir því að sannreyna hvort umfjöllun hennar væri sannleikanum samkvæm. Hér væru því íslenskir dómstólar að svipta blaðamanninn tjáningarfrelsi sínu og því hlutverki sem hann hefði til að koma til skila mikilvægum upplýsingum til almennings. Ekki er hægt að líta fram hjá þeirri augljósu gagnrýni sem skín í gegn, þegar MDE fer yfir mat Hæstaréttar Íslands að því er tekur til varnar almannahagsmuna. MDE telur að enginn ágreiningur virðist ríkja um að grein Bjarkar Eiðsdóttur varði almannahagsmuni, en fyrir Hæstarétti Íslands hafi þetta sjónarmið ekki haft nokkurt vægi, hvað þá að það hafi verið talið skipta máli varðandi mat réttarins.

Eftir rannsókn og skoðun á þeim meginreglum sem MDE fer eftir varðandi tjáningarfrelsið, sem koma fram í málum íslensku blaðamanna frá sumarinu 2012 hjá MDE og einnig ítarlega skoðun á meginreglum MDE sem koma fram í hinum ýmsu málum frá MDE má sjá að það eru skýrar meginreglur lagðar í hverju máli. Alltaf er stuðst við sömu grundvallarsjónarmið og því fleiri dómur sem skoðaðir eru því greinilegra verður að MDE er með skýrar grundvallarreglur sem hægt er að fara eftir. Íslenskir dómstólar virðast ekki fara eftir þessum meginreglum MDE eða dómafordæmum frá MDE þar sem íslenskir dómstólar fá aðra niðurstöðu í mál sín. Eins og kemur fram í ritgerðinni þá fann greinarhöfundur í það minnsta 3 mál sem hefur verið vísað til MDE á þessu ári. Vegna tveggja þeirra er dómstólinn búinn að biðja íslenska ríkið um greinargerð og rökstuðning í málunum. Niðurstaða í þau mál líta líklega dagsins ljós á næsta ári. Ljóst er að íslenska dómskerfið ætti að taka það til gaumgæfulegrar skoðunar af hverju þessi rétt rúmlega 300.000 manna þjóð er að senda kærur vegna 10. gr. MSE um meint brot á tjáningarfrelsinu og það nokkur mál á ári til MDE. Meðan miklu stærri þjóðfélög sem við berum okkur gjarnan saman við virðast ekki senda nein eða allavega færri mál en Íslendingar vegna meints brots á 10. gr. MSE. Þetta er virkilega

umhugsunarvert enda snýst tjáningarfrelsið um lýðræði eins og svo oft hefur komið fram í þessari ritgerð.

En hver er þá skýringin á því, þegar fjölmörg dómafordæmi liggja fyrir um sambærileg eða svipuð mál sem snúast um tjáningarfrelsi blaðamanna og beinlínis kröfu til þeirra um að koma aðkallandi og mikilvægum málum á framfæri við almenning. MDE féllst ekki á þær dómsniðurstöður íslensku dómstólanna að það hafi verið sýnt fram á með nægilega skýrum hætti að skerðing á tjáningarfrelsinu hafi verið nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Eins og hefur komið fram í þessari ritgerð þá eru niðurstöður íslensku dómstólanna frá árinu 2012 ekki sambærilegar dómsniðurstöðum MDE en þó eru málin oft á tíðum keimlík og má nefna Jersild málið í því tilefni.

Má líta svo á að í þessum tveimur mikilvægu málum íslensku blaðamanna frá sumrinu 2012 hafi dómstólum hér á landi mistekist þar sem þeir hafi ekki tekið tillit til þeirra skilyrða sem sett eru fyrir skerðingu á tjáningarfrelsinu? Þetta er meðal annars skoðun Ragnars Aðalsteinssonar<sup>144</sup> sem taldi að íslenskum dómstólum hefði í þessum málum tveimur frá sumrinu 2012 „*ekki tekist að beita þeirri aðferðafræði, þeim aðferðum sem ætlast er til að notaðar séu samkvæmd MDE. Einkum og sér í lagi hefur íslenska dómstólnum mistekist að skoða skilyrði fyrir skerðingu á tjáningarfrelsinu, að það sé nauðsynlegt í lýðræðisríki*“.

Ekki verður fullyrt um það hvort sú skoðun Ragnars Aðalsteinssonar um mistök íslenskra dómstóla sé réttmæt eður ei. Það er erfitt að líta fram hjá þeirri skoðun sama fræðimanns, sem hélt því fram á 50 ára afmæli Mannréttindasáttmála Evrópu, að lögfesting sáttmálans hefði augljóslega þau áhrif á dómstóla, ekki síst Hæstarétt, að við túlkun mannréttindaákvæða í stjórnarskrá væri fullt tillit tekið til ákvæða mannréttindasáttmálans. Ákvæði hans hefðu því nú stöðu sem nálgast stöðu stjórnarskrárákvæða í réttarskipaninni.

Ljóst er að niðurstöður Hæstaréttar Íslands í málum Bjarkar Eiðsdóttur og Erlu Hlynisdóttur, byggjast einmitt að hluta á því að rétturinn notar ekki að öllu leyti sömu viðmið og aðferðir og MDE hefur tileinkað sér. Þessi aðferð felst í því eins og lýst hefur verið í ritgerðinni hér að framan að kanna, fullgildar lagaheimildir, lögmætt markmið og nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi. Þá ber, eins og fram hefur komið, íslenskum dómstólum að fara að dómafordæmi MDE. Í málum Bjarkar og Erlu var hvorki farið fyllilega að meginaðferðafræði dómstólsins né fylgt dómafordæmi í sambærilegum málum sem dæmd höfðu verið. Þrátt fyrir mörg

---

<sup>144</sup> <http://www.ruv.is/frett/islenskum-domstolum-hefur-mistekist> sótt 4.11.2013

dómafordæmi frá MDE og skýrar meginreglur um tjáningarreisið. Hvað veldur verður ekki fullyrt hér.

## Heimildaskrá

Afmælisrit Gizur Bergsteinsson níræður 18 apríl 1992, „Meðalhófsreglan í stjórnskipunarrétti og stjórnsýslurétti“ Sleipnir (Reykjavík 1992).

Arai-Takahashi, Yutaka, The Margin of Appreciation doctrine and the Principle of Proportionality in the Jurisprudence of the ECHR, Intersentia. (Antwerpen 2002).

Björg Thorarensen, Stjórnskipunarréttur Mannréttindi „Sérstakt hlutverk fjölmiðla og málefni sem varða almenning“ og „Friðhelgi einkalífsins og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“ (CODEX 2008).

Björg Thorarensen, „Áhrif Mannréttindasáttmála Evrópu á vernd tjáningarfrelsisins að íslenskum rétti“ Tímarit lögfræðinga. 4. hefti. 53 árg. (Lögfræðingafélag Íslands 2003).

Björg Thorarensen ofl., „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt“. (Mannréttindastofnun Háskóla Íslands 2005).

Convention on human Rights, „The case-law relating to freedom and expression“ Council of Europe publishing, Strasbourg.

Costigan, R., „Protection of journalists‘ sources“ (Public law 2007).

Denis McQuail: McQuail‘ s Mass Communication Theory, 5. útgáfa, (London 2005).

Gaukur Jörundsson, „Meðalhófsreglan í stjórnskipunarrétti og stjórnsýslurétti“. Afmælisrit

Guðmundur Heiðar Frímannsson, „Tjáningarfrelsið“ Forsendur og rökstuðningur.

Gizur Bergsteinsson níræður 18. apríl 225 (Reykjavík 1992).

Páll Þórhallsson, „Tjáningarfrelsi“ Mannréttindasáttmáli Evrópu, Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt (Reykjavík 2005).

Gunnar G. Schram, Stjórnskipunarréttur (Reykjavík 1999).

Hörður Einarsson, Tjáningarfrelsi og fjölmiðlar „tjáningarfrelsi og hlutverk fjölmiðla“ Sérstakt í umræðum um almenn málefni. Afmælisrit Davíðs Oddsonar fimmtugur, 17. janúar 1998. (Reykjaprent ehf. 1997).

Jakob R. Möller, „Þátttaka lögmannna í opinberum deilum um dómsmál“. Tímarit lögfræðinga (Reykjavík 2002).

Jørgensen O, „Privatliv kontra ressefrihed“ (2008) UfR B 273.

Páll Sigurðsson, Fjölmiðlaréttur (Reykjavík 1997).

Pedersen, Jan Timmermann, Proportionalitetsprincippet. (Kaupmannahöfn 2000).  
Freedom of expression in Europe, Case law concerning Article 10 of the European



Mannréttindasáttmáli Evrópu, Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt, „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“. Davíð Þór Björgvinsson & „Tjáningarfrelsið“, Páll Þórhallsson, mannréttindastofun Háskóla Íslands. (Háskólaútgáfan Gutenberg 2005).

Ruth Costigan, Protection of journalis‘ sources“, (2007. Public law)

## Netheimildir

althingi.is <http://www.althingi.is/altext/118/s/0389.html>

althingi.is <http://www.althingi.is/lagas/127b/1979010.2c3.html>

althingi.is <http://www.althingi.is/altext/116/s/1160.html>

bjorn.is <http://www.bjorn.is/greinar/nr/2553>

<http://www.bjorn.is/greinar/nr/2553>

coe.int

<<http://www.echr.coe.int/ECHR/EN/Header/The+Court/Introduction/Information+documents/>

althingi.is <http://www.althingi.is/altext/139/s/0215.html> sótt 2.2. – 27.02 2013

<http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/eftirlitsstofnanir/erlendar-stofnanir/stofnanir-evropuradsins/>

Bladet Tromso and Stensaas g. Norway

<http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-58369>

Castell g. Spain <http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-57772>

Feldek g. Slóvakíu <http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-59588>

Fressoz og Roire g. Frakklandi <http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-57891>

Goodwin g. Bretlandi <http://hudoc.echr.coe.int/sites/fra/pages/search.aspx?i=001-57974>

Handyside g. United Kingdom <http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-57499>

Hannover g. Þýskalandi <http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-61853>

Perna g. Italy [http://hudoc.echr.coe.int/sites/fra/pages/search.aspx?i=001-61075#{"itemid":\["001-61075"\]}](http://hudoc.echr.coe.int/sites/fra/pages/search.aspx?i=001-61075#{)

Plon g. Frakklandi

<http://www.google.is/url?sa=t&rct=j&q=&esrc=s&source=web&cd=1&ved=0CCYQFjAA&url=http%3A%2F%2Fwww.oas.org%2Fen%2Fiachr%2Fexpression%2Fdocs%2Fjurisprudence%2Feuropean%2FCASE%2520OF%2520%25C3%2589DITIONS%2520PLON%2520v.%2520FRANCE.doc&ei=rQ2dUvKvFaOk0QXg0IGoDg&usg=AFQjCNGWOJTcTVPQAFKzoiPZ8LLFzYHuvA&sig2=SoRr8RdJzxo7wtvk0cRiWw&bvm=bv.57155469,d.d2k>

Selistö g. Finnland <http://www.5rb.com/docs/Selisto-v-Finland%20ECHR%2016%20Nov%202004.pdf>

Sunday Times (No. 1) g. the United Kingdom,  
<http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-57584>

Soering g. Bretlandi <http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-57619>

Thoma g. Luxembourg [http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-59363#{"itemid":\["001-59363"\]}](http://hudoc.echr.coe.int/sites/eng/pages/search.aspx?i=001-59363#{)

[http://echr.coe.int/Documents/Annual\\_report\\_2010\\_ENG.pdf](http://echr.coe.int/Documents/Annual_report_2010_ENG.pdf)

[http://echr.coe.int/Documents/Annual\\_report\\_2011\\_ENG.pdf](http://echr.coe.int/Documents/Annual_report_2011_ENG.pdf)

[http://echr.coe.int/Documents/Stats\\_violation\\_2012\\_ENG.pdf](http://echr.coe.int/Documents/Stats_violation_2012_ENG.pdf)

Ruv.is [http://www.ruv.is/files/skjol/graphique\\_violation\\_en.pdf](http://www.ruv.is/files/skjol/graphique_violation_en.pdf)

visir.is <http://www.visir.is/svavar-halldorsson-kaerir-islenska-rikid/article/2013130619045>

Press.is – sjá fylgiskjal

## **Fylgiskjöl**

Siðareglur Blaðamannafélags Íslands

# Siðareglur Blaðamannafélags Íslands

## 1. grein

Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starfi blaðamanns eða skert hagsmuni stéttarinnar. Blaðamaður skal jafnan sýna drengskap í skiptum sínum við starfsfélaga.

## 2. grein

Blaðamanni er ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann skrifar. Hann hefur í huga að almennt er litið á hann sem blaðamann þó að hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs, í riti eða ræðu. Blaðamaður virðir nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína.

## 3. grein

Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.

## 4. grein

Það telst mjög alvarlegt brot þiggi blaðamaður mútur eða hafi í hótunum vegna birtingar efnis. Blaðamenn skulu hafa ríkt í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafnbirtingar. Í frásögnum af dómsög refsímálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

## 5. grein

Blaðamaður varast að lenda í hagsmunaágreiningi, til dæmis með því að flytja fréttir eða frásagnir af fyrirtækjum eða hagsmunasamtökum þar sem hann á sjálfur aðild. Hann skal fyrst og síðast gæta hagsmuna lesenda og sóma blaðamannastéttarinnar í hverju því sem hann tekur sér fyrir hendur í nafni starfs síns. Blaðamaður hefur í skrifum sínum sannfæringu sína að leiðarljósi. Hann gætir þess að rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni, sem hefur augljóst upplýsinga- og fræðslugildi, og auglýsingum í myndum og/eða máli. Siðareglur þessar setja ekki hömlur á tjáningafrelsi blaðamanna sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmiðlum, til dæmis gagnrýni, þar sem persónulegar skoðanir höfundar eru í fyrirrúmi.

## 6. grein

Hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið framangreindar reglur og á hagsmuna að gæta, getur kært ætlað brot til Siðanefndar. Bí innan 2ja mánaða frá birtingu enda sé mál vegna birtingarinnar ekki rekið fyrir almennum dómstólum á sama tíma.

Áður skal hann þó leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Þó getur Siðanefnd úrskurðað um undanþágur frá leiðréttingarkröfum vegna annarra aðstæðna.

Siðanefndin tekur kærana fyrir á fundi innan viku og kveður upp rökstuddan úrskurð svo fljótt sem kostur er.

Taki Siðanefnd kærúmál til efnislegrar athugunar skal hún kanna heildarumfjöllun um málið í hinum kærða fjölmiðli. Kærða skal gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiði sínu.

Siðanefnd greinir brot í flokka eftir eðli þeirra:

- a) ámælisvert
- b) alvarlegt

c) mjög alvarlegt

Úrskurði Siðanefndar verður ekki áfrýjað. Úrskurð Siðanefndar ásamt rökstuðningi skal birta í heild í Félagstíðindum BÍ svo fljótt sem verða má. Úrskurð Siðanefndar skal senda viðkomandi fjölmiðli við fyrsta hentugleika og með ósk um birtingu ef um brot samkv. skilgreiningu b) og c) er að ræða. Þremur dögum seinna skal senda úrskurðinn öðrum fjölmiðlum.

Meginniðurstaða nefndarinnar skal birt orðrétt. Við framsetningu fréttar af úrskurðum Siðanefndar sýna blaðamenn alla þá aðgát

sem reglur þessar ætlast til. sbr. 1. og 2. grein að framan.

Nú telur stjórn BÍ að gengnum úrskurði Siðanefndar að brot sé svo alvarlegt að frekari ráðstafana sé þörf og getur hún þá borið

undir félagsfund tillögu um vítur á viðkomandi blaðamann enda sé þeirrar ætlunar getið í fundarboði.

Nú bera ummæli ekki með sér hver sé höfundur þeirra eða viðkomandi blaðamaður er utan BÍ og gengur þá úrskurður svo sem

ritstjóri og/eða ábyrgðarmaður eigi beina aðild að. Þótt enginn þessara aðila sé í BÍ getur Siðanefnd allt að einu lagt fram rökstutt

álit um kæruefni.

Samþykkt með síðustu breytingum á aðalfundi BÍ 1991